

**SKOÐUN** Gleðigangan dregur það besta fram í okkur sem samfélagi og þjóð, skrifar Heiða Helgadóttir. 20



**MENNING** Þrjár frænkur tóku höndum saman og opnuðu vefverslunina Dusted. 46



**SPORT** Blikar mæta Aktobe í Evrópukeppninni í kvöld sem er tólfti leikur liðsins á aðeins 38 dögum. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
8. ágúst 2013
184. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



## Verður ekki liðið

Starfsmenn fiskverkana í Þorlákshöfn hafa í áratugi stundað það að sturta slógi fram af bjargbrún við þorpið. Bæjarstjóri segir þetta vera skýrt lögbrot sem ekki verði liðið. 6

**Játar kynferðisbrot** Jóhannes Páll Sigurðsson játaði fyrir dómi að hafa farið inn á heimili ókunnugs fólks og brotið kynferðislega gegn konu í sturtu og sofandi unglingsstúlku. 2

**Sandgerðingar fá rukkun** Bæjaryfirvöld í Sandgerði hafa sent íbúum óvænta tugþúsunda rukkun fyrir lóðarleigu. 4

**Tóbakssala minnkar** Sala á tóbaki hefur minnkað um 10 prósent eftir hækkun tóbaksgjalds um áramót. 8




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | A | 9 |
| Akureyri | 15° | A | 4 |
| Egilsstaðir | 14° | SA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | SA | 11 |
| Reykjavík | 12° | SA | 13 |

**RIGNING** Í dag verða suðaustan 10-18 m/s og rigning S- og V-lands, en hægari og skýjað með köflum NA-til. Hiti 10-17 stig, mildast N-lands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Stöð 2 | Fólk**




# Milljarðastyrkir settir í salt

ESB segir að ekki verði samið um frekari IPA-styrki eftir að hlé var gert á aðildarviðræðum. Fyrirhugaðir styrkir voru að upphæð 3,5 milljarðar króna fyrir árin 2012 og 2013 en stjórnvöld ætla að kosta sum verkefnanna sjálf.

**EVRÓPUMÁL** Ekki verða undirritaðir fleiri samningar um styrki frá ESB vegna svokallaðra IPA-verkefna. Áætlanir gerðu ráð fyrir að 3,5 milljörðum króna yrði varið í verkefni hér á landi vegna áranna 2012 og 2013.

Núverandi stjórnvöld gerðu formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands við ESB, og samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur stjórnvöldum borist svar frá framkvæmdastjórn ESB þar sem áréttað er að skilyrði fyrir IPA-aðstoð sé að viðtökulandið stefni að inngöngu.

„Það sem liggur fyrir er að framkvæmdastjórnin ætlar ekki að setja af stað fleiri verkefni,“ segir Kristján Andri Stefánsson sendiherra í samtali við Fréttablaðið, en hann er landstengiliður fyrir Ísland varðandi málefni tengd IPA. „En við höldum hins vegar áfram að ræða við sambandið um þau verkefni sem hafin eru.“

Þau verkefni sem byrjað er á eru þau sem voru á fyrstu landsáætlun af þremur og nema um 1,8 milljörðum króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu viðræðurnar við ESB um framhald þeirra fara fram í seinni hluta næsta mánaðar. Verkefnin sem ekki verður samið um voru á landsáætlun fyrir 2012 og 2013.

Þar eru meðal annars verkefni tengd þýðingum, uppbygginu stjórnsýslunnar og innleiðingu tilskipana ESB. Hins vegar er þar líka að finna styrki til verkefna vegna byggða- og atvinnuþróunar að upphæð allt að 1,3 milljörðum króna.

Umsóknarferli fyrir þá styrki var hafið áður en hlé var gert á aðildarviðræðunum og höfðu fjölmargir aðilar, samtök og stofnanir, lagt mikla vinnu í undirbúning og skipulag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lágu fyrir lokadrög varðandi þau verkefni sem átti að styrkja, en þar á meðal var Matís með verkefni upp á 160 milljónir, Nýsköpunarmiðstöðin með verkefni upp á 377 milljónir, auk ýmissa verkefna í tengslum við atvinnuuppbyggingu, sem áttu von á styrkjum að upphæð 550 milljónir króna.

Stjórnvöld munu þó hafa í hyggju að bera kostnaðinn af því að hefja framkvæmd sumra verkefnanna. Sérstaklega tilraunaverkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar, sem gætu annars fallið um sjálf sig. - þj

### Hvað eru IPA-styrkir?

- IPA (Instrument for Pre-Accession Assistance) er samheiti yfir fjölþætta aðstoð sem ESB veitir umsóknarríkjum til að undirbúa aðild. Heildarstuðningurinn sem Íslandi stóð til boða nam um 40 milljónum evra sem jafngildir um 6,2 milljörðum króna. 5,2 milljarðar voru á svokallaðri landsáætlun sem var skipt á árin 2011, 2012 og 2013.

*Heimild: Utanríkisráðuneytið*

- Verkefni ársins 2011 voru umsamin að upphæð 1,8 milljarðar króna og flest hafin. Ekki stendur til að hætta við þau, en viðræður um að ljúka þeim fara fram í næsta mánuði. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að ESB muni krefjast endurgreiðslu á þeirri upphæð, jafnvel þótt hætt verði alfarið við aðildarumsókn Íslands.



**GLEÐI OG GLAMÚR** Ellefu þáttakendur kepptu um titilinn draggdrottning Íslands 2013 í Hörpu í gær FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Árekstur varð við Þingborg:

## Ökumaður lést eftir bílslys

**SLYS** Banaslys varð á Suðurlandsvegi skammt frá Þingborg á sjötta tímanum í gær þegar sendibifreið rakst á vörubifreið sem kom úr gagnstæðri átt.

Ökumaður sendibifreiðarinnar var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík og úrskurðaður látinn skömmu eftir komuna þangað. Ökumaður vörubifreiðarinnar var fluttur á sjúkrahús á Selfossi og er ekki alvarlega slasaður.

Suðurlandsvegi var lokað í nokkra tíma vegna þessa. Þurfti að fjarlægja vörubílinn af veginum og reyndist það tímafrekt.

Ekki er vitað um tildrög slyssins. Lögregla biður hugsanleg vitni, sem hún hitti ekki á vettvangi, að hafa samband við lögregluna í Árnessýslu. -nej






Fjöldi fólks kom saman til að minnast mannanna sem létust í flugslysinu:

## Einstaklega mikill samhugur

**SLYS** Rúmlega tvö hundruð manns komu saman í Glerárkirkju í gærkvöldi, en þar var haldin helgistund vegna mannanna sem létust í flugslysinu á Akureyri á mánudaginn.

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur í Glerárkirkju, leiddi athöfnina og Eyþór Ingi Jónsson, organisti í Akureyrarkirkju, flutti tónlist. „Þetta var góð stund. Það er einstaklega mikil samstaða hér í bænum og fjöldi fólks kom hér saman til að sýna samhug,“ segir Arna. Margir fjölskyldumeðlimir og ástvinir þeirra látnu voru á staðnum.

Sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum voru til staðar í kirkjunni, en tugir sjálfboðaliða hafa boðið fólki áfallahjálp og andlegan stuðning síðan slysið átti sér stað. Arna segir marga hafa þegið aðstoð eftir athöfnina í Glerárkirkju í gær.

Öll ummerki um slysið hafa verið hreinsuð en flak vélarinnar var flutt til Reykjavíkur á þriðjudaginn. Það er nú til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa. Flugmaðurinn sem lifði flugslysið ef er talsvert slasaður og er á gjörgæslu á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Talið er nær kraftaverki líkast að maðurinn hafi lifað slysið af. - þþo







## SPURNING DAGSINS



Lára, ætlar þú að stikla um föðurlandið?

**„Já, og á föðurlandinu.“**
Lára Ómarsdóttir vinnur að þáttunum Ferðastiklur með karli föður sínum, Ómari Ragnarssyni.

Friðrik Brynjar Friðriksson hefur verið ákærður fyrir morðið á Karli Jónssyni:

# Grunaður morðingi neitar sök

**DÓMSMÁL** Friðrik Brynjar Friðriksson, 25 ára, neitaði því fyrir dómi fyrir tveimur vikum að hafa ráðið Karli Jónssyni, nágranna sínum á Egilsstöðum, bana aðfaranótt 7. maí síðastliðins.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur Friðriki 23. júlí síðastliðin og var hún þingfest í sömu viku í Héraðsdómi Suðurlands. Í ákærunni er honum gefið að sök að hafa veist að Karli á heimili hans að Blómvangi 2 „og banað honum með því að stinga hann tvisvar sinnum með hnífi í brjóstið og gengu hnífsstungurnar í hægra hjartahólf og í framhaldi stungið hann ítrekað í háls, andlit, höfuð, hægri handlegg og vinstra læri, allt með þeim afleiðingum að Karl hlaut bana af“.

Friðrik kom fyrir dóminn og neitaði sem áður segir þeim sökum sem bornar eru á hann. Aðalmeðferð mun fara fram í málinu í lok ágúst. - sh



**Á LEIÐ Í HÉRAÐSDÓM** Friðrik Brynjar hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan málið kom upp. MYND/AUSTURFRÉTT

Hættuleg aukaefni í mat:

# Lítið eftirlit

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki er hægt að skima fyrir öllum hættulegum aukaefnum í matvælum með þeim tækjakosti sem til er á landinu. Nýtt verkefni á vegum Matís gengur út á að breyta þessu þannig að reglugerðum um matvælaöryggi og neytendavernd sé fylgt. Verkefnið er knýjandi til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar í matvælalöggjöf. „Það er mjög mikilvægt að fylgjast vel með öllum matvælum sem koma til landsins,“ segir Helga Gunnlaugsdóttir, fagstjóri hjá Matís. - þþo, hþ



**SKEMMTIFERÐASKIP** Búnaður heldur skipinu stöðugu því það má ekki varpa akkerum.

Skemmtiferðaskipið Weendam er statt í Vestmannaeyjum:

# Skipið liggur óbundið í höfninni

**FERÐAÞJÓNUSTA Skemmtiferðaskipið Weendam frá Hollandi liggur nú við Nausthamarsbryggju í Vestmannaeyjum. Í reynd fékk það þó ekki leyfi til þess að varpa akkerum þar sem vatns- og rafmagnsleiðslur eru þar á svæðinu. Það kemur þó ekki að sök þar sem það er útbúið staðsetningartæki sem heldur því stöðugu á punktinum. Staðsetningartækið er tengt við tölvu sem tengd er við stjórntæki skipsins. Skipið liggur því óbundið en helst á sama stað.** - nej

Verðkönnun á vegum SÁÁ:

# Læknadópið hækkað mest

**HEILBRIGÐISMÁL** Rítalín og morfín hafa hækkað mest allra vímuefna á íslenskum fíkniefnamarkaði á síðustu tólf árum. Þetta kom fram í nýlegri verðkönnun SÁÁ. Lyf sem ætluð eru til lækninga leika sífellt stærra hlutverk á vímuefnamarkaðnum hér á landi.

Tafla af Contalgini, sem flokkast sem morfín, hefur hækkað úr 1.000 krónum í 4.000 krónur frá árinu 2000. Rítalín-taflan hefur hækkað úr 300 krónum í 1.000 á sama tíma.

Eitt gramm af marijúana kostaði 3.000 krónur til 4.000 krónur í fyrra og e-pilla, eða MDMA, hefur kostað það sama hér á landi frá aldamótum eða 3000 krónur. -bl

Vísindamenn í Ameríku:

# Búa til afbrigði af fuglaflensu

**BANDARÍKIN, AP** Vísindamenn í Bandaríkjunum sem í rannsóknarskyni sköpuðu afbrigði fuglaflensu sem smitast auðveldlega vilja hefja slíkar tilraunir á ný. Síðan veiran H7N9 braust út í Kína í Mars hefur hún dregið 43 til dauða. Vísindamenn segja rannsóknir nauðsynlegar til þess að skilja hvernig veiran getur stökkbreyst.

Bandaríkjamenn eru uggandi yfir þessum fréttum og hafa stjórnvöld lofað því að hafa rannsóknirnar undir smásjá.

„Það eru sterk rök fyrir þessum rannsóknum en það verður að vera staðið rétt að þeim. Annars ber að sleppa þeim,“ segir Anthony Fauci hjá Heilbrigðisstofnun BNA. -nej

# Laumaðist í sturtu til ókunnugrar konu

Kynferðisafbrotamaðurinn Jóhannes Páll Sigurðsson, áður Jóhann Sigurðarson, játaði fyrir dómi að hafa brotist inn á þrjú heimili, farið nakinn inn í sturtu til ókunnugrar konu og strokið handarbak 17 ára stúlku. Reyndi tvö húsbrot í viðbót.

**DÓMSMÁL** Dæmdur kynferðisafbrotamaður, Jóhannes Páll Sigurðsson, gekkst við því fyrir dómi í síðustu viku að hafa brotið sér leið inn á þrjú heimili fyrr í sumar og í tveimur tilvikum haft uppi kynferðislega tilburði við ókunnugt kvenfólk. Þá reyndi hann að brjótast inn á tvö heimili til viðbótar.

Jóhannes, sem áður hét Jóhann Sigurðarson, er 45 ára og hefur áður hlotið dóma fyrir sambærileg, en grófari, brot.

Hann var handtekinn aftur um miðjan júní vegna málanna sem nú eru komin fyrir dóm og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan. Málin sem um ræðir eru fimm talsins og áttu sér mestmegnis stað á sama sólarhringnum í júní.

Það grófasta var þegar hann braust inn á heimili til hjóna, afklæddist og fór nakinn inn í sturtu til konunnar, króaði hana af upp við vegg og nuddaði sér utan í hana. Maður hennar var þá heima. Í ákærunni er þetta talið varða við hegningarlagaákvæði um brot gegn blygðunarsemi.

Í öðru tilviki var hann kominn á rúmgaflinn hjá sautján ára unglingsstúlku og byrjaður að strjúka á henni handarbakið þegar foreldrar stúlkunnar urðu hans varir og ráku hann á dyr. Maðurinn gekkst við því að strokurnar hefðu haft kynferðislegan tilgang og var hann ákærður fyrir kynferðislega áreitni gegn stúlkunni.

Í þriðja skiptið var honum vísað út úr húsi þar sem hann var kominn snuðrandi inn í barnaherbergi, og í tvö skipti til viðbótar reyndi hann að ryðja sér leið inn á ókunnug heimili en húsráðendur, kona í öðru tilvikinu og ung stúlka í öðru, gátu haldið honum úti með því að leggjast á hurðina.

Jóhannes játaði sem áður segir öll brotin sem honum voru gefin að sök, þrjú húsbrot, tvær tilraunir til húsbrots, blygðunarsemisbrot og kynferðislega áreitni. Hann sagðist hins vegar hafa verið í annarlegu ástandi og ekkert muna eftir atvikunum.

Brotin voru framin örfáum dögum eftir að hann hafði staðist skilorð reynslulausnar fyrri dóma, sem meðal annars fól í sér að hann mætti ekki neyta áfengis.

Dómur í málinu verður kveðinn upp 13. ágúst. stigur@frettabladid.is




**JÁTAÐI ALLT** Jóhannes Páll játaði allt fyrir Héraðsdómi Reykjaness en sagðist ekki muna eftir neinu atvikanna.

## Margdæmdur fyrir alvarleg brot

Brotasaga Jóhannesar, áður Jóhanns, nær aftur til ársins 2003. Þá réðst hann á unga konu á salerni veitingahúss, lamdi höfði hennar ítrekað í vegg, reif niður um hana buxurnar og káfaði á kynfærum hennar. Hann hlaut níu mánaða dóm fyrir brotið.

Árið eftir braust hann inn í hús á Seyðisfirði og tók fjögurra ára stúlku, sem svaf í rúmi sínu, með sér út úr húsinu. Faðir stúlkunnar kom að honum fyrir utan húsið og bjargaði henni frá honum. Fyrir þetta hlaut hann tveggja ára fangelsisdóm.

Árið 2008 braust hann inn til eldri konu í Reykjavík og sleikti kynfærin á fimm ára dótturdóttur hennar sem svaf uppi í rúmi hjá ömmu sinni. Fyrir þetta hlaut hann fjögurra ára dóm.




Öryrkjar og aldraðir krefjast hærri bóta og ríkari persónuverndar í dag:

# Mótmæla við Austurvöll

**MÓTMÆLI** „Við erum að mótmæla því að það sé ekki komið fram við okkur eins og fólk,“ segir Guðmundur Ingi Kristinsson, formaður BÓTar, aðgerðarhóps um bætt samfélag.

Hann er talsmaður samstöðuhóps öryrkja og aldraðra sem stendur fyrir mótmælafundi fyrir utan Tryggingastofnun ríkisins á Laugavegi í dag á milli eitt og tvö.

„Aðalástæða fundarins er sú að fólki finnst það svo réttindalaust gagnvart TM,“ útskýrir Guðmundur. „Það má fara inn á allar bankabækur og allt. Engin persónuvernd virðast gilda um öryrkja eða þá sem eru skjólstæðingar TM.“

Þetta er ein af sjö kröfum fundarins. „Númer eitt er að stofnunin vinni með okkur og hætti að vinna gegn okkur,“ segir Guðmundur. Aðrar kröfur hópsins eru meðal annars að lífeyrir verði hækkaður ásamt persónuafslætti, hvorki þurfi að greiða skatt né útsvar af elli- og örorkulífeyri og að kjararáð starfi fyrir lífeyrisþega á sama hátt og ráðherra. Á fyrri mótmælum hópsins, sem haldinn var 1. ágúst, var verið að krefjast hærri bóta. „Það er fólk sem á ekki fyrir mat og lyfjum. Það er staðreynd, það er hringt í mig í hverri viku. Fólk er grátandi, þetta er bara skelfileg staða.“ -nej



**KREFST RÉTTINDA** Guðmundur Ingi, ásamt samstöðuhópi öryrkja og aldraða, krefst betri kjara fyrir utan TM í dag.


SKÓLADAGAR
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Nú er skólastemning í
Kringlunni. Allt sem þarf
fyrir skólann á einum stað.
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## SVONA ERUM VIÐ



**835** **ný fyrirtæki voru skráð í Reykjavík á árinu 2012.**

Fyrir tíu árum voru skráningar nýrra fyrirtækja í Reykjavík samtals 1.353.

Deildu.net hefur leyft ólöglega deilingu á íslensku myndefni sem er nú hlaðið niður án athugasemda:

# Segir myndrétthöfum stríð á hendur

**HÖFUNDARRÉTTARMÁL** Eigandi skráarskiptasíðunnar Deildu.net hefur nú leyft deilingu á íslensku myndefni. Hingað til hefur verið bannað að deila íslensku efni. „Til fjandans með Smáís, þeir geta látið sig dreyma um að loka síðunni“ skrifaði eigandinn á spjallsvæði Deildu.net í dag. Með þessu má segja að hann hafi sagt Smáís stríð á hendur. Notendum Deildu.net er nú frjálst að deila hvaða efni sem er á síðunni, nema barnaklámi. Í kjölfar yfirlýsingarinnar hafa deiliskrár með íslensku efni skotist hratt upp vinsældarlista síðunnar. Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi (Smáís), segir yfirlýsingu Deildu.net ekki koma á óvart og að það hafi ávallt hafa verið í forgangi hjá samtökunum að síðunni Deildu.net yrði lokað. „Þessi síða er búin að vera til allt of lengi,“ segir Snæbjörn og bætir því við að hún hafi fyrir löngu verið kærð til lögreglu af Smáís og öðrum. Lögregla hefur hins vegar lítið aðhafst vegna málsins og síðan er enn opin. Skömmu eftir að Deildu.net breytti skilmálum sínum hafði íslenskum kvikmyndum og -þáttum verið halað ólöglega niður í gríðarlega miklu magni.

- hva, þþo



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON**
Framkvæmdastjóri SMÁÍS segir það forgangsatriði að síðunni Deildu.net verði lokað.



**HINSTA KVEÐJA** Jóhannes Jónsson, kaupmaður og stofnandi Bónuss á Íslandi, var borinn til grafar í gær. Hallgrímskirkja var þéttsetin við útförina. Jóhannes lést þann 27. júlí eftir stutta sjúkrahúsdvöl. Á meðal kistubera voru Jón Ásgeir, sonur Jóhannesar, og Sigurður R. Sveinmarsson, sambýlismaður Kristínar, dóttur Jóhannesar. MYND/GVA

# Sandgerðingar óvænt krafðir um lóðarleigu

Sandgerðisbær hefur tekið að sér að senda stórum hluta íbúa bréf fyrir hönd landeigenda þar sem þeir eru rukkaðir um tugþúsundir í lóðarleigu á ári. Leigan hefur ekki verið innheimt árum saman. Til stendur að blása til íbúafundar um málið.

**SANDGERÐI** Fjöldi Sandgerðinga hefur undanfarna daga fengið sent bréf frá bæjaryfirvöldum þar sem þeim er tilkynnt um óvænta hækkun fasteignagjalda. Ástæðan er sú að bærinn hefur samið við landeigendur um að innheimta lóðarleigu sem ekki hefur verið rukkað fyrir í fjölda ára. Upphæðin nemur tugum þúsunda á ári.

Á sérstökum umræðuvef Sandgerðinga á Facebook lýsa margir íbúar bæjarins yfir óánægju með bréfið. Þar velta menn fyrir sér hvort þegar gerðir lóðarsamningar séu ekki enn í fullu gildi og segja jafnframt að eðlilegra hefði verið að bæjaryfirvöld tilkynntu þeim um málið með öðrum hætti en að senda þeim „innheimtubréf“. Ganga sumir svo langt að segja vinnubrögð bæjaryfirvalda „til skammar“.

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerði, segir í samtali við Fréttablaðið að landeigendurnir, félögin Garður ehf. og Fiskiðjan ehf., hafi ekki innheimt lóðarleigu um lengri tíma þótt það hefði verið fullkomlega heimilt. Fulltrúar þeirra hafi komið að máli við bæjaryfirvöld og óskað eftir samkomulagi um að bærinn sæi um innheimtuna.

Sigrún kveður sér einnig hljóðs í umræðunum á Facebook og segir þar að samkomulagið hafi verið gert með hagsmuni bæjarbúa í huga. Landeigendum hefði verið í sjálfsvald sett að rukka svo til hvað sem væri og innheimta jafnframt gjaldið fyrir síðustu fjögur ár. Bærinn hafi hins vegar séð til þess að gjaldið yrði 1,5 prósent af fasteignamati, sem er sambærilegt við það sem bærinn rukkar af eigin lóðum, og að ekki yrði rukkað aftur í tímann.



**SANDGERÐI** *Íbúar eru margir hverjir óánægðir með vinnubrögð bæjaryfirvalda og sumir segja þau „til skammar“.*

„Fólk hefur komið og hringt og fengið svör og skýringar. Það er ekkert óeðlilegt að fólk sé ekki sátt við að fá reikninga sem það hafði ekki gert ráð fyrir eða búist við. Þetta eru auðvitað viðbótarútgjöld fyrir heimili sem hingað til hafa ekki borgað lóðarleigu,“ segir Sigrún við Fréttablaðið.

Hún segir nokkuð mörg heimili hafa fengið bréf af þessu tagi, en hún hafi þó ekki töluna á reiðum höndum. Það hafi þó verið vel innan við helmingur íbúa í Sandgerði. Yfirleitt sé leigan á bilinu 20 til 40 þúsund krónur á ári.



**Það er ekkert óeðlilegt að fólk sé ekki sátt við að fá reikninga sem það hafði ekki gert ráð fyrir eða búist við.**

*Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerði*

Sumir íbúar hafa lagt til að haldinn verði íbúafundur í bænum vegna málsins. „Ég geri ráð fyrir að við munum gera það og fara þar yfir þessi landamál yfir höfuð,“ segir Sigrún.

stigur@frettabladid.is

Mokveiða makríl í Hólmavík:

## Fjörugt eins og á síldarárunum

**SJÁVARÚTVEGUR** Líklegast hefur ekki verið meira líf við Hólmavíkurhöfn frá síldarárunum segir Sigurður Marinó Þorvaldsson hafnarvörður. Ástæðan er sú að mokmakrílveiði er í Steingrímsfirði og bátar komnir í miklar torfur eftir aðeins tíu mínútna útstím.

„Ég held að það séu komin um áttatíu til níutíu tonn að landi í dag,“ segir Sigurður. Um tíma hafði hann áhyggjur af því að ekki væri einu sinni legustæði fyrir allan þá mörgu báta sem stefndu til hafnar. „Við heyrðum að von væri á einum fimmtán bátum, það er náttúrulega allt of mikið,“ segir hann. - jse

Vill losna úr sendiráðinu:

## Sérhæfir sig í afhjúpun lyga

**ÁSTRALÍA** Julian Assange vonast til þess að verða kosinn á þing í Ástralíu.

Hann er staðráðinn í að halda áfram starfi sínu fyrir Wikileaks, jafnvel þótt hann setjist á þing.

„Við þurfum að senda snarpa rannsóknarblaðamenn inn á öldungadeildina,“ er haft eftir honum á vefsíðu ástralska dagblaðsins The Age: „Fólk sem sérhæfir sig í að afhjúpa lygar og ljóstra upp um leynimakk.“

Assange gerir sér jafnframt vonir um að geta loks komist út úr sendiráðsbyggingu Ekvadors í London, verði hann kosinn til þings. - gb






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SLAGVIÐRI** Frekar óskemmtilegt veður um sunnan og vestanvert landið í dag en stendur þó ekki lengi yfir. Dregur heldur úr vindi á morgun en rigning eða skúrir í allflestum landshlutum. Yfirleitt úrkomulítið á laugardag og léttir aðeins til.




**Á morgun**
5-10 m/s.




**Laugardagur**
Hæg breytileg átt í fyrstu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Billund | 21° | Gautaborg | 21° | London | 24° | Orlando | 31° | San Francisco | 17° |
| Basel | 22° | Frankfurt | 21° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 30° | Ósló | 19° | Stokkhólmur | 21° |
| Berlín | 27° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 27° | New York | 28° | París | 24° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Götu-markaður

## 8.-11. ágúst

Enn meiri verðlækkun og frábær tilboð

Útsölulok og brjáluð götumarkaðs-stemning í Smáralind.

Opið til 21 í kvöld



Smáralind

smaralind.is Opið: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar hefur fólk gripið til þess að gefa kríunni vegna þess hve varp hennar hefur verið lítilfjörlegt í ár?
**2.** Hvað heitir auðkýfingurinn sem hefur keypt The Washington Post?
**3.** Hvaða tónlistarmaður tók upp á því að byggja sér sjálfur hús í Hvalfirði?

**SVÖR:**
**1.** Í Flatey á Breiðafirði. **2.** Jeff Bezos. **3.** Einar Tönsberg.

Jemensstjórn segir að tekist hafi að koma í veg fyrir áform al-Kaída í Jemen:

# Hugðust leggja undir sig borgir

**JEMEN, AP** Stjórnvöld í Jemen sögðust í gær hafa komið í veg fyrir áform al-Kaída samtakanna um að ná helstu borgum í suðurhluta landsins á sitt vald, ásamt því að ráðast á mikilvægar hafnir og gasleiðslur.

Rageh Badi, talsmaður stjórnarinnar, segir að al-Kaída hafi ætlað sér að ráðast á borgirnar Mukalla og Basweer, senda síðan liðsmenn sína, dulbúna sem stjórnarhermenn, til að ráðast á tvær olíuhafnir. Loks hafi átt að skemma gasleiðslur til að „skapa ótta meðal hermanna í stjórnarher Jemens og liðsmanna sérsveitanna“.

Starfsfólk sendiráða Bandaríkjanna og Bretlands hafði forðað sér úr landi vegna gruns um yfirvofandi árásir. Einnig höfðu margir ríkisborgarar þessara landa forðað sér frá Jemen, að ráðleggingu stjórnvalda. Al-Kaída eru öflugust á Arabíuskaga um þessar mundir, en annars hefur Bandaríkjaforseti sagt að þau séu ekki svipur hjá sjón lengur. - gb



**FORÐA SÉR ÚR LANDI** Starfsmenn sendiráða Bretlands og Bandaríkjanna hafa yfirgefið Jemen. NORDICPHOTOS/AFP

Færri hjá Flugfélagi Íslands:

# Flugfarþegum fækkar um 10%

**SAMGÖNGUR** Flugfarþegar innanlands eru um tíu prósentum færri hjá Flugfélagi Íslands nú í júlí miðað við mánuðinn í fyrra. Voru farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi nærri 33 þúsund.

Á sama tíma hefur gistinóttum á hótelum á landsbyggðinni fjölgað. Á Austurlandi fjölgaði þeim til að mynda um helming í júní.

Hærri skattur var lagður á flugið fyrr á árinu og einnig hafa talsmenn Flugfélags Íslands bent á að þjónustan sé ekki niðurgreidd. - nej



**BEÐIÐ VIÐ GÖTUVÍGI** Mótmælendur búa sig undir árásir frá stjórnarhernum. NORDICPHOTOS/AFP

Bráðabirgðastjórnin segir óhjákvæmilegt að grípa aðgerða:

# Búist við hörðum átökum

**EGYPTALAND, AP Stuðningsmenn Múhameds Morsí, sem flestir eru liðsmenn Bræðralags múslima, hafa hafst við á tveimur stöðum í Kaíró vikum saman, eða nánast allt frá því herinn í landinu steypti Morsí af stóli í byrjun júlí.**

**Daglegir mótmælafundir hafa verið haldnir, þar sem þess er krafist að Morsí fái aftur forsetaembættið. Hann var fyrsti forseti landsins, sem var lýðræðislega kjörinn, en ekki í náðinni hjá hernum sem áratugum saman hefur reynt að halda áhrifum Bræðralags múslima í lágmarki.**

**Föstumánuðinum ramadan er að ljúka með Eid al fitr, fjögurra daga lokahátíð sem hefst í dag. Af yfirlýsingu frá bráðabirgðastjórninni, sem herinn kom til valda, virðist mega ráða að ekki verði látið til skarar skríða fyrr en að þessari hátíð lokinni.** - gb

Þjóðfræðingar á Evrópuþingi:

# Íslendingur kjörinn forseti

**FÓLK** Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, var kjörinn forseti Evrópusamtaka þjóðfræðinga á ráðstefnu þeirra í Eistlandi fyrir skemmstu. Valdimar lauk doktorsprófi í þjóðfræði frá Berkeley-háskólanum í Kaliforníu árið 2004. Hann hefur setið í stjórn samtakanna frá 2008.

Fjöldi þjóðfræðinema við Háskóla Íslands hefur aukist um 400% á sjö árum, og eru þeir nú rúmlega 200 talsins. - þþo

Funduðu með forstjóra LSH:

# Vilja ráðningu fyrri formanns

**ATVINNUMÁL** Geislafræðingar funduðu með forstjóra Landspítalans í gær og lýstu því yfir að endurráðning formanns þeirra, Katrínar Sigurðardóttur, væri forsenda þess að þeir sneru aftur til starfa.

Páll Matthíasson, staðgengill forstjóra, segir spítalann ekki tilbúinn að blanda málefnum einstaklinga inn í kjaraviðræður. En sagði að starfsumsóknum allra geislafræðinga yrði vel tekið. - nej

# Lögbrot sem illa gengur að uppræta

Illa gengur að binda endi á áratuga hefð fyrir því að sturta slógi fram af bjargi við Þorlákshöfn. Búið er að steypa þröskuld við bjargbrúnina. Lögbrot sem ekki verður liðið segir bæjarstjóri. Allir sammála um að brýn þörf sé fyrir bræðslu á svæðinu.

**UMHVERFISMÁL** Áratuga hefð hefur skapast fyrir því að urða slóg frá að minnsta kosti tveimur fiskverkunum í Þorlákshöfn með því að sturta því fram af bjargbrún skammt við þorpið. Illa gengur að koma í veg fyrir þetta lögbrot þótt Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hafi reynt það í árafjöld og bæjaryfirvöld hafi einnig ýtt á eftir því að lausn finnist á málinu.

Gunnsteinn R. Ómarsson, nýráðinn bæjarstjóri Ölfuss, segir þetta vera skýrt lögbrot sem ekki verði látið líðast.

Birgir Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi á umhverfis- og mengunarvarnarsviði hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, segir að komið hafi verið á samstarfi við Matís og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands með það fyrir augum að nýta fiskafganginn til að framleiða áburð. Hafi það gengið með ágætum um sinn en svo fór aftur að bera á því að afgangurinn færi fyrir björg. Mikil mávamergð bíður þar máltíðar sinnar og nokkur ummerki um urðunina eru að finna á svæðinu. Hann segir urðunarmál þetta hafa beinst að fyrirtækjunum Auðbjörg og Hafnarnesi.

Ármann Einarsson, framkvæmdastjóri Auðbjargar, segir að fyrirtækið sturti ekki niður slóginu. „Við erum ekki að sturta þessu niður en ég veit ekki hvað þeir gera við þetta hjá Íslenska gámafélaginu,“ segir hann og kemur það heim og saman við málflutning Birgis.

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, segir menn þó eitthvað vera að ruglast á fyrirtækjum. „Við gerum þetta ekki og Auðbjörg er ekki í viðskiptum hjá okkur,“ segir hann. Hann segir hins vegar brýna þörf á urðunarstöð á Suðurnesjum. „Það er alveg ljóst að ef uppfylla á allar þær kröfur sem gerðar eru þá verður slík stöð að koma til. Það er ekki hægt að menn verði að keyra jafnvel hundruð kílómetra með nokkur tonn af slógi.“

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss, segir að það sé heilbrigðiseftirlitsins en ekki bæjaryfirvalda að beita valdi í þessu máli. Hins vegar sé mikilvægast að ráða fram úr vandanum og finna hagkvæma lausn þar sem engin bræðsla sé á svæðinu. Ármann segir að verið sé að vinna með slíka lausn, eins og Birgir gat um, en framkvæmd hennar hafi tekið lengri tíma en vænst hafi verið. jse@frettabladid.is



**UMDEILDUR URÐUNARSTAÐUR** Búið er að bæta aðstöðuna með því að steypa þröskuld svo auðveldara sé að sturta slóginu fram af bjarginu. MYND/GUÐMUNDUR ODDGEIRSSON



**MÁVURINN BÍÐUR** Fuglinn er ánægður með þennan urðunarmáta.




# ÚTSALA

# LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR MEÐ

# 70%

## AFSLÆTTI

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Kaupsamningar 559 talsins:

# Fleiri keyptu fasteign í júlí

**SAMFÉLAGSMÁL** Kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu í júlí fjölgaði um 18 prósent ef miðað er við sama mánuð á síðasta ári.

Kaupsamningar á höfuðborgarsvæðinu voru samtals 559 og heildarvelta nam 19,4 milljörðum króna. Það er hækkun frá árinu áður þegar heildarveltan nam 13,5 milljörðum króna. Makaskiptasamningum hefur hins vegar fækkað milli ára. Í júlí 2012 voru þeir sjö prósent af öllum samningum en í ár aðeins 2,5 prósent. - nej

Persónuvernd hefur gert Já að afmá andlit úr verkefni sínu Götusýn sem sýnir staði á Íslandi í þrívídd:

# Úrskurður Persónuverndar stoppar ekki Já

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd úrskurðaði í gær að fyrirtækið Já hf. skuli afmá andlit og bílnúmer ökutækja á myndum sem það tekur fyrir verkefni sitt, Götusýn. Verkefnið gerir það mögulegt að skoða staði í gegnum netið líkt og maður sé þar staddur.



SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR

„Upphaflegt markmið okkar var að skyggja andlit og bílnúmer þeirra sem myndu biðja um það,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já. „Við höfðum trú á því að okkar aðferðafræði væri sú sem væri best að vinna eftir.“ Hún segir að gífurlega vel hafi verið tekið í verkefnið. „Fólk hefur stillt sér upp fyrir utan húsin sín og stundum hafa starfsmenn heilu fyrirtækjanna komið út og stillt sér upp. Það hefur alls kyns sprell verið í gangi.“

Já hf. ætlar að sjálfsögðu að hlíta úrskurði Persónuverndar að sögn Sigríðar. „Nú verðum við að finna út úr því tæknilega hvort það sé ekki hægt að snúa þessu við. Það er, að fólk geti komið til okkar, sem vill láta sjá sig.“

Hún segir fyrirtækið ekki hafa útfært tæknilegu hliðina á skyggingunni. „Við að sjálfsögðu látum þetta ekki stoppa okkur í þessu verkefni.“ - nej



**ÁBERANDI** Bíll Já hf. hefur ferðast um landið í sumar og tekið þrívíddarmyndir. Hann er vel merktur með götumyndum.


# Nýsköpunarstyrkir Landsbankans

**Landsbankinn styður** góðar hugmyndir í atvinnurekstri og veitir allt að 15 milljónir króna í nýsköpunarstyrki árið 2013.

Markmið nýsköpunarstyrkja Landsbankans er að styðja við frumkvöðla með því að veita þeim tækifæri til að þróa nýja viðskiptahugmynd, eldri viðskiptahugmynd á nýju markaðssvæði eða nýja vöru eða þjónustu. Nýsköpunarstyrkjum er jafnframt ætlað að styðja við frumkvöðla til kaupa á efni, tækjum eða sérfræðiþjónustu vegna nýsköpunar eða sækja námskeið sem sannanlega byggir upp færni sem nýtist við þróun viðskiptahugmyndar.

**Styrkupphæðir**

» 500.000–2.000.000 kr. – styrkir fyrir verkefni sem eru lengra komin.
» 200.000–500.000 kr. – styrkir fyrir fyrstu skrefin.

**Umsóknarfrestur**

Umsóknarfrestur vegna nýsköpunarstyrkja er til og með **2. september 2013.** Dómnefnd er skipuð þremur fagaðilum og tveimur sérfræðingum bankans. Sótt er um styrkina rafrænt á vef bankans, landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir en afreksstyrkir eru veittir annað hvert ár.

**Nánari upplýsingar á landsbankinn.is**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000







**FÆRRI KAUPA SÍGARETTUR** Í ár hefur sala á sígarettum minnkað um 10,4 prósent frá árinu 2012 en samdrátturinn nam einungis 2,9 prósentum milli áranna 2011 og 2012.

# Sala á tóbaki dregst saman

Beint samband er á milli skattlagningar á tóbaki og neyslu þess. Sala á sígarettum hefur minnkað um 10,4% á þessu ári eftir mikla hækkun um áramót.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Skattur á tóbaki er vænlegasta leiðin til þess að draga úr neyslu tóbaks og það er greinilega samband þarna á milli,“ segir Viðar Jensson, verkefnastjóri í tóbaksvörnum hjá Embætti landlæknis.



VIÐAR JENSSON

Sala á tóbaki hefur dregist saman um ellefu prósent á árinu. Tóbaksgjald var hækkað um fimmtán prósent um áramótin og hefur það aldrei verið hækkað jafn mikið.

Sem dæmi um áhrif tóbaksgjaldsins fór gjald ríkisins á sígarettupakkann úr 365,64 krónum árið 2012 í 439,83 krónur árið 2013, sem samsvarar um sautján prósenta hækkun.

Nýjar tölur frá fjármálaráðuneytinu um greiðsluafkomu ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins sýna að tekjur af tóbaksgjaldi hafa aukist um 11,5 prósent frá því í fyrra. Hins vegar eru tekjurnar um tíu prósentum undir áætlun, sem rekja má til samdráttar í sölu.

Viðar segir að alþjóðlegar rannsóknir hafi lengi sýnt fram á að auknar álögur dragi úr neyslu og sölu á tóbaki, en samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni er aukin verðlagning á tóbak helsti áhrifavaldur þess að neysla á tóbaki dragist saman.

„Þetta er afar ánægjuleg þróun en aukinn samdráttur tengist eflaust hækkun tóbaksgjaldsins. Nú hefur verð á tóbaki loksins hækkað umfram verðbólgu og því er verðið kannski fyrst að bíta núna.“

Embætti landlæknis hefur ekki tekið saman tölur um neyslu á tóbaki fyrir árið 2013 en Viðar á von á að niðurstaðan endurspegli nýjar sölutölur að einhverju leyti.

Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá ÁTVR, segir að erfitt sé að fullyrða um ástæður samdráttar. „Auk skattahækkana getur samdráttur tengst kaupmætti, gengisbreytingum, forvörnum og öðru slíku.“

Í fyrra voru tekjur ríkisins af tóbaksgjaldi um fimm milljarðar króna en gjaldið er fyrst og fremst sett á til þess að koma til móts við beinan kostnað ríkisins af afleiðingum neyslu þessara vara.

lovisa@frettabladid.is

## Salan minnkar þegar álagning hækkar



# DEBENHAMS

## Síðustu dagar útsölunnar

# GÖTU-MARKAÐUR

HEFST Í DAG
ENN LÆGRA VERÐ

Gildir út sunnudag

**Opið** til kl. 21:00 í kvöld

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**1 NÝFÆDD PANDA Í TAÍVAN** Starfsfólk dýragarðsins í Taípei-borg í Taívan hugar að nýfæddri pöndu. Almenningur þarf að bíða í þrjá mánuði áður en hún verður höfð til sýnis. NORDICPHOTOS/AFP



**2 DAUÐUR FÍLL Á INDLANDI** Þessi fíll varð fyrir járnbrautarlest í Nagaon á Indlandi í gær. Þorpsbúar komu og lögðu blóm á hræið. NORDICPHOTOS/AFP



**4 HÆTTIR VIÐ AÐ HITTA PÚTÍN** Barack Obama Bandaríkjaforseti hoppar yfir poll á leið sinni inn í Hvíta húsið í Washington í gærmorgun. Hann tilkynnti stuttu síðar að hann væri hættur við leiðtogafund með Vladimír Pútín Rússlandsforseta, sem halda átti í Moskvu í næsta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS







**3 ELDSVOÐI Í KENÍA** Þykkan og svartan reyk lagði upp af alþjóðaflugvellinum í Naíróbí í Kenía í gærmorgun þegar komusalur flugvallarbyggingarinnar brann. Loka þurfti flugvellinum og beina flugi annað á meðan slökkvilið vann að því að ráða niðurlögum eldsins. Ekkert benti til þess að hryðjuverkamenn hefðu kveikt í en í gær voru fimmtán ár frá sprengjuárásum á sendiráð Bandaríkjanna í Naíróbí og Dar es Salam í Tansaníu. NORDICPHOTOS/AFP

BMW
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure




ENNEMM / SÍA / NM58749

ÞETTA ER BÍLLINN SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SKOÐA.

Þú ert í leit að ævintýrum, við erum í leit að tæknilegri fullkomnun. Allar aðstæður eru kjöraðstæður fyrir BMW XDrive fjórhjóladrifskerfið. Þótt veðrið sé óútreiknanlegt er akstursánægjan í X línunni eitthvað sem þú getur treyst á.

DÍSIL xDRIVE 1,8d – 143 HESTÖFL
5,5 L/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI.

VERÐ FRÁ 6.090.000

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080


SUMAR-
MARKAÐUR
LOKADAGAR!
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
PIPAR\TBWA • SÍA • 132054
CAMPINGAZ
KÆLIBOX 28 ltr.
6.894 KR.
FULLT VERÐ 11.490 KR.
40%
AFSLÁTTUR
MOVERA SKJÓLVEGGUR
500x140 cm
8.990 KR.
FULLT VERÐ 14.900 KR.
40%
AFSLÁTTUR
COLEMAN STÓLL M/ÖRMUM
Kaki/grænn
6.990 KR.
FULLT VERÐ 11.990 KR.
COLEMAN TJALD
Tauri X3, 3ja manna
24.990 KR.
FULLT VERÐ 39.900 KR.
COLEMAN SVEFNPOKI
Track
3.990 KR.
FULLT VERÐ 6.990 KR.
50%
AFSLÁTTUR
ABU STANGARSETT
Cardinal 8 ft.
4.995 KR.
FULLT VERÐ 9.990 KR.
DEVOLD Á
20%
AFSLÆTTI
MOUNTAIN
HARDWEAR Á
30-70%
AFSLÆTTI
VEIÐIVÖRUR
20%
AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA SKÓR, MASTER FLY
Dömu 38–41, herra 41–47
14.990 KR.
FULLT VERÐ 28.990 KR.
VIKING GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35–44
3.992 KR.
FULLT VERÐ 4.990 KR.
40%
AFSLÁTTUR
COLUMBIA TASKA
Lode 30 ltr.
8.994 KR.
FULLT VERÐ 14.990 KR.
SCOTT VÖRUR
60-70%
AFSLÁTTUR
ÖLL GRILL Á
20%
AFSLÆTTI
COLUMBIA Á
30%
AFSLÆTTI
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## HÁTÍÐIR HELGARINNAR



**Hinsegin dagar í Reykjavík**
**6.-11. ágúst**
Hinsegin dagar ná hápunkti sínum með gleðigöngu og útihátíð við Arnarhól á laugardaginn.

**Sumar á Selfossi**
**8.-11. ágúst**
Rótgróin bæjar- og fjölskylduhátíð þar sem hverfi bæjarins eru skreytt eftir litum. Varðeldur og sléttusöngur eru meðal viðburða á laugardeginum.

**Aldamótahátíð á Eyrarbakka**
**10.-11. ágúst**
Hestar, kindur, geitur, karlar, konur og börn – allir eru velkomnir á þorpshátíð á Eyrarbakka þar sem íbúar og gestir klæða sig upp á í anda aldamótanna 1900.

**Act Alone á Suðureyri**
**8.-11. ágúst**
Kómedíuleikhúsið á Ísafirði stendur fyrir leiklistarhátíðinni Act Alone sem haldin verður í tíunda sinn á Suðureyri um helgina. Ókeypis er inn á alla viðburði hátíðarinnar.

## VEÐUR

**Föstudagur**
**10-17°C** HLÝJAST NORÐVESTAN TIL
Austan- og suðaustanátt 5-13 m/s og rigning en úrkomulítið á Norðurlandi.

**Laugardagur**
**8-16°C** RIGNING MEÐ KÖFLUM
Breytileg og síðar norðlæg átt, 3-8 m/s. Rigning með köflum fyrir norðan, en stöku skúrir syðra.

**Sunnudagur**
**7-17°C** HLÝJAST SUNNAN TIL
Norðan- og norðvestanátt 5-10 m/s. Léttir til S- og V-lands, en dálítil rigning á NA-verðu landinu.
*Heimild: vedur.is*



**HÁLENDIÐ** Allur akstur er bannaður á ýmsum hálendisleiðum vegna aurbleytu og hættu á skemmdum. Nánari upplýsingar **Vegagerdin.is eða í síma 1777.**

# Gæðagisting í boði um land allt

Ferðamannaflaumurinn hingað til lands hefur stigmagnast síðustu misseri og Íslendingar sækja landið sitt heim sem aldrei fyrr. Úrvalsgisting er í boði um allt land og eru mörgum stöðum gerð skil á upplýsingasíðunni Tripadvisor.com. Hér að neðan eru talin upp þau hótel og gistiheimili sem fá hæstu einkunn á nokkrum stöðum í kringum landið.



**GISTIHÚSIÐ Á EGILSSTÖÐUM** Húsið var byggt á 19. öld.



**HÓTEL HAMAR** Er á miðjum golfvelli, rétt fyrir utan Borgarnes.



**HÓTEL HEKLA** 40 herbergi með útsýni til allra átta.

**1. Borgarnes**
### Icelandair Hotel Hamar
★★★★
**64 umsagnir**
**80% mæla með**
Icelandair Hotel Hamar stendur við Hringveginn, skammt norður af Borgarnesi á miðjum golfvellinum að Hamri, í einungis klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Veitingastaður er á hótelinu og 30 herbergi á jarðhæð. Fjögur þeirra eru meðal annars hönnuð út frá þörfum fatlaðra.

**2. Stykkishólmur**
### Bænir og brauð
★★★★½
**94 umsagnir**
Bænir og brauð eru gistiheimili með morgunverði að Laufásvegi 1, nálægt gamla bænum í Stykkishólmi, í um tveggja kílómetra akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Herbergin henta einstaklingum, fjölskyldum og hópum. Boðið er upp á sameiginleg baðherbergi og sérbaðherbergi með sturtu.

**3. Ísafjörður og nágrenni**
### Heydalur gistihús
★★★★½
**43 umsagnir**
Gistihúsið í Heydal í Ísafjarðardjúpi býður upp á gistingu í tveggja og þriggja manna herbergjum með baði og sjónvarpi. Tjaldstæði og sumarhús í boði á sama stað. Veitingastaður í uppgerðri hlöðu. Sundlaug og náttúrulaug í næsta nágrenni. Rúmlega klukkustundar akstursvegalengd frá Ísafirði. Rúmlega þriggja tíma akstur frá Reykjavík.

**4 Akureyri**
### Icelandair Hotel Akureyri
★★★★½
**175 umsagnir**
**92% mæla með**
Nýtt hótel skammt frá miðbænum. Sundlaugin er hinum megin við götuna. Útsýni til fjalla og skíðarútan stoppar við hótelið á veturna. Notalegur hótelgarður með arineld. Úrval af herbergjum allt frá hefðbundnum herbergjum upp í svítu á fimmtu hæð. Um fimm klukkustunda akstursfjarlægð frá Reykjavík.




**5. Mývatn**
### Hótel Reykjahlíð
★★★★
**70 umsagnir**
**82% mæla með**
Hótelið stendur á bökkum Mývatns og var byggt árið 1947. Níu herbergi með baði, setustofa og veitingasalur þar sem borinn er fram morgunverður og þar er aðgangur að neti og sjónvarpi. Um fimm og hálfrar klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík.

**6. Egilsstaðir**
### Gistihúsið Egilsstöðum
★★★★½
**65 umsagnir**
Sveitahótel, byggt á nítjándu öld, á bökkum Lagarfljóts í nágrenni við þéttbýlið, 300 metra frá hringveginum. Rúmlega sjö tíma akstursvegalengd frá Reykjavík. Átján herbergi með baði, sjónvarpi og þráðlausri nettengingu. Veitingasalur sem rúmar allt að 50 manns. Fundarsalur í kjallara.

**7. Vík í Mýrdal**
### Hótel Katla Höfðabrekka
★★★★
**189 umsagnir**
**71% mælir með**
Hótelið er staðsett skammt austan við Vík í Mýrdal og býður upp á 72 herbergi með sjónvarpi og þráðlausri nettengingu. Fjórir heitir pottar fyrir gesti. Um tveggja og hálfrar klukkustundar akstursvegalengd frá Reykjavík.

**8. Vestmannaeyjar**
### Hótel Vestmannaeyjar
★★★★
**37 umsagnir**
**75% mæla með**
Hótelið er staðsett í hjarta miðbæjarins í Vestmannaeyjum. 21 herbergi og þrjár svítur eru í boði, öll með baði, sjónvarpi og þráðlausri nettengingu. Á hótelinu er veitingastaður, spa með heitum pottum og sauna auk ýmiss konar afþreyingar.

**9. Selfoss og nágrenni**
### Hótel Hekla
★★★★
**41 umsögn**
**78% mæla með**
Sveitahótel að Brjánsstöðum, skammt austur af Selfossi, með útsýni til allra átta. Yfir 40 herbergi, fundarsalur, heitur pottur og þráðlaus nettenging í boði. Um klukkustundar akstursvegalengd frá Reykjavík.

**10. Keflavík**
### Hótel Berg
★★★★★
**166 umsagnir**
**100% mæla með**
Hótelið er staðsett á hæð við smábátahöfnina í Keflavík, í göngufæri við miðbæinn. 40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík og sjö mínútna akstursfjarlægð frá Keflavíkurflugvelli. Boðið upp á frían akstur fyrir gesti til og frá flugvellinum og bílageymslu á meðan gestir eru erlendis.






## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI BJARNARFJÖRÐUR



Unnsteinn Manuel Stefánsson

## Semur tónlist í friði á Ströndum

„Hér er gott að vera, ekkert áreiti og mjög friðsælt. Þetta er hnakkinn á Íslandi,“ segir tónlistarmaðurinn Unnsteinn Manuel Stefánsson um Bjarnarfjörð á Ströndum, en þar hefur hann dvalið síðustu daga og samið tónlist. Í Bjarnarfirði er svo mikil ró að Unnsteinn þurfti að hlaupa upp á næstu hæð til að ná símasambandi. „Föðurbróðir minn rekur Hótel Laugarhól ásamt eiginkonu sinni og hingað kem ég fjórum til fimm sinnum á ári til að vinna. Stór hluti síðustu plötu var saminn hér. Við höfum líka komið hingað öll í Retro Stefson í æfingaferðir, en við fáum aðgang að gömlu íþróttahúsi sem tilheyrir hótelinu,“ segir hann. Unnsteinn er hugfanginn af staðnum. „Það er líka frábær sundlaug sem tilheyrir hótelinu og svo er náttúrulaugin Gvendarlaug í fjallshlíðinni og við hlið hennar náttúrulegur heitur pottur sem var hlaðinn fyrir löngu síðan. Þangað er frábært að fara.“

Unnsteinn kemur aftur til Reykjavíkur á föstudaginn til að spila á Faktorý með Retro Stefson.






PARTNERSHIP STORE
OPNAR Í DAG Í SMÁRALIND


Skólabæklingur
2013-2014
Áfram námsmenn!
Eymundsson
KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ Á
WWW.EYMUNDSSON.IS/SKOLAVEFUR
CRAYOLA TRÉLITIR
1.229.-
A-4 REIKNINGSBÓK
349.-
CRAYOLA TÚSSLITIR
1.389.-
FYLLT PENNAVESKI
2.599.-
Hello Kitty
HELLO KITTY TEYGJUMAPPA
799.-
SOUTH PARK
TEYGJUMAPPA
1.299.-
A-5 REIKNINGSBÓK
299.-
JUST ANOTHER DIAMOND DAY
Á TILBOÐI
SPIDERMAN SKÓLATASKA
4.999.-
JEVA SKÓLATASKA
19.999.-
Charmmykitty
Á TILBOÐI
CHARMMYKITTY SKÓLATASKA
4.999.-
FLASKA, NESTISBOX & SUNDPOKI FYLGJA JEVA TÖSKUNUM
ÚRVALIÐ EFTIR MISMUNANDI VERSLUNUM


ÞAÐ ER
GAGN &
GAMAN
Í SKÓLADÓTINU
OKKAR
SKILAÐU VÖNDUÐU VERKI
MEÐ VÖNDUÐUM VÖRUM
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd
Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4
Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

SUBARU
Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru




Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.
6,4 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.
6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri



Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.
6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

**NEYTANDINN** **Svandís Dóra Einarsdóttir**

# Berlínarferð markaði tímamót



„Ég held að bestu kaupin hafi verið þegar ég var á fyrsta ári í leiklistarskólanum og átti náttúrulega ekki bót fyrir boruna á mér,“ segir Svandís Dóra Einarsdóttir leikkona. „Stebbi Jóns var að mæla svo mikið með því að við færum til Berlínar og skoðuðum leiklistarlífið,“ útskýrir hún. „Ég og Tóta, bekkjarsystir mín, ákváðum eitt kvöldið að kaupa svona hraðtilboð þangað og fórum út tveimur dögum síðar.“ Hún segir ferðina hafa opnað augu hennar fyrir leiklistinni. „Þetta var skemmtilegasta ferð ever og í kjölfarið hef ég farið oft til Berlínar. Þetta voru tímamót í mínu lífi.“ Hún segir móður sína ekki hafa verið jafn jákvæða gagnvart ferðinni og fundist þetta heimskuleg kaup.

„Ég verð að viðurkenna að ég tel mig ekki eiga nein verstu kaup,“ segir Svandís. „Það er af því að ég er snillingur í að viðurkenna allt sem ég geri. Sama hversu heimskulegt það er.“ Hún segist vera mikil Pollíanna í sér að því leyti. „Ég hef örugglega eytt miklu í einhverja djöfulsins vitleysu en í sannleika sagt þá finnst mér allt sem ég hef keypt og eytt í verið algjör snilld.“

- nej

## MIKILL MUNUR Á SÍMTÖLUM INNAN ESB




**Mikill munur er milli ESB-ríkja á mínútuverði vegna símtala í farsíma innanlands. Mínútuverð á Íslandi er þriðjungi hærra en meðalverð í ESB.**

* Miðað við algenga afsláttarpakka hjá Símanum.
** Miðað við uppgefið mínútuverð símafyrirtækjanna.

# Verð símtala nokkru hærra hér en í ESB

Úttekt Framkvæmdastjórnar ESB á kostnaði vegna innanlandssímtala milli farsíma leiðir í ljós mikinn mun milli landa. Mínútugjald símfyrirtækjanna hér á landi er hærra en í flestum ESB-löndum, en Síminn segir það gefa skakka mynd.

**NEYTENDAMÁL** Meðalmínútuverð þegar hringt er milli farsíma hér á landi er nokkru hærra en meðalverð í löndum ESB. Þetta má sjá í nýrri úttekt Framkvæmdastjórnar ESB og verðskrám stóru íslensku símafyrirtækjanna.

Uppgefið mínútuverð hér á landi er 18,9 krónur hjá Símanum og Vodafone en 19,9 krónur hjá Nova. Það er um þriðjungi hærra en meðalverð í ESB-ríkjum, sem jafngildir 14,3 krónum, en rétt er þó að taka fram að þessi verð varpa ekki fullkominni mynd af kostnaði. Íslensku fyrirtækin bjóða öll upp á áskriftarpakka sem fela í sér ákveðið margar mínútur í tali, smáskilaboð og gagnaniðurhal, auk þess sem oft er hringt gjaldfrítt í önnur símanúmer hjá sama fyrirtæki.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi samanburður eigi ekki alfarið við, af ofangreindum sökum. 18,9 krónur séu það hæsta sem viðskiptavinir greiða á mínútu, en í ljósi breyttra þarfa viðskiptavina miði Síminn allar sínar þjónustuleiðir við pakkalausnir.

„Ef viðskiptavinir fullnýta til dæmis pakkatilboðin sín má færa fyrir því rök að mínútuverð sé undir tíu krónum. Ef við til að mynda miðum við 500 mínútna Snjallpakkann, sem einnig fylgja 500 sms og 500 MB, og viðskiptavinurinn nýtir allar mínúturnar væri mínútuverðið rétt undir tíu krónum og hann ætti þá enn eftir að nýta öll sms og gagnaflutninginn.“

Hún segir að í samanburði við verð í Evrópu megi Ísland vera stolt af árangri sínum, ef litið sé til aðstæðna og fámennis.

„Í fjölmennari og þéttbýlli löndum nýtist fjárfestingin í fjarskiptanetunum betur og því ljóst að okkur hefur tekist að bjóða gott net og getum boðið lægra verð en í mörgum löndum í kringum okkur.“

Miklu meiri munur er á mínútuverði á milli ESB-ríkja. Alls er nær áttfaldur munur á mínútuverðinu í ódýrasta landinu, Litháen, þar sem verðið jafngildir um þremur krónum, og dýrasta landinu sem er Holland, en þar jafngildir verðið rúmum 23 krónum. Þetta er miklu meiri munur en gengur og gerist með annars konar vörur og þjónustu milli ESB-landa.

Raunar er munurinn svo mikill, að Neelie Kroos, varaforseti Framkvæmdastjórnar ESB, hefur boðað aðgerðir til að styrkja innri markaðinn á fjarskiptasviðinu.

„Þessar tölur sýna greinilega að 28 mismunandi fjarskiptamarkaðir eru ekki að þjóna hagsmunum neytenda líkt og sameiginlegur markaður gæti gert,“ segir hún í tilkynningu.



**„Ef viðskiptavinir fullnýta til dæmis pakkatilboðin sín má færa fyrir því rök að mínútuverð sé undir tíu krónum.**

*Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans*

Ef miðað er við uppgefið mínútugjald hér á landi er það hærra en í 22 ESB-ríkjum en lægra en í Frakklandi, Spáni, Möltu, Belgíu, Lúxemborg og Hollandi. Samkvæmt viðmiði Símans er verðið hér hins vegar það níunda lægsta í þessum samanburði.

Ef litið er til Norðurlandanna í ESB er mínútuverðið lægst í Finnlandi, tæpar tíu krónur íslenskar, þá er það Svíþjóð með tæpar þrettán krónur, en í Danmörku er verðið rúmar fjórtán krónur.

thorgils@frettabladid.is


ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAGINN!
IKEA #1
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2013

## NORÐURLÖND




### Barnslík fannst

**1** **SVÍÞJÓÐ** Barnslík fannst í kirkjugarði í Solna í Svíþjóð. Lögregluna grunar að barnið hafi verið myrt. Líkið hafði verið sett í svartan plastpoka og grafið niður. Það fannst þegar starfsmenn kirkjugarðsins voru að taka gröf. Þeir áttu ekki von á að finna lík á þessum stað, því meira en 40 ár eru síðan einhver var jarðsettur þar. Talið er að innan við eitt ár sé síðan líkið af barninu var grafið þarna. Lögreglan er að rannsaka málið.

### Pungbítur á Eyrarsundi

**2** **DANMÖRK** Körlum á sundi hefur verið ráðlagt að hafa varann á við Eyrarsund, sundið sem skilur að Danmörku og Svíþjóð. Þar fannst nefnilega á dögunum Pacu-fiskur svokallaður, en þeir eru sagðir sækja í klof karlmanna. Þessi fiskur hefur verið kallaður hinn friðsæli frændi píranafisksins. Hann nærist helst á gróðri en þó hafa komið upp tilfelli í Papúa Nýju-Gíneu þar sem fiskurinn hefur bitið eistu af mönnum. Hefur einhverjum þeirra blætt út í kjölfarið.

### Bókabúðum fækkar

**3** **DANMÖRK** Á þessu ári hafa 23 bókabúðir hætt rekstri í Danmörku, eða álíka margar og lokað var allt árið 2012. Áhugafólki um bækur í Danmörku líst ekkert á blikuna og félag bóksala krefst þess að stjórnmálamenn breyti nú lögum sem kveða á um að bóksöluverð sé frjálst. Það er að mati félagsins eina leiðin til þess að koma í veg fyrir að bókaverslanir heyri sögunni til í Danmörku áður en langt um líður.




# Tekjuöflun sem gerir gagn

Blái naglinn leitar nú til félagasamtaka og íþróttafélaga sem vilja afla sér tekna með sölu Bláa naglans og vinna um leið til góðs.

Blái naglinn stendur fyrir fjáröflunarátaki dagana 13.–27. ágúst og safnar til kaupa á tækjum fyrir LSH sem nýtast við krabbameinsmeðferðir. 20% af söluandvirðinu rennur til söluaðila en afgangurinn til tækjakaupanna.

Skráning og nánari upplýsingar eru á blainaglinn@blainaglinn.is

www.blainaglinn.is

BLÁ NAGLINN





UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

**Nýr Hyundai i20 með 1,1l dísilvél er einn sparneytnasti millistærðarbíll sem völ er á.**

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kauptúni 1 er opið frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 12.00–16.00 á laugardögum.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080




# HUGGULEGT HEIMA



Skenkur
**109.900**



Stóll
**16.900**



Sófaborð **59.900**
130(L)x70(B)x40(H) cm



Sófaborð
40(L)x40(B)x40(H) cm **32.900**
80(L)x80(B)x40(H) cm **45.900**



Borðstofuborð **89.900**
180(L)x90(B)x77(H) cm
Framlenging **14.990**
40(L)x90(B) cm

Púðar
**3** fyrir **2**



Luktir frá **4.990**



Silkiblóm frá **990**






Ljósakrónur

1 -- **12.990**
2 -- **7.990**
3 -- **7.990**
4 -- **9.900**

Styttur frá **4.990**



the PIER

Sófi **199.900**
til í brúnu og svörtu



Haag

Skart frá **790**



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Sígarettupakkinn kostar nú um 1.200 krónur:

# Stærsti sjúklingahópurinn á Íslandi

Algengt verð á sígarettupakka er um tólf hundruð krónur. Í honum eru 20 sígarettur en það er sá skammtur sem meðalreykingamanneskja er talin þurfa yfir daginn. Kostnaður á ári er því yfir 400 þúsund krónur og fer hækkandi.

Í Fréttablaðinu í dag segjum við frá þeim gleðitíðindum að sala á sígarettum hefur dregist saman um tíu prósent en um síðustu áramót var sérstakt tóbaksgjald hækkað um 17 prósent. Sérfræðingar í fíknisjúkdómum hafa lengi bent á að verðhækkanir dragi úr neyslu á fíkniefnum á borð við tóbak og áfengi. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tekur undir þetta og segir verðhækkanir á tóbaki til þess fallnar að minnka neysluna.



**Mikael Torfason**

mikael@frettabladid.is

Við vitum öll að sígarettufíkn er alvarlegur sjúkdómur sem kemur milljónum manna í gröfina ár hvert. Fimmtán prósent Íslendinga reykja sígarettur en reykingar eru sagðar drepa annan hvern sem reykir. Á Íslandi er bannað að reykja á flestum stöðum innandyra og aldurstakmark til kaupa tóbak er átján ára.

Flestir sem reykja eiga mjög erfitt með að hætta að reykja. Talið er að fjórir af hverjum fimm sem reyna að hætta mistakist. Þeir, sem hafa getað hætt, þurfa oft að sætta sig við að vera háðir nikótíntyggjói, plástrum eða slíkum nikótíngjöfum. Sem er mun skárra því nikótínfíknin sem slík er auðvitað ekki nálægt því eins hættuleg og reykingar. En hún getur verið kostnaðarsöm því hinar svokölluðu nikótínvörur eru oft dýrar.

Fyrir nokkrum árum var það reiknað út að sígarettupakkinn þyrfti að kosta þrjú þúsund krónur ef reykingafólk ætti sjálft að bera þann kostnað sem fellur á samfélagið allt vegna reykinga. Það er ágætis sjónarmið út af fyrir sig en vænlegast er að horfa fyrst og síðast á reykingar sem alvarlegan fíknisjúkdóm sem hægt er að meðhöndla. Nikótínfíkn er nátengd öðrum fíknisjúkómum. Gott dæmi um það er að níu af hverjum tíu sem koma á Vog í meðferð vegna vímuefnafíknar hafa reykt eða reykja.

Lengi dó að lágmarki einn Íslendingur á dag vegna reykinga. Blessunarlega hefur það hlutfall minnkað mjög enda reyktu helmingi fleiri hér á landi fyrir tuttugu árum en í dag. Mikill árangur hefur náðst með forvörnum, aukinni meðvitund og hækkandi verði á sígarettum. Enn búum við samt við það að yfir hundrað Íslendingar greinast árlega með krabbamein sem rekja má beint til reykinga. Flestir greinast með lungnakrabbamein en það er leingi að þróast og veldur litlum einkennum þannig að greiningin kemur oft allt of seint.

Við getum gert miklu betur í baráttunni gegn sígarettufíkn. Okkur er óhætt að hækka verð á tóbaki enn frekar, en við verðum um leið að gera okkur grein fyrir að um sjúkdóm er að ræða. Sjúklingarnir eru margir eða 36 þúsund talsins hér á landi. Það er án efa einn stærsti sjúklingahópurinn á Íslandi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Að einbeita sér að gríni**

Besti flokkurinn ætlar að bjóða aftur fram til borgarstjórnar næsta vor. Leiðtoginn Jón Gnarr lýsti því yfir í útvarpsviðtali í gærmorgun og vöktu tíðindin eflaust sæluhroll hjá mörgum og annars konar hroll hjá öðrum, eins og gengur. Borgarstjórinn sagðist hins vegar ekki vera búinn að ákveða hvort hann yrði sjálfur í framboði. Hins vegar kom það fram í máli Jóns á uppistandskvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum fyrr á árinu, eins og Fréttablaðið greindi frá, að hann væri farinn að hlakka til þess að geta einbeitt sér að gríninu að ári. Ef marka má þau orð þá hefur hann þegar tekið ákvörðun, nema hann ætli að grína svona mikið við stjórn borgarinnar. En svo geta menn auðvitað skipt um skoðun.

**Sami peningurinn**

Það er líka athyglisvert að fyrir skömmu lýstu forvígismenn Bjartrar framtíðar yfir að flokkurinn hygði á þátttöku í sveitarstjórnarkosningum á landinu öllu á næsta ári. Björt framtíð og Besti flokkurinn eru sem kunnugt er sitthvor hliðin á sama peningnum. Varla verða báðir flokkar í framboði í Reykjavík? Mun Björt framtíð bjóða fram undir merkjum Besta flokksins í borginni? Verður þetta ekkert rugl andi?





**Ógnin**

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Binni í Vinnslustöðinni, sagði í grein í Fréttablaðinu í gær að helsta ógnin sem steðjaði að fyrirtæki hans stafaði frá stjórnvöldum, sem vilji skattleggja útgerðina í drep. Gott og vel – það er reyndar vandséð hvaða ógnir ættu yfir höfuð að steðja að stöndugum íslenskum útgerðarfélögum. Ekki er það lágt gengi krónunnar að minnsta kosti. En með sömu rökum mætti segja að helsta ógnin sem steðjaði að þessari þjóð, heimilum landsins og öllum atvinnurekstri, stafaði af stjórnvöldum og skattpíningu þeirra. En ætli það væri ekki heldur djúpt í árinni tekið?

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




# Lambakjöt, sjómennska og latté

**REYKJAVÍK**



**Heiða Kristín Helgadóttir**

framkvæmdastjóri Besta flokksins

Gleðigangan á vegum Hinsegin daga fer fram í fjórtánda skiptið nú á laugardaginn. Þegar fyrsta gangan var gengin árið 2000 tóku rúmlega 15.000 manns þátt í henni með beinum eða óbeinum hætti. Síðustu árin hefur þátttakendum fjölgað og metnaðurinn fyrir að gera gönguna sem glæsilegasta stöðugt aukist. Mest hefur þeim þó fjölgað sem taka þátt í gleðinni með því að fagna fagurskreyttum vögnum og fylkingum sem streyma í gegnum miðbæinn. Börn með kandífloss, fullorðnir með myndavélar og gamalmenni með glampa í augum standa glaðbeitt og veifa leðurhommum, trukkalessum, pallíettusprengjum og kúrekum. Í dag er fjöldi þátttakenda 80-100 þúsund manns. Á rúmlega einum áratug hefur viðhorf samfélagsins til hinsegin fólks gjörbreyst á þann veg að þessi viðburður þykir ómissandi partur af sumrinu í Reykjavík.

Líkt og dæmin sanna víða um heim er sá árangur sem hér hefur náðst ekki sjálfsagður og margar þjóðir líta til okkar sem fyrirmyndarríkis þegar kemur að mannréttindum hinsegin fólks. Það er meðal annars þessari göngu að þakka.

**➜ Líkt og dæmin sanna víða um heim er sá árangur sem hér hefur náðst ekki sjálfsagður og margar þjóðir líta til okkar sem fyrirmyndarríkis þegar kemur að mannréttindum hinsegin fólks. Það er meðal annars þessari göngu að þakka.**

Gleðigangan varpar ljósi á alls konar – alls konar fólk sem er þannig og hinsegin og ekki hinsegin – en hún varpar líka ljósi á það hvað við getum verið umburðarlynd, opin, skilningsrík og óhrædd. Þannig dregur Gleðigangan það besta fram í okkur sem samfélagi og sem þjóð. Þar skiptir ekki máli hversu mikið lambakjöt þú borðar, hvort þú hafir farið á sjó eða hvort þú drekkir bara latté – því það skilgreinir ekki hver við erum.

Það sem sameinar okkur sem þjóð er hvernig við tökumst á við fjölbreytileikann sem einkennir okkur sem opið samfélag. Fjölbreytileikinn og alls konar er bara að fara aukast. Fjölgun þátttakenda í Gleðigöngunni ber þess vott að við höfum alla burði til að vera öðrum þjóðum fyrirmynd í því hvernig taka eigi þessum fjölbreytileika fagnandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Maður ávinnur sér virðingu og hrós

**HEILBRIGÐISMÁL**



**Hallgrímur Georgsson**
sérfræðingur

**➜ Mikilvægt er að hafa í huga að meirihluti lækna fær aldrei á sig kvörtun eða kæru.**

Ég skora á umboðsmann Alþingis, heilbrigðisráðherra og forsætisráðherra að taka höndum saman og uppræta þá spillingu sem hefur fengið að blómstra innan stjórnsýslu heilbrigðismála undanfarinn áratug eða svo. Það eru tugir sjúklinga og aðstandenda þeirra sem eru fastir í kerfinu og bíða úrlausnar ykkar. Margt af þessu fólki er óstarfhæft vegna ástandsins sem skapast hefur. Orsök þessa vanda er að heilbrigðisráðherrar í gegnum tíðina hafa ekki staðið undir þeirri ábyrgð sem þeir eru kosnir til.

Landlæknisembættið og sá hluti ráðuneytisins sem tengist því er algjörlega hætt að virka eins og það á að gera samkvæmt lögum. Þeir sem þar starfa virðast löngu búnir að gleyma hlutverki sínu gagnvart almenningi og því eftirliti sem þeir eiga að viðhafa innan heilbrigðisþjónustunnar. Í dag er þeirra helsta markmið að búa til fleiri sjúklinga með hegðun sinni og ákvörðunum. Kannski ekki að fullu meðvitað en þeirra aðalvinna virðist eingöngu vera að stinga kvörtunum og kærum undir teppið til að vernda oft og tíðum vanhæfa og illa starfandi lækna. Slíkt kemur öllum í vandræði og að lokum hrynur kerfið.

### Tíu ára barátta

Mikilvægt er að hafa í huga að meirihluti lækna fær aldrei á sig kvörtun eða kæru. Hlúum að þeim sem gera vel og viðurkennum að mistök munu alltaf verða í þessum geira eins og öðrum. Það munu einnig alltaf verða einhverjir sem vanrækja sjúklinga eða viðhafa ótilhlýðilega eða skemmandi hegðun. Því er þjóðhagslega hagkvæmara og ódýrara að leggja niður kvörtunardeildir þessara embætta og í leiðinni koma strax til móts við þarfir sjúklinga í stað þess að láta þá standa í allt að tíu ára baráttu um nokkrar krónur eða uppreisn æru. Látið verkin tala og sýnið að ykkur er alvara því enginn ávinnur sér virðingu og hrós fyrir störf sín nema eiga það skilið svo ég umorði skilaboð Magnúsar Guðmundssonar, formanns félags forstöðumanna ríkisstofnana, til almennings í Fréttablaðinu 2. ágúst sl.

### Gerið upp fortíðina

Ég skora því á þessa yfirmenn stjórnsýslunnar að gera upp fortíðina. Kerfiskarlar og -kerlingar þurfa að læra af mistökum sínum eins og aðrir. Til þess þarf að rannsaka kvörtunar- og kærumál sem borist hafa landlæknisembættinu nokkur ár aftur í tímann. Takið út þennan hóp sem hefur reynt að láta ykkur vita í gegnum tíðina og sjáið hvað fór úrskeiðis. Sjúklingar og aðstandendur eru ekki að leita að sökudólgum eða einhverjum til að hengja eins og landlæknir heldur fram. Kannið í leiðinni öll vensla- og hagsmunatengslin sem á sama tíma hafa myndast milli ráðuneytisins, landlæknisembættisins og til dæmis Landspítalans.

Ég hef í rúm fjögur ár verið „pennavinur“ stjórnsýslunnar og reynt að átta mig á af hverju kerfið þjappar sér saman þegar kvörtun berst til landlæknis. Nú er ég búinn að átta mig á þessu kerfi og mér hreint og beint blöskrar hvað þar er að gerast undir formerkjum „fagmennskunnar“. Það er nákvæmlega ekkert faglegt við það að hunsa og þagga niður jafn viðkvæm og erfið mál sem þessi. Vinsamlegast hættið að láta kerfið snúast um sjálft sig því lögin voru líklega ekki upphaflega smíðuð með það í huga. Eða hvað?

# (Ó)hamingja er smitandi

**MANNRÉTTINDI**



**Alexander Briem**
leikari

**➜ Gnarr er maður í valdastöðu sem notar frumlegar aðferðir til að vekja athygli á sjálfsögðum mannréttindum**

Undanfarið hafa margir Íslendingar vælt um það að hvað aðrir Íslendingar væli mikið. Í þessum skrifuðu orðum hef ég búið í Bretlandi í tæpt ár og fólk hér vælir líka gífurlega mikið. Annaðhvort hefur verið allt of kalt eða allt of heitt. Reginmunurinn er kannski sá að það eru ekki jafn skýr merki um undirliggjandi reiði í væli þeirra Breta sem orðið hafa á vegi mínum.

Ekki svo að segja að Íslendingar verði bálreiðir út í veðrið en Íslendingum mislíkar vissulega misrétti, og það réttilega. Fólk er einfaldlega ósammála um hvað telst til misréttis, vegna þess að fólk er misjafnt. Sumir eru gagnkynhneigðir og aðrir samkynhneigðir. Helmingur mannkyns er t.d. með öðruvísi kynfæri en ég. Ég er gagnkynhneigður karlmaður og í mínum huga fyrirfinnst ekki meira misrétti en það augljósasta; annars vegar skilar kvenkynið tveimur þriðju af launuðum vinnustundum mannkyns, fær tíund af heildarlaunum mannkyns og á innan við eitt prósent eigna.

Hins vegar sú staðreynd að í núverandi heimalandi mínu sagðist aðeins einn af hverjum hundrað vera samkynhneigður, þrátt fyrir að um árabil hafi verið talið að a.m.k. einn af hverjum tíu væri samkynhneigður. Þetta var í fyrstu könnun um kynhneigð sem gerð var á vegum hins opinbera hér. Könnunin er aðeins þriggja ára gömul. Flestir þeirra sem sögðust vera samkynhneigðir bjuggu í Lundúnum en fæstir á Norður-Írlandi.

Hvernig ætli útkoman yrði ef sama könnun yrði gerð af hinu opinbera í Rússlandi? Síðan má að sjálfsögðu rífast um alla þessa tölfræði, en til hvers? Hvað fæst út úr því?

Frá örófi alda hefur tíðkast að iðka þrætubókarlist til að dreifa athygli almennings frá aðalatriðum. Frá sjálfsögðum mannréttindum. Frá því sem væri hægt að breyta, legði fólk þá orku sem fer í rifrildi í einfaldar gjörðir. Ef það er kalt úti, getum við rætt málin á yfirveguðum nótum á meðan farið er í úlpur. Ef það er heitt úti, fækkum við fötum. „Bombing for peace is like fucking for virginity.“

### Til valdhafa

Fólk getur verið ósammála því sem Jón Gnarr stendur fyrir en allir geta verið sammála um að hann er undantekningin sem sannar regluna. Reglan er sú að valdhafar eru íhaldssamir, sem þýðir bókstaflega að þeir halda í fortíðina og því lengra sem farið er aftur í tímann verður staða kvenna og samkynhneigðra verri og verri.

Jón Gnarr er maður í valdastöðu sem notar frumlegar aðferðir til að vekja athygli á sjálfsögðum mannréttindum, athygli sem nær langt út fyrir landsteinana. Því hefur verið hughreystandi að fylgjast með en í raun þykir mér það líka gífurlega sorglegt. Ég fer að hugsa um hvað allir aðrir borgarstjórar, forsetar og ríkisstjórnir heims gætu afrekað en kjósa í stað þess að vera fjötraðir í viðjum vanans og iðka sína þrætubókarlist.

Ég velti því alvarlega fyrir mér hvort fólk vilji ekki breytingar til hins betra fyrir alla heildina. Vill fólk bara vekja athygli á sjálfu sér til að koma sér áfram á ímyndaða toppinn? Vill fólk kannski bara búa í sjálffélagi í stað samfélags? Ekki lítur út fyrir það þegar við göngum saman, hvort sem það er í Druslugöngu eða Gleðigöngu.



# Ríkið innheimtir ekki sóknargjöld

SÓKNARGJÖLD



**Einar Karl Friðriksson**
efnafræðingur

Harvard-háskóli í Bandaríkjunum innheimtir há skólagjöld, fleiri milljónir á hvern nemanda á hverjum vetri. Háskóli Íslands innheimtir hins vegar ekki skólagjöld, ef frá eru talin minniháttar skráningargjöld. Háskóli Íslands fær rekstrarfé sitt frá ríkinu, um 825.000 kr á hvern nemanda að meðaltali. Við gætum vissulega kallað það fé skólagjöld og sagt að ríkið „innheimti“ fyrir háskólann skólagjöld sem nema 825 þúsund á hvern nemanda í gegnum skattkerfið. En það væri ruglingslegt og villandi. Harvard innheimtir skólagjöld en Háskóli Íslands gerir það ekki. HÍ á „hlutdeild“ í tekjum ríkisins. Ríkið innheimtir ekki skólagjöld fyrir háskólann, heldur innheimtir skatta sem renna í ríkissjóð og er háskólinn fjármagnaður úr ríkissjóði, eins og önnur almannaþjónusta.

Með nákvæmlega sama hætti er villandi og rangt að segja að innheimt séu sóknargjöld. Ríkið innheimtir ekki sóknargjöld, heldur greiðir ríkið sóknargjöld til trúfélaga, sem ríkið aflar með almennri skattheimtu. Trúfélögin eiga samkvæmt lögum um sóknargjöld „hlutdeild“ í tekjum ríkisins, svipað og Háskóli Íslands. Þannig fá skráð trúfélög greidd sóknargjöld frá ríkinu, ákveðna krónutölu á hvert sóknarbarn 16 ára og eldri, alveg óháð því hvort viðkomandi greiði einhvern tekjuskatt.

Samt er þessu ítrekað haldið fram, að ríkið „innheimti“ sóknargjöld, nú síðast í ályktunum frá landsfundum tveggja stærstu stjórnmálaflokka landsins (xD og xB). En þetta er ekki rétt, sama hversu oft klifað er á þessu.

### Athugasemd SÞ

Í nýlegri úttekt mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttinda á Íslandi er gerð athugasemd við þetta, en þar segir í lauslegri þýðingu: „Nefndin hefur áhyggjur af því að ríkið leggi kirkjuskatt á þegna, óháð því hvort þeir séu skráðir í trúfélag … Ríkisvaldið ætti að gera ráðstafanir til að tryggja að kirkjuskatturinn sé ekki álagður án tillits til trúfélagaaðildar.“

Glöggt er gests augað. Þess væri óskandi að fólk tæki mið af raunveruleikanum í umræðu um sóknargjöld og fjármál þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Í trúfrjálsu landi teljast trúfélög ekki hluti almannaþjónustu, ekki Hvítasunnusöfnuðurinn, ekki Krossinn og ekki heldur þjóðkirkjan. Þeir sem kjósa að standa utan trúfélaga eiga ekki að greiða fyrir rekstur þeirra gegn sínum vilja, ekki frekar en fyrir rekstur og starf annarra félagasamtaka, svo sem Amnesty, Rauða krossins eða Kiwanis, sama hversu göfugt starf þeirra kann að vera. Nýleg lög um skráningu lífsskoðunarfélaga bæta að vissu marki úr þessum ójöfnuði en nú geta félög um lífsskoðun sem ekki telst trú og uppfylla tiltekin skilyrði líka fengið sóknargjöld greidd úr ríkissjóði. En nýju lögin bæta með engu móti stöðu þeirra sem hvorki kæra sig um að vera í skráðu trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi.

**➜ Í trúfrjálsu landi teljast trúfélög ekki hluti almannaþjónustu, ekki Hvítasunnusöfnuðurinn, ekki Krossinn og ekki heldur þjóðkirkjan. Þeir sem kjósa að standa utan trúfélaga eiga ekki að greiða fyrir rekstur þeirra gegn sínum vilja**

Það má semja um að ríkið annist innheimtu á sóknargjöldum, ef mönnum sýnist það hagkvæmt og eðlilegt að ríkið annist slíka þjónustu. En þá á ríkið að gera það í raun og veru, en ekki bara greiða sóknargjöldin beint úr ríkissjóði og afla þeirra með almennri skattheimtu. Með þessum orðum er ekki lagður neinn gildisdómur á starfsemi og boðskap þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga. Ég er einungis að gagnrýna þá síendurteknu bábilju að ríkið innheimti sóknargjöld fyrir trúfélög. Sú staðhæfing er röng.

## AF NETINU

### Árleg banaslys á ný?

Hörmulegt flugslys við bæjardyr Akureyrar, nú á frídegi verslunarmanna, snart hjörtu minnar fjölskyldu að vonum sérlega óþægilega. Tveir menn fórust en sá þriðji slapp sem betur fer lítt meiddur. Við sendum aðstandendum hinna látnu okkar innilegustu samúðarkveðjur – því miður skiljum við vel líðan þeirra. Þetta flugslys átti sér stað nokkurn veginn nákvæmlega 13 árum eftir flugslysið í Skerjafirði, þar sem 6 einstaklingar misstu lífið (4 nokkurn veginn strax en 2 af völdum heilsustjóns síns síðar). Ég ætla ekki að rifja þau mál upp hér og nú, nema óbeint í víðara samhengi.

Mér verður hugsað til flugslysa á Íslandi, þar sem bani eins eða fleiri hefur hlotist af, og þróunar þeirra. Þessi þróun er nefnilega nokkuð sérstök og sýnir að tími er kominn til að staldra ögn við. Íhuga málin og horfa í eigin barm. Spyrja sig hvort einhver tilslökun kunni að vera að eiga sér stað á einhvern hátt […]

blog.pressan.is/lillo

*Friðrik Þór Guðmundsson*

Landsvirkjun

Orkuforðinn okkar

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálendinu. Lónin eru vatnsmest síðsumars og geyma þá um 4.600 gígalítra, eða 4,6 rúmkílómetra af vatni. Þessi forði gerir okkur kleift að vinna raforku jafnt og þétt allt árið.

Velkomin í heimsókn!

**Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10–17 alla daga í allt sumar:**

**Fljótsdalsstöð**
Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka miðvikudaga og laugardaga frá kl. 14–17.

**Búrfell**
Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu.

**Krafla**
Jarðvarmasýning í gestastofu.

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

**Miðlunarrými helstu lóna á Íslandi:**

1 Hálslón 2100 Gl
2 Þórisvatn 1400 Gl
3 Blöndulón 412 Gl
4 Hágöngulón 320 Gl
5 Krókslón 140 Gl
6 Sultartangalón 109 Gl
7 Kelduárlón 60 Gl
8 Hrauneyjalón 33 Gl
9 Gilsárlón 20 Gl
10 Bjarnarlón 5 Gl
11 Ufsarlón og Vatnsfellslón 3 Gl




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Vatnajökulsþjóðgarður og leiðir til uppbyggingar

PJÓÐGARÐUR



Sverrir Sv. Sigurðarson
viðskiptafræðingur

Þann 7. júní árið 2008 var Vatnajökulsþjóðgarður stofnaður formlega með léttri og skemmtilegri athöfn í Skaftafelli. Stærsti þjóðgarður Vestur-Evrópu er því fimm ára um þessar mundir og hefur vaxið og dafnað vel. Á slíkum tímamótum getur verið áhugavert að líta um öxl og velta til dæmis fyrir sér hvaða ástæður séu líklega fyrir því að lagt var til að Vatnajökull yrði friðaður. Hvaða hugmyndir höfðu verið uppi um slíkt áður en alþingismenn voru tilbúnir að samþykkja að láta umhverfisráðherra kanna möguleika á að leggja 10-15% landsins undir einn þjóðgarð, sem þeir samþykktu í mars árið 1999, þegar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur réðu landinu?

### Hin óþekkta saga Vatnajökulsþjóðgarðs

Á vefnum www.uppbygging.org hefur verið sett fram lýsing á atburðum vegna Vatnajökulsþjóðgarðs. Það eru að miklu leyti atburðir sem fáir vita af, sem eru þó (lang)líklegasta skýringin á því hvernig forsaga þjóðgarðsmálsins var í raun.

Hluti af ástæðu þess að undirritaður kemur þessu efni á framfæri er að ef til vill má einnig læra eitthvað um nýsköpun eða þróun verðmætra nýjunga.

Það er nærri 21 ár frá því að undirritaður skrifaði fyrst grein um friðun á austurhluta hálendisins út frá formerkjum atvinnusköpunar og markaðssetningar á landinu. Á afmælisdegi þjóðgarðsins voru átján ár, fimm mánuðir og fimm dögum betur frá því að höfundur kynnti opinberlega viðamiklar hugmyndir að friðlýsingu Vatnajökuls og nágrennis í eina heild. Það var í fyrsta sinn sem hnitmiðaðar tillögur að friðun Vatnajökuls birtust hér á landi, að því er mér skilst á fyrrverandi félögum í Náttúruverndarráði. Miðað við opinberar áætlanir ætti þjóðgarðurinn að geta gefið af sér miklar tekjur og mörg ný störf með tímanum.

### Vefurinn www.uppbygging.org

Á vefnum www.uppbygging.org er kynnt til sögunnar leið til að skoða og skilja þróun nýrra hugmynda fyrir verðmætar nýjungar, sem byggir á þessari 21 árs reynslu. Þetta er megintilgangur vefjarins. Þarna er ferlið útskýrt með líkingu við boðhlaup. Hver hluti „boðhlaupsins“ felur í sér tiltekin verkefni með mjög mismunandi nálgun. Fyrsta hugmynd er mikilvæg en aðrir hlutar einnig. Hvati að samsetningu þessara hugmynda er það hugarástand sem hefur einkennt Ísland árin eftir hrun. Ein af niðurstöðunum er einnig hvatning til að gera minna af yfirgengilegum kröfum til stjórnmálamanna en gera í staðinn kröfur á sig sjálfa, því ferli verðmætasköpunar byrjar ekki hjá stjórnmálamönnum heldur á næsta stigi á undan. Einnig kemur fram að umræddar grunnhugmyndir að friðlýsingu Vatnajökuls byggðu á því að koma skipulega til móts við alla hagsmunaaðila, í stað hagsmunatogstreitu. Þetta var friðarhugmynd sem ef til vill átti sinn þátt í að ryðja málinu leið.

> **➜ Umræddar grunnhugmyndir að friðlýsingu Vatnajökuls byggðu á því að koma skipulega til móts við alla hagsmunaaðila, í stað hagsmunatogstreitu. Þetta var friðarhugmynd, sem ef til vill átti sinn þátt í að ryðja málinu leið.**

Á vefnum Uppbygging.org eru einnig tenglar á vefinn sverrir.info, sem geymir allar formlegu tillögurnar sem settar voru fram 1995-1998, og á samfélagsvefinn seevatnajokull.is, þar sem fólki býðst að setja inn myndir, myndbönd og frásagnir frá heimsókn sinni í þjóðgarðinn. Í greininni er einnig mjög eindregin athugasemd um stærð Vatnajökulsþjóðgarðs sem gæti gert marga hvekkta en er þó ekki stóralvarlegt atriði. Vefurinn Uppbygging.org ætti bæði að vera áhugaverður fyrir alla með áhuga á sögu, Vatnajökulsþjóðgarði, og á nýsköpun.





✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSGERÐUR INGIMARSDÓTTIR**
**Fróðengi 7,**
**áður Sigluvogi 3,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 5. ágúst. Útförin fer fram frá Grafavogskirkju föstudaginn 16. ágúst kl. 13.00

**Victor Ágústsson**
**Sólveig Victorsdóttir**
**Ágúst Victorsson** **Ólöf Alfreðsdóttir**
**Ingimar H. Victorsson** **Sonja Jónasdóttir**
**Victor Örn Victorsson** **Rúna Stína Ásgrímsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

✝



Ástkær móðir mín, tengdmóðir og amma okkar,

**ÁSTA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Sólheimum 23, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 6. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. ágúst kl. 13.00.

**Harpa Hauksdóttir** **Þröstur Guðmundsson**
**Bjarni Þrastarson**
**Davíð Þrastarson**

✝



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**STEFÁNS JÓNSSONAR.**

**Esther Garðarsdóttir**
**Rúna Gerður Stefánsdóttir** **Helgi Ó. Víkingsson**
**Pétur Hafsteinn Stefánsson** **Áslaug Sigurðardóttir**
**Íris Alda Stefánsdóttir** **Heimir V. Pálmason**
**afabörn og langafabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HANNA JONNÝ SÍMONARDÓTTIR**
**Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 1. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Ólöf Hreiðarsdóttir**
**Helen Hreiðarsdóttir** **Haraldur Arason**
**Linda Björg Guðmundsdóttir**
**Helgi Örn Guðmundsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
**fyrrverandi framkvæmdastjóri,**
**Ársölum 1, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 5. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Agnars Jónsdóttir**
**Jón Sigurðsson** **Hafdís Mjöll Búadóttir**
**Eyjólfur Sigurðsson** **Ágústa Harðardóttir**
**Baldur Sigurðsson** **Chipo Sigurðsson**
**Torfhildur Sigurðardóttir**
**og fjölskylda þeirra.**


*Fjölbreytt úrval legsteina*
*Frí áletrun og uppsetning*



Sjá nánar á granitholllin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Graníthöllin

*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*






**HINSEGIN** Þorbjörg Gunnarsdóttir við vegginn sem er hluti sýningarinnar um hinsegin fólk sem verður opnuð í dag. Hinn sýningarstjórinn er Bryndís Sverrisdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sýna brot úr lífi og baráttu hinsegin fólks

Þorbjörg Gunnarsdóttir er sýningarstjóri sýningarinnar Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi, sem verður opnuð í Þjóðminjasafninu í dag. Ókeypis er inn á sýninguna.

„Hinsegin dagar hafa verið að stækka á þann hátt að dagskráin tengist ekki eingöngu gleðigöngunni sjálfri heldur allri vikunni og þessi sýning er liður í því," segir Þorbjörg Gunnarsdóttir, annar sýningarstjóra sýningarinnar Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi – Hinsegin fólk í máli og mynd, sem verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands í dag klukkan 16.

Sýningin er unnin í samvinnu Þjóðminjasafns Íslands, Samtakanna ´78 og Hinsegin daga í Reykjavík og segir Þorbjörg hana hafa verið lengi í undirbúningi. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Sýningin verður á Torginu á neðstu hæð safnsins, sem er fremur lítið rými en hefur þá kosti að þar er frítt fyrir alla og rýmið tengist líka kaffihúsinu og safnbúðinni, sem gerir það verkum að hún er mjög aðgengileg og fyrir allra augum," útskýrir Þorbjörg og bætir við að sýningin verði opin út nóvember.

Á sýningunni er brugðið upp brotum úr lífi og baráttu hinsegin fólks á Íslandi á liðinni tíð. „Það er ekki mikið til um sögu samkynhneigðar á Íslandi í gegnum árin, en Þorvaldur Kristinsson hefur unnið gott starf í að halda utan um það sem til er og meðal annars tekið fjöldann allan af viðtölum við samkynhneigða, tvíkynhneigða og transfólk á öllum aldri. Sýningin byggist upp á tilvísunum í þrettán einstaklinga, sem hafa komið við sögu hinsegin fólks á Íslandi með einum eða öðrum hætti í gegnum tíðina, um það hvernig þau upplifðu sig þegar þau komu út úr skápnum á Íslandi. Þetta eru þeirra eigin hugrenningar og þess vegna völdu þau öll myndir af sér sem fylgja tilvísununum, frá þeim tíma. Sá elsti er fæddur á fjórða áratug síðustu aldar og er einn af þeim sem drógu vagninn en sú yngsta er fædd árið 1991. Það var önnur heimsmynd sem blasti við honum en henni þegar þau ákváðu að koma út úr skápnum," útskýrir Þorbjörg og bætir við að hluti sýningarinnar sé veggur sem hefur verið málaður með fánum samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. „Gestir geta látið taka mynd af sér við vegginn og ég gæti trúað að það verði vinsælt," segir Þorbjörg.

kjartan@frettabladid.is

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN H. KVARAN**
**Kleifarvegi 1,**

lést laugardaginn 27. júlí á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

**Karítas Kvaran** **Baldur Guðlaugsson**
**Gunnar E. Kvaran** **Snæfríður Þ. Egilson**
**Einar G. Kvaran** **Tinna Grétarsdóttir**
**Ólafur Hrafnkell Baldursson** **Charlotte Gerd Hannibal**
**Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir**
**Þórhildur Baldursdóttir**
**og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, systir, móðursystir og mágkona,

**LILJA KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**

andaðist sunnudaginn 4. ágúst á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar. Jarðarför fer fram laugardaginn 17. ágúst kl.11.00 frá Siglufjarðarkirkju.

**Una Dögg Guðmundsdóttir** **Jósep Freyr Pétursson**
**Daði Már Guðmundsson** **Gunna Friðfinnsdóttir**
**Tristan Sigtryggsson**
**Þorleif Guðmundsdóttir**
**Davíð Guðmundsson** **Soffía Valdimarsdóttir**
**Rúnar H. Guðmundsson**
**Hrefna Björg Guðmundsdóttir** **Kjartan Bjarnason**
**Hildur Guðmundsdóttir** **Ari Arnórsson**
**Heimir Már, Viktor Smári, Bastían Jóhann, Sigurbjörg Sól og Jósep Evían, Hallgrímur, Guðmundur, Þórir, Hjörleifur, Hörður, Nanna, Þórey og Guðjón.**
**Systkinabörn og aðrir vandamenn.**

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns,

**BERGS PÉTURS JÓNSSONAR,**
**fyrrverandi flugumferðarstjóra,**

er lést 6. júlí 2013.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Svanhvít Sigurlinnadóttir**

✝



Okkar ástkæri bróðir, mágur og föðurbróðir,

**SIGURBJÖRN BENEDIKTSSON**
**Bjössi**
**Stigahlíð 54, Reykjavík,**

lést á heimili sínu 4. ágúst. Útför fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 14. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélagið Ás.

**Bergur Benediktsson** **Ragnhildur Þórarinsdóttir**
**Helgi Benediktsson** **Kristín Helgadóttir**
**og bræðrabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**MATTHÍAS MAGNÚSSON**
**vélstjóri,**
**Hraunbæ 84,**

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju í dag, fimmtudaginn 8. ágúst, kl. 13.00.

**Jóna Lárusdóttir**
**og fjölskylda.**



## PÆJUMÓT Á SIGLÓ

**Pæjumót TM á Siglufirði fer fram um helgina, 9.-11. ágúst. Búist er við allt að 800 keppendum víðs vegar af á landinu til leiks en þeir voru um 600 í fyrra. Margt verður um að vera samhliða mótinu til að skemmta gestum.**




Rýmingasala hafin
50-70% afsláttur
Ný sending af vetrarvörum!
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ



Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Lokadagar útsölu!
70% afsláttur!
Allt á að seljast!



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook




# HELST EKKI SVARTA

**SAFNAR SOKKUM** *Gunnar Helgi Guðjónsson myndlistarmaður segist þjást af hálfgerðri þráhyggju, en hann á tæplega 80 sokkapör og langar í fleiri.*

Þetta byrjaði allt saman þegar Sock Shop opnaði í Kringlunni 1998,“ segir Gunnar Helgi Guðjónsson myndlistarmaður sem safnar sokkum í öllum regnbogans litum. „Svo varð þetta eiginlega pínu þráhyggja, að vera alltaf að kaupa sokka.“

Hann segist reyndar vera farinn að stoppa sig af þegar hann rekst á flotta sokka í verslunum. „Um daginn sá ég til dæmis tilboð í búð á Laugaveginum, þrjú pör á verði tveggja, fannst sokkarnir ógeðslega flottir og hugsaði: „hey þetta er góð hugmynd“, en svo þurfti ég að taka mig taki,“ segir hann og hlær. „Það er ekki langt síðan ég henti nokkrum ónýtum sokkum úr safninu og það var alveg ótrúlega erfitt.“ Gunnar Helgi segist jafnvel bindast sokkunum tilfinningaböndum. „Ég á virkilega erfitt með að henda sokkum sem ég hef fengið að gjöf frá fólki sem mér þykir vænt um,“ útskýrir hann. Elsta sokkaparið hans er níu ára gamalt, en það verður að teljast góður líftími sokkapars.

Gunnar Helgi hefur ekki nákvæma tölu yfir sokkafjöldann en áætlar að hann sé um það bil 70-80 pör, sem öll eru í reglulegri notkun. Þar af eru aðeins fjögur svört. „Ég nenni ekki að eiga svarta sokka því mér finnst svo ógeðslega leiðinlegt að para þá og brjóta þá saman,“ útskýrir Gunnar Helgi. „Það er miklu auðveldara að hugsa um litaða og mynstraða sokka.“ Hann segir að sokkavalið á morgnana skipti reyndar höfuðmáli. „Það er ekki sama í hvaða sokkum ég er. Það verður að vera í réttum sokkum fyrir hvern dag,“ segir hann og brosir.

En étur þvottavélin aldrei sokkana? „Jú, það hefur sannarlega gerst. Ég á hrúgu af einhleypum sokkum og skil ekkert hvað hefur orðið af hinum,“ segir Gunnar Helgi og hlær.

Í sumar hefur Gunnar Helgi skrifað í Gestgjafann, en eins og glöggir menn muna sigraði hann í hinu íslenska MasterChef. „Ég er aðallega að skrifa þessa dagana og safna uppskriftum og svo elda ég bara heima fyrir vini og vandamenn,“ segir hann. Þessa dagana er hann að skipuleggja atriði Samtakanna ´78 í Gleðigöngunni, en þau eiga 35 ára afmæli í ár. „Það verður afmælisveisla í göngunni. Við erum að búa til kórónur og ýmislegt fleira sem má ekki segja frá en kemur í ljós seinna,“ segir Gunnar Helgi og brosir. ■ halla@365.is

**KOKKURINN OG SOKKARNIR** Gunnar Helgi, sigurvegari hins íslenska MasterChef, segist þurfa að taka sig taki þegar hann rekst á flotta sokka í verslunum. MYND/GVA

## SÁRT AÐ HENDA

„Það er ekki langt síðan ég henti nokkrum ónýtum sokkum úr safninu og það var alveg ótrúlega erfitt.“




Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED®

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Fimm stjörnu verslun

Frábært tilboð

REVIERE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-

REVIERE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa ★★★★★
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

LOKA-ÚTSÖLULOK



70% afsláttur af öllum útsöluvörum*

Flott föt fyrir flottar konur
st. 38 – 58

*70% afsláttur frá upphaflegu verði
- reiknast af á kassa

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is




# TEIKNAR VINSÆLAR MERKJAVÖRUR

**TÍSKA Á PAPPÍR** *Óvenjulegt blogg hefur vakið athygli á netinu. Þar birtast teiknaðar myndir af tískuflíkum.*

Bloggið Shit Bloggers Wear hefur vakið mikla athygli, enda einstakt. Cecilia Doan sér um síðuna en hún teiknar sjálf öll fötin sem hún birtir. Teikningarnar eru af flíkum sem eru vinsælar hjá bloggurum um allan heim. Sjálf segist Cecilia vera mikill aðdáandi tískubloggs en hún skoðar þau mörgum sinnum á dag. Í maí síðastliðnum tók hún eftir því að allir helstu bloggararnir áttu sams konar hluti. Fyrsta flíkin sem hún teiknaði var Chanel-espadrillurnar sem hafa verið áberandi frá því í vor.

„Mér fannst það orðið áberandi hversu mörg tískumerki voru byrjuð að borga flottum bloggurum fyrir að ganga í fötunum þeirra og mig langaði að vekja athygli á því,“ segir Cecilia. „Það leiðir til þess að ungt fólk eyðir peningum í rándýr föt sem það hefur ekki efni á til þess eins að líkjast þessum frægu bloggurum í stað þess að þróa sinn eigin stíl sem þarf ekki endilega að kosta mikið,“ útskýrir hún. Myndirnar er vel teiknaðar en Cecilia hefur tekið nokkra tíma á ýmsum teikningámskeiðum. Hún er núna að læra viðskiptafræði sem einblínir á tískuiðnaðinn. „Ég teikna fyrir bloggið tvisvar til þrisvar í viku. Áður teiknaði ég ekkert fyrir utan kennslustofuna. Þetta er gaman og ég er fljót að teikna flíkurnar,“ segir hún.

Mikil vinna fer í að finna flíkur til þess að teikna en hún skoðar fjölmörg blogg á hverjum degi ásamt því að fá ábendingar frá lesendum. Margir fataframleiðendur hafa tekið blogginu illa og telja Ceciliu vera að gera grín að fötunum en sú er ekki raunin segir hún. „Ég hef verið að fylgjast með þessari þróun í nokkur ár og það hafa margir gert. Ég byrjaði að teikna fötin af því að mér finnst það gaman, þetta er alls ekki illa meint og ég er ekki að gera grín að neinum,“ útskýrir Cecilia.

**ALLT ÞAÐ VINSÆLASTA** Cecilia teiknar myndir af vinsælustu flíkunum í tískuheiminum.

# SÆTAR TÖSKUR Í SKÓLANN

*Beatrix New York-skóla- og nestistöskurnar hafa slegið í gegn hjá stjörnunum en þær fást nú í netversluninni Liggalá, sem Tinna Pétursdóttir opnaði í vor.*

Beatrix New York-skólatöskurnar eru litríkar með fallegum upphleyptum myndum og vinsælar hjá börnum sem eru að byrja í skóla. Nestistöskurnar fara vel í hendi og eru til dæmis tilvaldar í lautarferðir og til að taka með á leikjanámskeið eða í styttri ferðalög.

Nuddarinn Tinna Pétursdóttir, sem er búsett á Akranesi, flytur þær inn. Í barneignarleyfi datt henni í hug að opna netverslun með barnavörum sem ekki fást hér á landi. „Ég byrjaði að flytja inn frönsku Pirouette cacahouète-vörurnar sem ég er einnig með umboð fyrir, en þetta eru skemmtilegar föndurvörur úr endurunnum pappa,“ segir Tinna, sem langaði til að bjóða upp á skapandi vörur fyrir börn í bland við aðrar gjafavörur. „Síðan rakst ég á þessar dásamlegu töskur frá New York og voða falleg hálsmen frá dansk/japanska framleiðandanum Pop Cutie Accessories. Þetta eru handgerð dýra- og fígúruhálsmen og hafa þau slegið rækilega í gegn hjá börnum jafnt sem fullorðnum.“

Tinna hefur verið með nokkra kynningarbása í sumar og hafa viðtökurnar verið framar vonum. Áhugasamir geta kynnt sér úrvalið á www.liggala.is.



**OPNAÐI NETVERSLUN Í ORLOFI** Tinna féll kylliflöt fyrir þessum litríku töskum.





**KRÚTT-LEGAR** Stjörnur á borð við Halle Berry og Maggie Gyllenhaal hafa keypt Beatrix New York-töskur fyrir börnin sín

Nýjar Haustvörur



20% afsláttur

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur

ÚTSALA

Flottur fatnaður
á frábæru verði

30% afsláttur

Gerið glæsileg kaup

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


CROSS S1
THE GAME CHANGER
LOOP
- Stöngin sem breytir leiknum -
Það er hægt að skrifa heila bók um ævintýrið sem þróunin og kynningin á Cross S1 flugustönginni hefur verið. Hins vegar er eina leiðin til að skilja málið til fulls einfaldlega að prófa stöngina því það er ekki hægt að koma fyllilega í orð hvað átt er við þegar sagt er að þessi stöng **"breyti leiknum"**.
Verið velkomin í verslun okkar á Langholtsvegi 111 til að kynnast af eigin raun hvernig Loop hefur tekist að þróa stöng sem kollvarpar öllu því sem menn héldu að enn væri hægt að bæta við flugustangir hvað gæði og eiginleika varðar.
CROSS S1
Alta vöðlur
GUIDELINE
Ný tækni, engir saumar.
Vöðlur gerast líklega ekki betri en þessar.
patagonia
GUIDELINE
Primaloft
Vinsælustu jakkarnir í veiðina og útivistina
Flugubarinn
...ný áfylltur
Önnur eins gæði er erfitt að finna...
4Cast
Test winner in Trout&Salmon Magasin.
Flugulínur
Línurnar frá Guideline eru algjörlega búnar að slá í gegn hjá íslenskum veiðimönnum.
LOOP
Loop fluguhjól
Einfaldlega stórkostleg hjól frá snillingum Loop
LOOP
hefur fengið nýtt heimili!
Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á Íslandi
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN.
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060

SÓFAR
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum
• Gerð - fleiri en 900 mismunandi útfærslur
• Stærð - engin takmörk
• Áklæði - yfir 3000 tegundir

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA


Torino 2+H+2
299.000 kr.
Verð áður 333.900 kr.


Roma 2+tunga (3 litir)
Verð nú kr.
125.900
Verð áður 179.900 kr.


Basel 2+H+2
309.500 kr.
Verð áður 343.900 kr.

Tungusófar • Sófasett • Stakir sófar • Hornsófar

VIÐ ERUM FLUTT Á BÍLDSHÖFÐA 18

Vertu velkomin!
Opið virka daga kl. 10-18

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala
vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS





# STÓRAR OG ÞYKKAR KÁPUR FYRIR HAUSTIÐ

**HLÝTT OG GOTT** *Tískudömur geta hlakkað til haustsins því þá koma í verslanir stórar, þykkar og flottar vetrarkápur. Síðar kápur verða áberandi í vetur.*

Eitt það besta við vetrarkuldann er að geta klætt sig í fallega, góða og hlýja vetrarkápu. Nokkuð frjálsræði hefur verið í þessari tísku undanfarin ár en þó hefur meira borið á mjög stuttum kápum en síðum. Nú virðist þetta vera að snúast við, kápurnar eru að síkka og sumar eru reyndar dragsíðar. Flestir tískuhönnuðir boða stórar, þykkar, hnésíðar kápur í haust og vetur. Þær eru úr góðum ullarefnum og eru klæðilegar. Þær eru kallaðar „oversized coat“ og eru gjarnan með stórum og miklum kraga.

Þótt frægir tískuhönnuðir hafi sýnt þykkar og stórar kápur á tískusýningum fyrir haust 2013 eru engar reglur í tískunni. Leður og skinn er enn vinsælt og stuttu kápurnar sjást líka. Hins vegar má búast við að stóru kápurnar verði ráðandi hjá þeim sem vilja fylgja nýjustu tískustraumum.

Tískulöggur erlendra tískublaða benda á að gróf leðurstígvél séu fullkomin við vetrarkápurnar. Stórir treflar verða sömuleiðis vinsælir, hanskar og hattar eða önnur höfuðföt. Litir á vetrarkápum eru dökkir haustlitir en vinsælustu litirnir á öðrum fatnaði eru rauður, blár, grænn og bleikur. Dýramynstur með svörtu og hvítu verða sömuleiðis vinsæl áfram.

**STÓRIR KRAGAR**
Hér fyrir ofan eru kápur frá þremur flottum tískuhúsum. Til vinstri er gul kápa frá Max Mara, þá er hvít kápa frá Hermes og loks dökk frá DKNY.




**FLOTTAR KÁPUR**
Í efri röð frá vinstri er falleg, svört kápa frá Max Mara með leðri á öxlum, næst er tvíhneppt blá kápa frá Miu Miu, þá koma tvær vetrarlegar frá Chanel-tískuhúsinu. Hér til hliðar eru þrjár fallegar en mismunandi kápur frá tískukónginum Phillip Lim sem hefur verið afar vinsæll undanfarið. Allar kápurnar voru sýndar á tískusýningum fyrir haust- og vetrarfatnað 2013-2014. Takið eftir síddinni á kápunum.

HEIMSMEISTARAMÓT ÍSLENSKA HESTSINS Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST 2013
11. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2





**BARA GRÍN**
Björn Bragi fer í saumana á 70 mínútum.



**MISTRESSES**
Vinkonur í blíðu og stríðu.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Berglind Pétursdóttir missir ekki af þætti.

ÞÁTTURINN SEM GERÐI ALLT BRJÁLAÐ Í BRETLANDI

# BROADCHURCH

BRESKA ÞÁTTARÖÐIN BROADCHURCH HEFUR GÖNGU SÍNA Á STÖÐ 2 Á SUNNUDAGSKVÖLD. FRÁBÆR ÞÁTTARÖÐ SEM ENGINN ÆTTI AÐ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA.

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

## ÓMISSANDI Í VIKUNNI

**PERSON OF INTEREST**
Fimmtudag
kl. 21.30



**ARRESTED DEVELOPMENT**
Föstudag
kl. 19.40



**SOURCE CODE**
Laugardag
kl. 22.45



**THE KILLING**
Sunnudag
kl. 21.45



**THE NEWSROOM**
Mánudag
kl. 21.30



**MIKE & MOLLY**
Þriðjudag
kl. 20.25





# FENGU STÚDÍÓ Í KAFFITÍMA

**Björn Bragi grefur** upp gamlar klippur úr 70 mínútum. Hann segir að aðstandendur þáttanna óski þess eflaust frekar að klippurnar falli í gleymskunnar dá.

**BARA GRÍN**
**Föstudag kl. 20.15**

Fyrsti þátturinn af Bara grín fer í loftið á föstudag en þá verður litið aftur til þáttaraðarinnar 70 mínútur. Rætt verður við alla þá sem komu að þættinum og þessi tími rifjaður upp. Þættirnir voru sýndir á árunum 2000-2005.

„Það er skemmtileg sagan á bak við þennan þátt,“ segir Björn Bragi. „Það er eiginlega bara magnað að þátturinn hafi orðið að veruleika því það var ekkert fjármagn á bak við hann og ekkert bakland. Enginn virtist heldur hafa trú á honum.“

Björn Bragi segir að þáttagerðin hafi verið hálfgerð þrautaganga fyrir þá sem stóðu að honum. „Þeir voru dálítið einir og var kastað út í horn til þess að gera þetta. Þeir fengu takmarkaðan tíma í stúdíóinu. Það var nefnilega þannig að á meðan „alvörutæknimennirnir“ voru í matartíma fengu þeir að nota stúdíóið.“

Strákarnir í 70 mínútum eru í dag þekktir af öðrum verkum. „Það er gaman að skoða þessi gömlu brot þar sem Auddi er með hár og Simmi er spikfeitur og þeir taka upp á einhverri vitleysu sem þeir myndu eflaust ekki láta sér detta í hug í dag,“ segir Björn Bragi.

„Og það er örugglega margt sem við rifjum þarna upp sem menn vilja ekkert endilega sjá aftur í sjónvarpinu,“ bætir hann við og hlær.

# ALLIR VINSÆLUSTU GAMANÞÆTTIRNIR ERU **Á STÖÐ 2**

The Big Bang Theory var langvinsælasta gamanþáttaröðin í bandarísku sjónvarpi síðastliðinn vetur með yfir 18,5 milljónir áhorfenda að meðaltali á viku. Sjö vinsælustu gamanseríurnar samkvæmt áhorfsmælingum Nielsen eru sýndar á Stöð 2.

Gamanþátturinn The Big Bang Theory hefur vaxið í vinsældum meðal áhorfenda á síðastliðnum árum og er nú kominn í þriðja sæti yfir það sjónvarpsefni sem bandarískir áhorfendur horfa mest á. Það eru aðeins sunnudagsleikirnir í bandarískum fótbolta og spennuþáttaröðin NCIS sem njóta meiri vinsælda.

Ashton Kutcher og félögum hans í þáttunum Two and a Half Men gengur enn þá mjög vel með 13,7 milljónir áhorfenda á viku og Modern Family mældist með 12,3 milljónir áhorfenda. Stöð 2 sýnir átta af tíu vinsælustu gamanþáttunum í Bandaríkjunum sl. vetur.

### GAMANÞÆTTIR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | CBS | The Big Bang Theory | 18.680.000 | 2 |
| 2 | CBS | Two and a Half Men | 13.788.000 | 2 |
| 3 | ABC | Modern Family | 12.306.000 | 2 |
| 4 | CBS | 2 Broke Girls | 10.627.000 | 2 |
| 5 | CBS | Mike & Molly | 10.218.000 | 2 |
| 6 | CBS | How I Met Your Mother | 9.022.000 | 2 |
| 7 | ABC | Middle | 8.400.000 | 2 |
| 8 | CBS | Made In Jersey | 8.044.000 | |
| 9 | ABC | Last Man Standing | 7.929.000 | 2 |
| 10 | CBS | Rules of Engagement | 7.690.000 | |

# HÖFÐAR TIL BREIÐARI HÓPS

classic

Fjölvarpsáskrifendur hafa nú aðgang að tónlistarstöðinni VH1 Classic en hún kemur í stað VH1 Hits. Tilgangurinn er að skerpa á skilunum milli þeirra tónlistarstöðva sem eru sendar út. VH1 Classic höfðar til eldri áhorfenda og þótti vanta slíka stöð. Markmiðið er að bæta þjónustuna og ná til breiðari hóps. Þá stendur til að bæta við MTV-flóruna svo allir ættu að geta fundið stöð við hæfi.

### Hér má sjá dagskrána í dag:

| | |
|---|---|
| 06.00 | MORNING HITS |
| 11.00 | WE ARE THE 80S |
| 13.00 | SMELLS LIKE THE 90S |
| 14.00 | ALL TIME HITS |
| 18.00 | WE ARE THE 80S |
| 20.00 | SMELLS LIKE THE 90S |
| 21.00 | WE ARE THE 80S |
| 22.00 | THE ROCK SHOW |
| 23.00 | ALL TIME HITS |
| 01.00 | NEVER MIND THE CLASSICS |



# TILNEFND FJÓRÐA ÁRIÐ Í RÖÐ



**Connie Britton leikur söngkonuna Rayna Jaymes í þáttaröðinni Nashville. Hún var á dögunum tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir frammistöðu sína.**

**2 NASHVILLE**
**kl. 20.00 mánudag**

Britton er tilnefnd fjórða árið í röð til þessara eftirsóttu verðlauna fyrir leik í þremur mismunandi þáttaröðum.

Britton var í sturtu þegar Emmy-tilnefningarnar voru tilkynntar í júlí. „Ég var bara búin að raka annan fótlegginn þegar ég heyrði í símanum og stökk úr sturtunni,“ segir leikkonan. Hún segist ekki búast við að hljóta verðlaunin núna, frekar en þrjú undanfarin ár. „Það eru svo ótrúlega góðar leikkonur sem eru tilnefndar. Ég er bara ánægð með að fá að vera með, að mæta á staðinn og fara síðan í partíið á eftir. Þetta snýst allt um partíið!“

Britton var tilnefnd 2010 og 2011 fyrir leik sinn í þáttaröðinni Friday Night Lights en á sl. ári fékk hún Emmy-tilnefningu fyrir leik í American Horror Story, sem sýnd var á Stöð 2.

### Flottur ferill

Britton er 46 ára en hún kom seint fram í sviðsljósið í Hollywood. Eftir að hafa lokið leiklistarnámi fékk hún hlutverk í leikritum í New York. Hún var 32 ára þegar hún kom fyrst fram kvikmynd árið 1995 en það var myndin The Brothers McMullen. Í kjölfarið fylgdi gestahlutverk í gamanþáttunum Ellen og fast hlutverk í annarri vinsælli gamanþáttaröð, Spin City með Michael J. Fox í aðalhlutverki. Þar lék hún léttlynda skrifstofumey sem á í ástarsambandi við aðalpersónuna, Mike Flaherty. Hún var hins vegar skrifuð út úr þáttunum þegar Charlie Sheen tók við aðalhlutverkinu af Fox.

Næst vakti hún athygli í fimmtu þáttaröðinni af 24 þar sem hún lék kærustu Jacks Bauer (Kiefer Sutherland) árið 2006. Það var ekki fyrr en hún hlaut hlutverkið í Friday Night Lights að henni var treyst fyrir aðalhlutverki og hún er núna ein virtasta leikkonan í bandarísku sjónvarpi. Frammistaða hennar í Nashville hefur vakið verðskuldaða athygli og hún var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna í janúar og núna til Emmy-verðlauna.

# ÍSLANDSVINURINN **GABRIEL MACHT**



Leikarinn Gabriel Macht hefur slegið í gegn í þáttunum Suits sem hafa verið sýndir á Stöð 2. Fyrr í sumar var hann staddur á Íslandi í fríi ásamt fjölskyldu sinni en hann er giftur leikkonunni Jacindu Barrett og eiga þau saman eitt barn.

Gabriel hefur leikið frá átta ára aldri en eftir frammistöðu hans í Suits hefur hann slegið í gegn og er þátturinn einn sá vinsælasti í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þættirnir áttu upphaflega að heita A Legal Mind en nafninu var breytt á síðustu stundu.



# VINKONUR Í BLÍÐU OG STRÍÐU

**MISTRESSES**
**Kl. 21.35 miðvikudaga**

Mistresses er glæný, bandarísk þáttaröð sem hóf göngu sína á Stöð 2 í gær. Þættirnir eru byggðir á samnefndum breskum þáttum sem slógu í gegn á BBC fyrir nokkrum árum og fjalla um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við hitt kynið.

Alyssa Milano, sem leikur eitt aðalhlutverkanna, segir að nafnið Mistresses gefi ekki alveg rétta mynd af innihaldi þáttanna. „Þessir þættir fjalla um svo miklu meira en bara framhjáhald," segir Milano, sem einhverjir áhorfendur minnast eflaust enn þá sem litlu, saklausu stelpunnar í gamanþáttunum Who's the Boss?

Vinkonurnar fjórar eru á mismunandi stöðum í lífinu. Ein er virtur lögfræðingur, önnur sálfræðingur, þriðja verslunareigandi og ekkja en sú fjórða er fasteignasali. Allar hafa þær kynnst framhjáhaldi með einum eða öðrum hætti, hvort sem þær hafa sjálfar verið með giftum mönnum eða mennirnir þeirra verið þeim ótrúir. Þættirnir hafa fengið mjög góðar viðtökur á ABC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum í sumar. Í byrjun var þeim líkt við aðra þætti sem hafa fjallað um vinkvennahópa, svo sem Desperate Housewives og Sex and the City, en fljótlega kom í ljós að Mistresses hefur sína sérstöðu. „Ég elskaði bæði Desperate Housewives og Sex and the City. Það voru mjög skemmtilegir þættir en Mistresses er alvarlegri og það er ekki verið að gera grín að þeim aðstæðum sem konurnar koma sér í. Það er ekkert verið að fegra hlutina í þessum þáttum," segir Milano.

# SEGIR NEI VIÐ SMYGLI

**ORANGE IS THE NEW BLACK**
**Kl. 21.10 þriðjudaga**

Berglind Pétursdóttir mælir með fyrstu seríunni af Orange is the New Black sem Stöð 2 sýnir um þessar mundir. Hún segir næstu þriðjudagskvöld frátekin en þá eru þættirnir á dagskrá.

„Þættirnir hvetja mann til að borga stöðumælasektirnar á réttum tíma og segja nei þegar maður er beðinn um að vera hluti af eiturlyfjasmyglhring," segir hún. „Fyrir utan hvað maður metur það mikils að þurfa ekki að borða túrtappa í hamborgarabrauði í hádegismat."



Bergiind er ein þerra fjölmörgu sem heur fallið fyrir Orange is The New Black.



## Persónurnar í Broadchurch:

**Karen White**
(Vicky McClure)
Blaðakona hjá einu af bresku götublöðunum sem hefur sérstakan áhuga á lögreglumanninum Alec Hardy. „Karen kynntist honum við rannsókn á öðru máli," segir Vicky sem lék fyrrum kærustu Davids Tennant í annarri þáttaröð sem kallast True Love.

**Beth Latimer**
(Jodie Whittaker)
Mamma fórnarlambsins er heltekin af sorg. Hún veit ekki hvað hún á til bragðs að taka þegar fjölskyldan lendir í þessum harmleik og fjölmiðlafári. „Þetta er mikill tilfinningarússíbani fyrir Beth vegna þess að hún er bæði í áfalli og mjög reið," segir Jodie.

**Mark Latime**
(Andrew Buchan)
Pabbi stráksins sem finn látinn. Hann er vinsæll meðal bæjarbúa og á yfi borðinu lifir hann hinu ful komna fjölskyldulífi en þa kraumar óánægja undir niðri. „Mark missir tökin þegar Danny er myrtur," segir Andrew.



# MORÐ Á STRÖNDINNI



Ungur drengur er myrtur í friðsælu sjávarþorpi og íbúarnir hafa allir eitthvað að fela.

**BROADCHURCH**
**Kl. 20.55 sunnudaga**

Breska þáttaröðin Broadchurch sló rækilega í gegn þegar hún var sýnd á ITV í Bretlandi fyrir skömmu. Gagnrýnendur lofa þættina og það er langt síðan bresk þáttaröð hefur vakið eins mikla athygli og eftirtekt.

Strax var ákveðið að gera aðra þáttaröð og bandaríska sjónvarpsstöðin Fox hefur tilkynnt að hún ætli að gera bandaríska útgáfu af þáttunum á næsta ári.

Broadchurch er áhrifamikil þáttaröð sem vekur áhorfandann til umhugsunar um leið og hann reynir að leysa klassíska morðgátu þar sem engin leið er að vita hver er morðinginn.

Lík ellefu ára stráks finnst á ströndinni í smábænum Broadchurch við vesturströnd Bretlands. Í fyrstu virðist sem Danny Latimer hafi fallið fram af klettum sem gnæfa yfir ströndinni eða að hann hafi ákveðið að binda enda á líf sitt og stokkið fram af klettunum en þegar lögreglan rannsakar málið kemur fljótlega í ljós að morð var framið.

Íbúar þessa litla sjávarþorps eru harmi slegnir, enda hefur aldrei verið framið morð í þessum friðsæla bæ þar sem allir þekkja alla. Þessi voveiflegi atburður setur allt á annan endann í þessu litla samfélagi. Þegar rannsóknin fer af stað koma leyndarmál íbúanna upp á yfirborðið, eitt af öðru, og athygli fjölmiðla beinist að bæjarbúum.

### Tilfinningaríkir þættir

David Tennant, einn allra vinsælasti leikari Breta í dag, leikur rannsóknarlögreglumanninn Alec Hardy, sem fer fyrir rannsókn málsins með aðstoð lögreglukonunnar Ellie Miller, sem Olivia Colman leikur. „Þetta eru virkilega tilfinningaríkir þættir,“ segir Tennant. „Það er ekki hægt að hugsa sér neitt verra en að missa barn. Þetta er ekki hefðbundin morðgáta þar sem við erum bara að útiloka alla sem eru grunaðir. Þetta er einnig saga um hvernig dauði barns snertir alla í litlu samfélagi.“



### Ellie Miller
(Olivia Colman)

Ellie er lögreglukona sem er fædd og uppalin í Broadchurch og þekkir alla sem grunaðir eru um morðið. Hún tengist líka fórnarlambinu og málið reynist henni erfitt. „Þetta er fyrsta morðmálið hennar og fórnarlambið er besti vinur sonar hennar,“ segir Olivia.

### Alec Hardy
(David Tennant)

Hardy er reyndur rannsóknarlögreglumaður sem sendur er til smábæjarins Broadchurch. Hann hefur ekki mikinn áhuga á smábæjarlífinu en lendir í sviðsljósinu þegar morð er framið í bænum. „Hann á sín leyndarmál og vandamál úr fortíðinni og það er ástæðan fyrir því að hann endar í þessu krummaskuði,“ segir David.

### Paul Coates
(Arthur Darvill)

Presturinn í Broadchurc, ungur og óreyndur. Þegar stórborgarblöðin koma til bæjarins er hann sjálfskipaður talsmaður bæjarbúa og það mæðir mikið á honum. Líkt og aðrir íbúar bæjarins þá á hann sér leyndarmál.





Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín er í fullum gangi. Bein útsending er frá mótinu á Stöð 2 Sport.

# ÍSLENDINGUNUM GENGUR VEL

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín er í fullum gangi. Beinar útsendingar eru frá mótinu alla keppnisdagana á Stöð 2 Sport en mótinu lýkur á sunnudag. Hápunktar keppninnar eru teknir saman í lok hvers dags klukkan 21.00.

Feðgarnir Hinrik Bragason og Gústaf Hinriksson keppa báðir á mótinu og í stuttu spjalli sagði Hinrik keppnina fara vel af stað hjá Íslendingunum. Veðrið léki við keppendur og gesti.

„Stemmingin er gríðarlega góð. Hitastigið er um og yfir 35 stig sem er allt að því of mikið af hinu góða og mikill fjöldi fólks fylgist með mótinu,“ segir Hinrik. „Árangurinn í fjórganginum var á pari við það sem við vonuðumst eftir. Í ungmennaflokknum erum við með báða hestana okkar í A-úrslitum og í fjórgangi fullorðinna erum við með einn hest í A-úrslitum og annan í B-úrslitum. Við erum því nokkuð sátt. Strákarnir í kynbótahrossunum hafa einnig verið að standa sig vel,“ segir Hinrik.

Hann segir undirbúning íslensku keppendanna hafa verið langan og strangan og að gríðarleg vinna liggi að baki. Það sé því mikill hugur í fólki nú þegar keppnin er hafin.

„Forkeppnirnar eru í gangi alla vikuna og úrslitin í ungmennaflokkunum byrja í dag, fimmtudag. Í fullorðinsflokkunum eru úrslit á laugardag og sunnudag svo það er heilmikið eftir.“

## SPORT Dagskrá mótsins:

**FIMMTUDAGUR 8. ÁGÚST**

| | |
|---|---|
| 05.00-08.15 | Slaktaumatölt (T2) forkeppni |
| 08.15-11.30 | Slaktaumatölt (T2) forkeppni |
| 10.00-12.00 | Reiðdómar - stóðhestar |
| 12.00-13.30 | Yfirlitssýning hryssur |
| 14.00-14.45 | Fjórgangur (V1) A-úrslit ungmenna |
| 15.30-17.30 | Gæðingaskeið (PP1) |
| 17.30 | Gæðingaskeið (PP1) Verðlaunaafhending |
| 21.00-21.30 | Samantekt |

**FÖSTUDAGUR 9. ÁGÚST**

| | |
|---|---|
| 06.30-10.15 | Tölt (T1) forkeppni |
| 10.15-11.30 | Hlé |
| 11.30-13.15 | Tölt (T1) forkeppni |
| 13.30 | Slaktaumatölt (T2) A-úrslit ungmenna |
| 14.45-16.15 | 250 m skeið (P1) undanriðlar |
| 16.30 | Ræktunarbússýningar |
| 21.00-21.30 | Samantekt |

**LAUGARDAGUR 10. ÁGÚST**

| | |
|---|---|
| 07.00-07.45 | Slaktaumatölt (T2) B-úrslit |
| 09.00-09.45 | Fimmgangur (F1) A-úrslit ungmenna |
| 09.00-09.45 | Tölt (T1) B-úrslit |
| 10.00-11.30 | Kynbótahross – yfirlitssýning stóðhestar |
| 12.00 | Sigurvegarar eldri móta |
| 12.45-14.15 | 250 m skeið (P1) undanriðlar |
| 14.15-14.30 | 250 metra skeið (P1) Verðlaunaafhending |
| 14.30-15.15 | Kynbótahross – hryssur - kynning |
| 15.45-16.30 | Fjórgangur (V1) B-úrslit |
| 16.45-17.30 | Fimmgangur (F1) B-úrslit |
| 21.00-21.30 | Samantekt |

**SUNNUDAGUR 11. ÁGÚST**

| | |
|---|---|
| 07.15-08.00 | Slaktaumatölt (T2) A-úrslit |
| 08.15-09.00 | Tölt (T1) A-úrslit ungmenna |
| 09.15-10.00 | Tölt (T1) A-úrslit |
| 10.00-10.45 | Kynbótahross – stóðhestar - kynning |
| 11.15 | 100 m fljúgandi skeið (P2) |
| 12.30 | 100 m fljúgandi skeið (P2) Verðlaunaafhending |
| 13.00 | Fjórgangur (V1) A-úrslit og sameiginlegur sigurvegari í fjórgangi tilkynntur |
| | Fimmgangur (F1) A-úrslit og sameiginlegur sigurvegari í fimmgangi tilkynntur |
| 14.00 | Lokaathöfn og verðlaunaafhending |
| 21.15-22.00 | Samantekt |

# MYND HELGARINNAR



### SOURCE CODE
**Kl. 22.45 laugardag**

Jake Gyllenhaal leikur aðalhlutverkið í spennumyndinni Source Code sem Stöð 2 sýnir á laugardagskvöld. Hann leikur hermann sem vaknar í líkama sem hann kannast ekkert við og kemst að því að hann er hluti að leynilegu verkefni þar sem hann þarf að finna sprengjuvarg í farþegalest áður en það er um seinan.




### THE EXTRA MAN
**Kl. 20.45 föstudag**

Gamanmynd með Kevin Kline, Paul Dano, Katie Holmes og John C. Reilly í aðalhlutverkum. Hún fjallar um glaumgosa sem er fylgdarsveinn ríkra kvenna á Manhattan.




### THE COLD LIGHT OF DAY
**Kl. 22.30 föstudag**

Spennutryllir með Bruce Willis, Sigourney Weaver og Henry Cavill (nýja Superman) í aðalhlutverkum. Hún fjallar um ungan mann sem lendir í kröppum dansi eftir að fjölskyldu hans er rænt á Spáni.




### JOYFUL NOISE
**Kl. 20.50 laugardag**

Skemmtileg mynd þar sem tónlistin og gleðin ræður ríkjum. Queen Latifah, Dolly Parton, Keke Palmer og Jeremy Jordan leika aðalhlutverkin.

# 10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

### BÍÓ TOPPMYNDIR
**Kl. 22.00 alla daga**




Fimmtudagur
**Stand By Me**
Frábær mynd sem byggð er á smásögu eftir Stephen King.




Föstudagur
**Hanna**
Spennandi mynd um 16 ára stúlku sem er þjálfuð til að verða leigumorðingi.




Laugardagur
**The Killer Inside Me**
Mögnuð spennumynd með Casey Affleck, Kate Hudson og Jessica Alba í aðalhlutverkum.




Sunnudagur
**Walk the Line**
Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd með þeim Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í aðalhlutverkum.




Mánudagur
**Ray**
Einstaklega vönduð verðlaunamynd sem færði Jamie Foxx bæði Óskars- og Golden Globe-verðlaun fyrir aðalhlutverkið.




Þriðjudagur
**The Beach**
Toppmynd með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki.

# STUÐLAR AÐ GÓÐRI HEILSU OG VELLÍÐAN

Lifandi markaður býður Vildaráskrifendum Stöðvar 2 upp á 20% afslátt af öllum vörum bæði í verslun og á veitingastað í Fákafeni við fyrstu innkaup.

VILD er snilld




Í Lifandi markaði fást hreinar matvörur án óæskilegra fyllingar- og aukaefna.

Lifandi markaður er valkostur á matvörumarkaði fyrir þá sem eru meðvitaðir um mikilvægi þess að velja matvörur sem stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Þær eru unnar úr hollu og góðu hráefni sem nærir líkamann. „Við bjóðum einungis hreinar gæðamatvörur án óæskilegra fyllingar- og aukefna sem og fjölbreytt úrval af náttúrulegum og umhverfisvænum snyrti- og hreinlætisvörum. Þá veitum við ráðgjöf um hvaða fæðubótarefni henta sem viðbót við fjölbreytt fæði og erum með mesta úrval landsins af NOW-bætiefnum, sem eru unnin úr hreinum hágæða hráefnum,“ segir Arndís Thorarensen, framkvæmdastjóri Lifandi markaðar.

Stærstur hluti vöruúrvals Lifandi markaðar er lífrænt vottaður en á bak við þá vottun er trygging fyrir því að hráefnið var ræktað og varan framleidd án skaðlegra efna. „Það sem aðgreinir Lifandi markað frá öðrum matvöruverslunum er að í sama rými er veitingastaður með úrval ljúffengra og næringarríkra rétta, ásamt salat- og safabar. Við bætum stöðugt við nýjum og spennandi réttum til að allir geti fengið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Arndís.

***Hvað einkennir staðinn í Fákafeni?*** Í Fákafeni er stærsta verslun og veitingastaður Lifandi markaðar. Staðurinn er í verslunarhverfi til að auka aðgengi viðskiptavina að lífrænum vörum. Á veitingastaðnum er boðið upp á morgunverð og þar er fullbúið kaffihús og safabar sem hefur notið mikilla vinsælda hjá þeim sem vinna eða búa í nágrenni við Skeifuna í Reykjavík.

***Hverjar eru helstu nýjungar?*** „Við bjóðum nú LKL-útgáfu (lágkolvetna) af rétti dagsins. LKL-rétturinn hefur fengið frábærar viðtöku, bæði frá þeim sem fylgja hugmyndafræði um lágkolvetnalífsstíl og annarra sem vilja prófa Vildartilboðið.“



Safabarinn nýtur vinsælda hjá þeim sem búa og starfa í nágrenninu.

# ENSKI BOLTINN AÐ BYRJA

SPORT 2

**Það er komið að stóru stundinni fyrir aðdáendur enska fótboltans. Á sunnudag fer fram árlegur leikur ensku meistaranna og ensku bikarmeistaranna á Wembley um hinn svokallaða Samfélagsskjöld. Það markar ávallt upphaf tímabilsins í enska boltanum og að þessu sinni eru það Manchester United og Wigan Athletic sem eigast við.**

**Útsending frá Wembley hefst klukkan 12.45 á Stöð 2 Sport 2 og það bíða margir spenntir eftir því að sjá hvernig stórlið Manchester United mætir til leiks í fyrsta alvöruleik tímabilsins. United hefur fengið kantmanninn Wilfried Zaha frá Crystal Palace en hann þykir einn efnilegasti leikmaðurinn á Englandi, enda mjög snöggur og leikinn með boltann. Honum hefur gengið vel með liðinu á undirbúningstímabilinu og það verður spennandi að fylgjast með honum í vetur.**

**Keppni í ensku B-deildinni er hafin og strax að loknum leik Man. Utd. og Wigan á sunnudag verður skipt yfir á leik Leicester og Leeds, sem bæði unnu leiki sína í fyrstu umferð og ætla að vera með í baráttunni um Úrvalsdeildarsæti næsta vor. Sjálf Úrvalsdeildin hefst síðan með látum laugardaginn 17. ágúst og það eru stórleikir í hverri umferð.**



Samfélagsskjöldurinn markar upphaf tímabilsins í enska boltanum.

# Ný kynslóð af **MacBook** Air

Batterí sem endist í allt að 12 klst. Þarf að segja eitthvað meira?

**MacBook Air 11"**
frá 179.900 kr.



**MacBook Air 13"**
frá 209.900 kr.

Fjórða kynslóð Intel örgjörva. Nýtt Wi-Fi (802.11ac). Hraðari flash gagnageymsla.

## Fullt af spennandi aukahlum. Komdu og fiktaðu.

Allt að 25% afsláttur af ZooGue og Ültra-Case vörum þessa dagana.



**iPhone 5**
frá 109.900



**Phillips Hue**
**þráðlaust ljósakerfi**
44.900 kr.




**Þráðlaus púlsmælir**
**f. iPhone 4S og 5**
frá 13.990



**Apple TV**
21.900 kr.

**Opið**
mán. - mið. 10-18.30
fim. 10-21
fös. 10-19
lau. 10-18
sun. 13-18

iStore
í Kringlunni

**566 8000**

**istore.is**

**Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfi-hömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.**


HVERNIG VÆRI AÐ
KÍKJA ÚT Í KVÖLD?
Kíktu á midi.is til að sjá framboðið af tónleikum, kvikmynda -og leiksýningum og íþróttaviðburðum.
HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK
SALURINN
AUSTURBÆR
KSÍ
HSÍ
KKÍ
HOF
MENNINGARHÚS
Borgarleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
midi.is


Nú er komið app fyrir Fréttablaðið:
App sem þú þarft
Nýtt í spjaldtölvuna og snjallsímann
FBL
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með nýja Fréttablaðsappinu. Nú er hægt að nálgast Fréttablaðið hvar sem er, á hverjum morgni. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play eða í App store og náðu í appið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ

## atvinna

**Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu virka daga frá 6.45-13:00**
**Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Áhugasamir geta sent umsókn á bakari.is**

**Nánari upplýsingar veitir Sigurður í síma 555-0480**

TÓNLISTARSKÓLI KÓPAVOGS

**Tónlistarskóli Kópavogs auglýsir eftir píanókennara í hlutastarf.**

Umsóknir sendist á netfangið **tonlistarskoli@tonlistarskoli.is** fyrir 22. ágúst næstkomandi.

**Frekari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 570-0414.**

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

## tilkynningar

Fjallabyggð

### Auglýsing um deiliskipulag – Siglufjörður

Bæjarráð f.h. bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 30. júlí 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Þormóðseyrar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Vegna formgalla er tillagan auglýst í annað sinn. Skipulagssvæðið afmarkast af fyrirhugaðri stofnbraut sem liggur um hafnarsvæðið, frá Gránugötu að Túngötu. Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu liggur frammi á tæknideild Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði frá fimmtudeginum 8. ágúst til og með fimmtudagsins 19. september 2013 og á heimasíðu Fjallabyggðar, www.fjallabyggd.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en **kl. 15:00 fimmtudaginn 19. september** á tæknideild Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði.

***Bæjarstjóri Fjallabyggðar.***

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

## Önnur þjónusta



Allt fyrir hinsegin dagana; hattar, kransar, tattú, hárkollur, fatnaður og fl. Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534.

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

### Fæðubótarefni

**GRENNINGARRÁÐGJAFINN**
Einkagrenning og fjargrenning. Tímapantanir 775 0287 og sverrir. weightloss@gmail.com

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Flug



**TIL SÖLU 1/6 HLUTI**
Til sölu 1/6 hluti í eigendafélagi um flugvélina TF AUR, sem er Socata Rallye 235. Nánari uppl. um vélina á www.tfaur.webs.com. S. 898 7820

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir veiðimenn

Veiðileyfi í staðará snæfellsbæ til sölu. Fyrir landi traða. Svefnpokapláss fylgir í verðinu. Kast Guesthouse. S. 421 5252 eða 893 4515.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

2 herbergi til leigu í miðbænum. S. 8666-344.

### Húsnæði óskast

56 ára KK vantar rúmgott herbergi með aðgang að eldhúsi og baði. Rólegur, skilvís og snyrtilegur. S. 862-0224.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## fasteignir

**MIKLABORG**

**Fjársterkur aðili leitar að einbýlishúsi á Seltjarnarnesi**

Eignin þarf að vera stærri en 300 fm
Á sunnanverðu Seltjarnarnesi eða efsta á Valhúsarhæðinni, norðanmegin
Afhending getur verið mjög rúm ef þess er óskað


Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: : 822 2307


Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**IÐNAÐARSTARF**
Vinna við uppsetningu, þjónustu og viðgerðir á fólkslyftum, vörulyftum, hjólastólalyftum, rúllustigum o.fl.. Allmenn reynsla af vélbúnaði, t.d. rafvirki, vélfræðingur, bifvélavirki, og öll almenn reynsla. Hreint sakavottorð, reglusamur, hraustur, geta tekið bakvaktir, bílpróf, Íslensku mælandi o.fl. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af að vinna í iðnaðarumhverfi.
**Umsóknir sendist á islandslyftur@islandslyftur.is ásamt ferilskrá.**

**Nánar uppl. veitir Helgi 8607602**

**VITABAR - HLUTASTARF**
Starfskraft vantar alla virka daga frá kl. 10.00- 14.00. Kvöld og helgarvaktir einnig í boði.
**Umsóknir sendist á: vitabar@internet.is**

VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA

**VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA**
óskar eftir að ráða þjóna í fullt starf 11 - 11, einnig vantar okkur þjóna á hádegisvaktir frá ca. 11.30 - 14.00. Ath. góð íslenskukunnátta skilyrði.
**Upplýsingar aðeins veittar á staðnum frá 15.00 - 17.00 í dag og næstu daga.**

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**
Óskum eftir fólki í fullt starf til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Holtagörðum. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joifel.is**

**MÖTUNEYTI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ÓSKAR EFTIR EINSTAKLINGUM Í HLUTASTÖRF.**
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum eftir :

-Brosmildi

-Jákvæðni

-Góðri þjónustulund

-Reynsla af veitingastörfum er kostur.

Um er að ræða afleysingar frá 8-16 og hins vegar fastar vaktir frá 16-20.

**Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „mötuneyti"**

**VEITINGAHÚS NINGS - FRAMTÍÐARSTARF**
Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í barkarí okkar á Grensásvegi. Æskilegt er að viðkomandi er 20 ára eða eldri og hafi bíl til umráða. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.

**Áhugasamir sendið umsókn ásamt ferilskrá og mynd umsoknkokuhornid@gmail.com**

Hrói Höttur Hringbraut óskar eftir starfsfólki. Vaktarvinna aldurstakmark 20 ára. Uppl. í s. 844 6292. Eva@hroi.is

Bilstjóri óskast til framtíðarstarfa, aðeins duglegur, heiðarlegur, stundvís, samviskusamur maður kemur til greina. 100% íslensku kunnátta skilyrði. Nánari uppl. á steinn@svanhvit.is

Óskar eftir duglegu og hressu starfsfólki. Sækja um á castello@simnet.is eða í s. 824 1221 á milli 14-17.

Röskur starfsmaður óskast í dagvinnu. Gullnesti Grafarvogi, uppl. í s. 898 9705 Daði.

Veitingastaður í Biskupstungum óskar eftir starfsfólki í veitingasölu, þrif ofl. í ágúst og september. Upplýsingar í S. 820-2188 /661-3700.

**BIFREIÐASTJÓRI ÓSKAST.**
Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi óskar að ráða bifreiðastjóra með rútupróf. Uppl. í síma 860-0740.

**BARÞJÓNAR ÓSKAST**
Kaffi Zimsen óskar eftir vönum barþjónum. s. 7700543

Óskum eftir vönum mönnum í hellulagningar. Umsók sendist á stjornugardar@stjornugardar.is

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Ekki verra að hafa reynslu af viðgerðum. Barðinn, Skútuvogi 2 S. 568 3080.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Daisy símadama vill spjalla við karla flest kvöld frá kl. 21-01 í síma 908-6000 eða 535-9999. Sjáðu prófílinn hennar á SexyIceland.com/Daisy.

Konur sem leita skyndikynna eða rómantískra ævintýra auglýsa og vitja skilaboða frítt hjá símastefnumóti Rauða Torgsins í síma 535-9923. Símastefnumót.is



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




VEGNA MIKILLA VINSÆLDA
FRAMLENGJUM VIÐ TIL 31.ÁGÚST!

GERIÐ GÓÐ KAUP
Á FLOTTRI MERKJAVÖRU!

30 - 70% AFSLÁTTUR!

CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM · asics · DC · casall · EASTPAK U.S.A. · MC PLANET · SEAFOLLY · My SQUARE

FULLT AF NÝJUM VÖRUM!

Í SAL FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS
MÖRKINNI 6

OPIÐ: MÁN.-FÖS: 12 - 18 - LAU.11-16

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

FJÖLBREYTT
FIMMTUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:

2 | 2 GULL | 2 BÍÓ | 2 krakkar | POPP TÍVÍ



20:00
2 MASTERCHEF USA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey sem um þessar mundir er í framleiðslu í yfir þrjátíu löndum.



21:30
2 PERSON OF INTEREST
Hörkuspennandi dramaþáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



22:15
2 BREAKING BAD
Vinsælir dramatískir þættir sem hafa unnið til fjölda Emmy verðlauna.



7:00-20:00
2 krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00
2 BÍÓ STAND BY ME
Einstaklega vönduð kvikmynd um vináttu og ævintýri fjögurra stráka í smábæ í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 HD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 7 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |
| 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 5 | 6 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 |
| 5 | 6 | 8 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 4 | 6 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 6 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 6 | 2 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 5 | 4 | 8 | 1 | 9 | 3 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 2 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 6 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 2 | 3 | 8 | 5 |
| 6 | 9 | 3 | 7 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 3 | 6 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 6 | 9 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má týtaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli



**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Lífið á ekki að vera skáldsaga sem við fáum að gjöf heldur saga sem við semjum sjálf.**

*Novalis*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** vísupartur **6.** í röð **8.** kæla **9.** móðuþykkni **11.** fyrir hönd **12.** box **14.** gæta **16.** bókstafur **17.** sprækur **18.** pota **20.** pfn. **21.** tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ónæði **3.** golfáhald **4.** tré **5.** skip **7.** brennivínstegund **10.** fiskur **13.** gerast **15.** þefja **16.** ot **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** aá, **8.** ísa, **9.** ský, **11.** pr, **12.** kassi, **14.** vakta, **16.** pí, **17.** ern, **18.** ota, **20.** ég, **21.** tifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** rask, **3.** tí, **4.** espitré, **5.** far, **7.** ákavíti, **10.** ýsa, **13.** ske, **15.** anga, **16.** pot, **19.** af.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hilmir Freyr Heimisson (1690) gekk afar vel á Politiken Cup. Í 6. umferð bjargaði hann tapaðri stöðu gegn Ole Madsen (1919).**

**Svartur á leik**



**46...Hf2+! 47. Kg3 Hf5+! 48. Kh3 Hh5+ 49. Hh4 Hxh4 mát! Hilmir hlaut 5 vinninga í 10 umferðum og fékk 2. verðlaun í flokki skákmanna með minna en 1700 skákstig. Hann hækkaði um 52 skákstig á mótinu. www.skak.is.** Íslendingar í skákvíking.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskar grísalundir







AÐEINS **1598** KR. PR. KG.



# 2.200 lundir í boði

BESTI BITINN

# Vinsæla grillkjötið í Bónus

Léttreyktar hunangs grísakótelettur í BBQ sósu



**1798** KR. PR. KG.




Léttreyktar hunangs grísakótelettur.



**1798** KR. PR. KG.

**1198** KR. PR. KG.

## Bónus grill grísakótelettur

BÓNUS Grillkjöt



Ali Bacon




fáanlegt í 3 þykktum







**1879** KR. PR. KG.



GRILLUM SAMAN

G... GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

TAKTIK/4035/6.ag 13

GUSTAVSBERG

kronospan

STEIRER PARKETT

# FEGRAÐU HEIMILIÐ

Glæsilegt blað er komið út, úrval af parketi, flísum, hreinlætistækjum og ljósum.
Allt til að fegra heimilið í nýja BYKO blaðinu.



**Skoðaðu á BYKO.is**



Vnr. 10705080
NEPTUM sturtuþil, 80x210 cm.
28.990kr./m²



0113736
STEIRER eik Rustik plankaparket 182x2200 cm, 14 mm.
9.990kr./m



Vnr. 15333202
GROHE EUROSMART eldhústæki.
15.990kr.



Vnr. 10705035
NEPTUM sturtuklefi, 90x90x205 cm.
Sturtubotn fylgir. Blöndunartæki fylgir ekki.
84.990kr.



Vnr. 13002395
GUSTAVSBERG handlaug í borð, 55x44 cm.
15.290kr.



Vnr. 15332925
GROHE Eurosmart handlaugatæki.
9.995kr.



Vnr. 15327794
GROHE NewTempesta III sturtusett.
5.990kr.



Vnr. 15327922
GROHE sturtusett, hitastýrt tæki með innbyggðum skipti, ömmustöng, barka, handúðara og höfuðúðara.
69.995kr.



Vnr. 15334244
GROHE GROHTHERM1000 baðtæki.
29.990kr.

Vnr. 10690105
BETTE stálbaðkar, 170x70x cm.
35.990kr.



Vnr. 17800105
E-STONE gólfflísar, 30x60 cm, hvítar, gegnheilar steinflísar.
4.990kr./m²



Vnr. 17800055
E-STONE gólfflísar, 30x60 cm, gráar, gegnheilar steinflísar.
5.190kr./m²

GLASS IDROMASSAGGIO · GROHE · Neptum® SANITARY WARES · [e] STONE












VERÐVERND BYKO

# LÆGRA VERÐ

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 52240000
WOFI kastari, GU10, 50W.
**495 kr.**



Vnr. 52237042
BERGAMO ljósakróna, 5 arma, króm og gler.
**9.990 kr.**



Vnr. 52237126
VALENCIA loftljós, króm.
**24.990 kr.**



Vnr. 52237227
BEDO gólfljós, svart, 60W, E27.
**7.900 kr.**



Vnr. 52240367
KAFFA hangandi ljós, svart, 100W.
**4.990 kr.**



Vnr. 52240373
Hangandi loftljós, króm og hvítt, 4 stk, E27.
**9.990 kr.**

# GÆÐAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!



## TÓNNINN GEFINN

Freyr Bjarnason

# Vel heppnuðu tónleikasumri að ljúka

Núna styttist óðfluga í síðustu „erlendu“ popptónleikana hér á landi á þessu sumri. Þeir verða 18. ágúst í Háskólabíói þegar David Byrne og St. Vincent stíga á svið. Þar munu þau fylgja eftir plötu sinni Love This Giant sem kom út í fyrra.

David Byrne er að sjálfsögðu goðsögn eftir feril sinn með Talking Heads og hljóta tónlistaráhugamenn að iða í skinninu að sjá hann koma fram hér á landi. St. Vincent er að sama skapi spennandi tónlistarkona sem hefur gefið út þrjár áhugaverðar sólóplötur.



Þegar litið er yfir þetta stóra „erlenda“ tónleikasumar þá hefur það í heildina verið mjög vel heppnað. Það hófst með tónleikum Daniels Johnston í Fríkirkjunni sem þóttu takast vel. Strax í kjölfarið fór fram Keflavík Music Festival. Svo virðist sem skipuleggjendur hátíðarinnar hafi ætlað sér um of, sem varð til þess að einhverjir flytjendur hættu við að koma fram. Samt var hátíðin sjálf ekkert stórslys en vissulega seldust töluvert færri miðar en búist hafði verið við.

Jethro Tull, sem á sér dyggan aðdáendahóp á Íslandi, kom í heimsókn í júní og skömmu síðar spiluðu bandarísku indírokkararnir í Band of Horses í Hörpu á frábærum tónleikum. All Tomorrow´s Parties tókst mjög vel á gamla varnarsvæðinu þar sem tónleikar Nick Cave and the Bad Seeds stóðu upp úr. Hátíðin verður haldin aftur á næsta ári, sem er hið besta mál. Söngdívan Dionne Warwick kom fram í Hörpu í júlí og hinn sjóðheiti Frank Ocean söng svo fyrir fullum sal í Laugardalshöll 16. júlí og var mikil ánægja með þá tónleika.

Ekkert varð af tónleikum rokkhundanna í Deep Purple í Laugardalshöllinni vegna dræmrar miðasölu og tónleikar Chic og Nile Rodgers voru fluttir úr Laugardalshöll í Hörpu af sömu ástæðu. Þeir þóttu engu að síður heppnast ákaflega vel.

En hvað sem fjölda seldra miða líður hafa tónlistaráhugamenn fengið mikið fyrir sinn snúð í sumar. Margar tónlistarstefnur hafa verið í boði og vonandi verður úr álíka miklu tónlistargóðgæti að moða á næsta ári.

## Í spilaranum








**Lay Low** – Live at Home
**James McVinnie** – Cycles
**Grísalappalísa** – Ali

# Virtur lagahöfundur

**Bandaríski R&B-tónlistarmaðurinn Robin Thicke hefur gefið út sína sjöttu plötu. Hann hefur slegið í gegn í sumar með titillaginu Blurred Lines ásamt Pharrell.**

Sjötta hljóðversplata bandaríska tónlistarmannsins Robin Thicke er nýkomin út en hann hefur slegið í gegn með titillaginu Blurred Lines. Þar syngur Thicke með T.I. og Pharrell Williams.

Robin Thicke fæddist í Los Angeles árið 1977. Þegar hann var tólf ára lærði hann af sjálfsdáðum að spila á píanó og sextán ára var hann byrjaður að semja lög og stjórna upptökum fyrir þekkta flytjendur á borð við Brandy, Color Me Badd og Brian McKnight. Aðeins 21 árs gamall hafði hann samið og stjórnað upptökum á yfir tuttugu gull- og platínuplötum með Michael Jackson, Marc Anthony, Pink, Christinu Aguilera og fleiri listamönnum.

Thicke gerði útgáfusamning við Jimmy Iovine og Interscope Records. Fyrsta sólóplatan hans, A Beautiful World, kom út 2003 undir listamannsnafninu Thicke og fékk góða dóma. Hann hélt engu að síður áfram að semja fyrir aðra, þar á meðal Usher, Lil'Wayne og Mary J Blige, með góðum árangri.

Næsta sólóplata Thicke, The Evolution of Robin Thicke, kom út 2006. Hún vakti á honum verulega athygli og komst í efsta sæti á fjórum mismunandi Billboard-listum í Bandaríkjunum. Þar með festi hann sig í sessi sem virtur söngvari og lagahöfundur í sálar- og R&B-tónlistargeiranum. Kappinn fór í tónleikaferð með Beyoncé og kom tvisvar fram í spjallþætti Opruh.

Þriðja plata Thicke, Something Else, kom út 2008 og náði þriðja sætinu á Billboard-listanum. Lokalag plötunnar, Tie My Hands, vakti athygli Lil'Wayne, sem setti það á plötuna sína Tha Carter III. Þeir sungu lagið svo saman á Grammy-verðlaunahátíðinni árið 2009.

Thicke gaf svo út tvær plötur í viðbót, Sex Therapy og Love After War, sem þóttu vel heppnaðar, áður en sú nýjasta leit dagsins ljós fyrir skömmu. Blurred Lines hefur fengið misjafnar viðtökur. Rolling Stone gefur henni þrjár og hálfa stjörnu af fimm mögulegum en The Guardian gefur henni tvær af fimm, rétt eins og The Independent og Los Angeles Times.

Auk þess að semja tónlist hefur Thicke tekið þátt í raunveruleikaþáttunum Duets. Hann lék einnig í sinni fyrstu kvikmynd í sumar, sem heitir Abby in the Summer.

freyr@frettabladid.is



**ROBIN THICKE** Sjötta sólóplata bandaríska tónlistarmannsins er komin út. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gagnrýndur fyrir texta Blurred Lines

Robin Thicke hefur verið gagnrýndur fyrir texta lagsins Blurred Lines. Sumir segja setninguna „I know you want it“ fela í sér nauðgunarboðskap en því neitar Thicke og segir textann femínískan. „Textinn á að koma af stað umræðu. Hann á að fá okkur til að ræða um hvers eðlis sambönd karla og kvenna eru. Í textanum stendur „That man is not your maker“ og í þessar setningu er fólgin femínísk yfirlýsing,“ sagði Thicke.

Hann komst einnig í fréttirnar þegar hann viðurkenndi við blaðið The Sun að hafa eytt hálfri milljón dala í eiturlyfið maríjúana. Í fyrra var hann handtekinn fyrir að hafa kannabisefnið í fórum sínum.





Minna að fletta
**meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

visir.is

FÍTON / SÍA

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*


## 1.8.2013 → 7.8.2013






### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Olly Murs** | *Dear Darlin'* |
| 2 | ▲ | Nýdönsk | *Iður* |
| 3 | ▲ | John Newman | *Love Me Again* |
| 4 | ▲ | Naughty Boy / Sam Smith | *La La La* |
| 5 | ▲ | Avicii / Aloe Blacc | *Wake Me Up* |
| 6 | ▼ | Kaleo | *Vor í Vaglaskógi* |
| 7 | ▲ | Pink / Lily Allen | *True Love* |
| 8 | ▼ | Dr.Gunni og Friðrik Dór | *Glaðasti hundur í heimi* |
| 9 | ▼ | Hjaltalín | *Halo* |
| 10 | ▲ | Robin Thicke / T.I. / Pharrell | *Blurred Lines* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | **Ýmsir** | ***This Is Icelandic Indie Music*** |
| 2 | ▲ | Ýmsir | *Yndislega eyjan mín* |
| 3 | ▶ | Sigur Rós | *Kveikur* |
| 4 | ▶ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 5 | ▶ | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| 6 | ▼ | Samaris | *Samaris* |
| 7 | ▼ | Ýmsir | *Inspired by Harpa* |
| 8 | ▼ | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| 9 | ▼ | Ýmsir | *Einnar nætur gaman með Sigga Hlö* |
| 10 | ▼ | Ýmsir | *Fjölskyldualbúmið* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Pátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

# ALVÖRU ÚTSALA INTERSPORT

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ENNÞÁ MEIRI AFSLÁTTUR

70% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

60% AFSLÁTTUR

ÚTSÖLUNNI LÝKUR SUNNUDAGINN 11. ÁGÚST

**INTERSPORT LINDUM** / SÍMI 585 7260 / LINDIR@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12 - 18. **INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / BILDSHOFDI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4890 / AKUREYRI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. **INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / SELFOSS@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

EXPO • www.expo.is



**DEPP** Telur að gagnrýnendur hafi dæmt myndina áður en hún var frumsýnd.

# Ósanngjörn gagnrýni

## Depp ósáttur við lélega gagnrýni The Lone Ranger.

Johnny Depp segir að ósanngjörn gagnrýni hafi skemmt fyrir aðsókninni á The Lone Ranger vestanhafs. Myndin var rándýr og kostaði um 215 milljónir Bandaríkjadala í framleiðslu en halaði inn „aðeins" 29 milljónum Bandaríkjadala frumsýningarhelgi sína.

„Ég held að dómarnir hafi verið skrifaðir sjö til átta mánuðum áður en myndin var frumsýnd," sagði Depp við Yahoo Movies. „Ég held að dómarnir hafi verið skrifaðir þegar þeir heyrðu að Gore [Verbinski], Jerry [Bruckheimer] og ég ætluðum að gera The Lone Ranger. Þeir bjuggust við „blockbuster"-mynd. Ég var ekki með neinar væntingar um það."

# Loki verður ekki með

## Tom Hiddleston hefur staðfest að hann muni ekki leika Loka í The Avengers: Age of Ultron.

Tom Hiddleston hefur staðfest að hann muni ekki snúa aftur í framhaldsmynd The Avengers. Hiddleston, sem fór með hlutverk Loka, var vinsæll á meðal aðdáenda kvikmyndarinnar en hann er sannfærður um að hlutverkið passi ekki inn í framhaldsmyndina. „Loki verður ekki með. Ég held að það kæmi ekkert nýtt út úr því að hafa hann aftur með. Joss [Whedon] gaf mér svo margar frábærar senur til að vinna með í þeirri síðustu að ég held að við myndum bara reyna að endurtaka okkur ef Loki yrði með og það yrði eflaust ekki eins vel gert og í fyrri myndinni." Ekki er von á myndinni, Avengers: Age of Ultron, fyrr en um miðbik ársins 2015 og þurfa því aðdáendur Marvel-myndasagnanna að bíða í dágóðan tíma eftir framhaldinu.



**BÚIÐ** Loki er hættur í Avengers.
NORDICPHOTOS/GETTY





HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


# Heimilislaus hermaður nær hefndum

## Jason Statham fer með aðalhlutverkið í Hummingbird sem frumsýnd var í gær. Myndin er fyrsta leikstjórnarverkefni handritshöfundarins Stevens Knight.

Hummingbird er fyrsta kvikmynd Stevens Knight sem leikstjóra. Knight á að baki langan og farsælan feril sem handritshöfundur og samdi meðal annars handritin að kvikmyndunum Dirty Pretty Things og Eastern Promises, sem skartaði Viggo Mortensen og Naomi Watts í aðalhlutverkum.

Hummingbird segir frá Joseph Smith, hermanni sem snýr heim til Englands frá Afganistan en á í erfiðleikum með að aðlagast lífinu á nýjan leik. Hann endar á götunni og eftir að ráðist er á hann að tilefnislausu brýst Smith inn á ókunnugt og ríkmannlegt heimili þar sem hann gerir að sárum sínum og hvílist. Eigandi íbúðarinnar er að heiman og ákveður Smith að dvelja áfram í íbúðinni og gera um leið tilraun til þess að ná tökum á lífi sínu að nýju. Þegar vinkona hans er myrt af glæpamanninum Max Forrester hyggst Smith hefna hennar með ófyrirséðum afleiðingum.

Með helstu hlutverk fara Jason Statham, Agata Buzek, Christian Brassington, Vicky McClure, Benedict Wong og Ger Ryan. Myndin var að mestu tekin upp í London að nóttu til og fóru tökur meðal annars fram í hverfum þar sem heimilislaust fólk heldur mikið til. Statham lagðist í mikla rannsóknarvinnu er hann bjó sig undir hlutverkið og ræddi til að mynda við fyrrverandi hermenn um þau vandamál sem þeir standa frammi fyrir að herþjónustu lokinni.

Kvikmyndin fær sæmilega dóma og deilir fólk þá helst um hlutverk Stathams, en sumir vilja meina að hann njóti sín best í hasarhlutverkum. Hummingbird hlýtur 5,0 í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes og 6,2 á Imdb.

- sm



**DRUNGALEGUR** Jason Statham fer með hlutverk fyrrverandi hermanns í kvikmyndinni Hummingbird. Hann þykir sýna á sér nýjar hliðar í hlutverkinu.

### Dóttir stjórnmálamanns



Pólska leikkonan Agata Bronisława Buzek fer með hlutverk ungrar nunnu í Hummingbird. Agata er dóttir Jerzy Buzek, stjórnmálamanns og fyrrverandi forseta Evrópuþingsins. Hún þjáðist af lömunarveiki sem barn og dvaldi langdvölum í Þýskalandi vegna veikinda sinna. Að leiklistarnámi loknu flutti hún til Parísar þar sem hún starfaði sem fyrirsæta um hríð.

Buzek er þekkt leikkona í heimalandi sínu og hlaut meðal annars verðlaun í flokknum besta leikkona í aukahlutverki árið 2003.



**Á ERFIÐUM ALDRI** Hinn 14 ára Duncan á í vandræðum með sjálfstraustið en eftir að hann kynnist framkvæmdastjóra vatnsrennibrautagarðsins Water Wizz fer sjálfstraustið stöðugt batnandi.

# Sló í gegn á Sundance-hátíðinni

## The Way Way Back var frumsýnd í gær. Handritið skrifuðu þeir Jim Rash og Nat Faxon en þeir hlutu Óskarinn fyrir handrit sitt að The Descendants árið 2011.

Kvikmyndin The Way Way Back var frumsýnd í íslenskum bíóhúsum í gær. Myndin segir frá hinum 14 ára Duncan sem heldur af stað í ferðalag með móður sinni, stjúpsystur og stjúpföður, en það er hinn bráðskemmtilegi Steve Carrell sem fer með hlutverk stjúpföðurins. Duncan á í vandræðum með sjálfstraustið og ekki hjálpar leiðinleg framkoma stjúpans. Hann skellir sér í vatnsrennibrautagarðinn Water Wizz, kynnist þar framkvæmdastjóranum Owen og verða þeir hinir mestu mátar. Owen hjálpar honum að eiga í samskiptum við hitt kynið og rífur upp sjálfstraustið í leiðinni.

Myndin er bæði skrifuð og leikstýrt af þeim Jim Rash og Nat Faxon en þeir fengu Óskarsverðlaunin árið 2011 fyrir handrit sitt að kvikmyndinni The Descendants með George Clooney í aðalhlutverki. The Way Way Back var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í vor og þótti gestum hátíðarinnar mikið til hennar koma. Vefsíðan Rottentomatoes.com segir meðal annars að leikarar myndarinnar blómstri í hlutverkum sínum og að handritið sé einkar vel skrifað. Þá fær hún 7,8 í einkunn á vefsíðunni IMDB.com. Það er hinn ungi og efnilegi Liam James sem leikur Duncan, en James leikur einnig í spennuþáttunum The Killing, bandarísku útgáfu dönsku þáttanna Forbrydelsen.

-ka

PIPAR\TBWA SÍA - 122624

**Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?**

*Listdansskóli Reykjanesbæjar er eitt fjölmargra fyrirtækja á Ásbrú. Skólinn er í fyrrum skotfærageymslu Bandaríkjahers og hefur starfað á Ásbrú í tvö ár. Þar læra yfir 200 nemendur klassískan dans, jazzballet og fleiri dansstíla.*



# Svona er *menningar-*lífið á Ásbrú

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

Nánari upplýsingar á www.asbru.is.

Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ



# Kynfræðsla er meira en kynsjúkdómar

Ég gleymi því seint þegar ég sá sýkt kynfæri í fyrsta sinn. Það var blautur mánudagsmorgun í 9. bekk og ég sat grunlaus í fyrsta tíma í líffræði þegar risastórri píku með vessandi sár var varpað upp á töfluna. Það sló þögn á hópinn og enginn þorði að leggja sig í þessum annars óspennandi tíma. Í fyrsta lagi hafði ég aldrei séð risastóra ljósmynd af kynfærum áður og hvað þá af píku. Í öðru lagi þá voru skilaboðin sem fylgdu þessari mynd vægast sagt óskýr. „Jú krakkar mínir, þessi píka er með klamedíu og kynfæravörtur og þetta getið þið öll fengið ef þið stundið kynlíf, því þetta eru kynsjúkdómar og þeir eru hættulegir“. Það vantaði bara einhvern á orgel fyrir aftan kennarann til að magna upp dramatík augnabliksins. Næstu 38 mínúturnar fóru svo í útlistanir og einkenni á hinum og þessum kynsjúkdómum. Allt saman eflaust mjög fróðlegt fyrir verðandi lækna en fyrir graða unglinga var þetta frekar tilgangslaust og óáhugavert. Vissulega þarf að fræða um kynsjúkdóma en það að reyna að hræða greddunа úr manni með sýktu typpi er varla leiðin til að kenna ábyrga kynhegðun.



**KYNFRÆÐSLA** Við fræðum ekki um heilbrigðan lífsstíl með því að tala um meltingartruflanir og sýna stíflaðan ristil. NORDICPHOTOS/GETTY

Svona var þetta, svona er þetta og svona verður þetta, eða hvað? Fræðslan hefur lítið breyst frá því ég var bólugrafinn unglingur með teina. Þetta veit ég því ég sat á spjalli við tvo menntskælinga sem sögðu mér nákvæmlega þessa sögu. Þeir sögðust hafa fengið „ógeðslega“ mikla kynfræðslu og vissulega eiginlega allt. Þegar ég spurði þá hvernig þeir vissu hvenær þeir ættu að fara í „tjekk“ þá urðu þeir eitt spurningamerki, hvað er „tjekk“? Ég endurorðaði og spurði hvernig þeir vissu hvort þeir væru með kynsjúkdóm. Þeir svöruðu um hæl, þegar manni er illt í typpinu. Til að vitna í hið ágæta Landlæknis embætti þá er það mjög algengt og kemur oft fyrir að kynsjúkdómar séu einkennalausir, bæði hjá konum og körlum. Greyið strákarnir urðu hálfgrænir í framan af því að heyra þessa staðreynd og spurðu hvað væri þá til ráða. Jú, að nota smokkinn, svaraði ég. Þú ferð svo í „tjekk“ á milli bólfélaga og ef þú ferð í fast samband og ætlar ekki að nota smokk.

Þetta voru þeim fréttir. Kynfræðsla er svo miklu meira en bara kynsjúkdómar, þó það sé hluti af því. Við fræðum ekki um heilbrigðan lífsstíl með því að tala um meltingartruflanir og sýna stíflaðan ristil, eða hvað? Kynfræðsla er um tilfinningar, sjálfsmynd, virðingu og samskipti en ekki sjúkdómsgreiningu, til þess er fagfólk á heilsugæslustöðvunum. Ég vona svo sannarlega að nýtt skólaár færi unglingunum okkar víðari sýn á kynlíf og sambönd og að smokkar fari að verða sjálfsagðari hluti af kynlífi en ekki óþægilegar samningaviðræður.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamá úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**HLAKKAR TIL** Eiríkur Guðmundsson skipuleggur swing-danshátíð. Von er á fjölda erlenda gesta til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Njóta náttúrunnar og dansa lindy hopp

Eiríkur Guðmundsson skipuleggur swing-danshátíð sem fram fer á Íslandi dagana 12.-18. ágúst.

„Hugmyndin með hátíðinni er sú að gestirnir kynnist landinu og náttúrunni á daginn og á kvöldin sameinumst við og dönsum saman,“ segir Eiríkur Guðmundsson, danskennari og einn skipuleggjenda swing-danshátíðar sem fram fer á Íslandi dagana 12.-18. ágúst. Um 80 gestir koma hingað til lands víðs vegar að úr heiminum til þess að njóta íslenskrar náttúru og dansa svokallað lindy hopp. „Þetta eru allt dansarar í sínum heimaborgum sem kunna þennan dans. Dansinn var fundinn upp af blökkumönnum í New York í kringum 1920 og er talinn langafi allra swing-dansa eins og við þekkjum þá í dag,“ segir Eiríkur. Fjórar íslenskar hljómsveitir munu halda uppi stuðinu á hátíðinni, þar á meðal sextett Hauks Gröndal. „Við verðum með þrjá dansleiki í Iðnó í Reykjavík og svo tvo dansleiki í Edinborgarhúsinu á Ísafirði en þar mun hljómsveitin í Hrafnaspark spila fyrir okkur.“ Það var dansarinn Hakan Durak sem setti hátíðina á laggirnar árið 2009 en hún hefur vaxið og dafnað með hverju árinu. „Fyrsta árið komu um fimmtíu gestir og svo hefur bæst aðeins í þetta. Núna er fjöldinn kominn upp í áttatíu svo þetta verður ferlega gaman.“

kristjana@frettabladid.is




# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónlist

**12.00** Björn Steinar Sólbergsson organisti og Eyrún Unnarsdóttir mezzosópran flytja lög í útsetningu Páls Ísólfssonar og verk eftir Jakob Tryggvason, W.H. Monk og J.S. Bach. Tónleikarnir hefjast kl. 12 í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er kr. 1700.

**17.00** Hljómsveitin Orfía, samstarfsverkefni Arnar Eldjárns og Soffíu Bjargar, spilar á ókeypis pikknikk-tónleikum í dag kl. 17 í gróðurhúsi Norræna hússins. Pikknikk-tónleikarnir eru hluti af óraf-magnaðri Pikknikk-tónleikaröð sem haldin er á fimmtudögum í sumar. Veitingar eru seldar í afgreiðslu Norræna hússins og bornar fram í pikknikk-körfum.

**22.00** Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Tómas Tómasson og Karl Pétur Smith leika uppáhalds lög sín á Ob-La-Dí-Ob-La-Da í kvöld kl. 22.

### Opnanir

**16.00** Í tilefni Hinsegin daga í Reykjavík opnar sýningin „Ég fæ ekki af mér að flýja af hólmi – Hinsegin fólk í máli og mynd“ í Þjóðminjasafni Íslands í dag. Sýningin verður opnuð á Torginu kl. 16.

### Fundir

**13.00** Kröfufundur öryrkja og aldraðra verður haldinn í dag kl. 13 við Tryggingastofnun ríkisins Laugavegi 114 og stendur í um klukkustund.

### Umræður

**20.00** Susana Gardner, ljóðskáld og útgefandi í Sviss, mun spjalla um óháðbundna útgáfu, alþjóðlegu ljóðasenuna og um útgáfufyrirtæki sitt, DUSIE, á farfuglaheimilinu Loft í kvöld kl. 20.00. DUSIE er alþjóðlegt ljóðatímarit á netinu sem birtir ljóð eftir þekkt og óþekkt skáld hvaðanæva að úr heiminum. Spjallið fer fram á ensku en að auki mun Susana lesa nokkur ljóða sinna.

### Leiðsögn

**20.00** Ölgerðin Egill Skallagrímsson fagnar hundrað ára afmæli í ár. Af því tilefni verður efnt til sögugöngu um öl- og gosdrykkjaslóðir Reykjavíkur undir stjórn Stefáns Pálssonar sagnfræðings. Lagt er upp frá styttu Leifs Eiríkssonar á Skólavörðuholti kl. 20. Allir eru velkomnir og þátttaka er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*






# 50 ár

## Harpa Eldborg 05.10.13

Þann 5. október 1963 spiluðu Hljómar á sínu fyrst balli í Krossinum í Keflavík og nú sléttum 50 árum seinna verða tónleikar þeim til heiðurs. Á þessum tónleikum verða leikin lög frá blómatímabili Hljóma og má þar nefna dægurlegaperlur á borð við „Bláu augun þín“, „Þú og ég“ og „Ég elska alla“. Misstu ekki af þessari ógleymanlegu stund.

**Flytjendur**
Stefán Hilmarsson
Valdimar Guðmundsson
Unnsteinn Manúel
Ágústa Eva Erlendsdóttir

**Tónlistarstjóri**
Eyþór Gunnarsson

**Hljómar eru sérstakir gestir**
Engilbert Jensen
Gunnar Þórðarson
Erlingur Björnsson
ásamt syni Rúnars Júl,
Júlíusi Frey

**Miðasala hefst í dag kl.12**
**á midi.is, harpa.is og í síma 528 5050**
Miðaverð frá 4.990 kr.

DÆGURFLUGAN HARPA




FINLUX

**Finlux 22FLHY189LD**
22" HD 16:9 LED sjónvarp með Upplausn 1920x1080p punkta upplausn. 8000:1 skerpa. Stafrænn móttakari DVB-T. USB, Scart, HDMI, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi. 12v - 230v kerfi. Tækið er með sérstaka hótelstilling.

**VERÐ 39.990**
VERÐ ÁÐUR 49.990




FINLUX

**Finlux 26FLHY160LV**
26" Full HD 3D LCD sjónvarp með DVD. 1920x1080 punkta upplausn. 10000:1 skerpa. Progressive Scan. Stafrænn DVB-T+C móttakari (MPEG4). 2x HDMI, Scart, Digital Coax og AV tengi. CI rauf, VGA og USB og heyrnatólstengi. Hótelstilling.

**TILBOÐ 69.990**
VERÐ ÁÐUR 74.990




THOMSON

**Thomson 32HU3253**
32"HD LCD sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn. Stafrænn DVB-T móttakari. Pure Image 2 Engine. USB, 3x HDMI, Scart , Component, VGA, CVBS, heyrnatólstengi CI+ Rauf o.fl.

**TILBOÐ 64.990**
VERÐ ÁÐUR 79.990




Panasonic

**Panasonic TXL32EM5**
32" FHD 1080p LED LCD sjónvarp með Vreal Engine myndtækni. High Contrast filter og Game mode. 24p Smooth Film/Play Back. DVB-T/C stafrænn móttakari (MPEG4). USB, 2x HDMI, heyrnatólstengi o.fl.

**VERÐ 99.990**
VERÐ ÁÐUR 129.990




THOMSON

**Thomson 39FU5253**
39" Full HD 16:9 LED sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn. Stafrænn móttakari DVB-T. Pure Image 3 Engine. USB tengi með upptökumöguleika. 3x HDMI, Scart, Component, VGA, CVBS, Optical og heyrnatólstengi. CI+ rauf.

**TILBOÐ 89.990**
VERÐ ÁÐUR 99.990




THOMSON

**Thomson 42FU2253**
42" LED sjónvarp háskerpu með 1920x1080 punkta upplausn. 100Hz Clear Motion Index og Pure Image 2 örgjörvi. 3x HDMI, USB, Scart, Component, VGA, CVBS, Coaxial, heyrnatólstengi og CI+ Rauf.

**TILBOÐ 99.990**
VERÐ ÁÐUR 119.990




Panasonic

**Panasonic TXL42E5Y**
42" FHD 1080p IPS Alpha LED LCD sjónvarp. Vreal LIVE Engine myndtækni. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect nettenging. Wi-fi ready og Skype möguleiki. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafr. móttakari. App fyrir iPhone/Android síma. 2x USB, 4x HDMI og kortalesari o.fl.

**TILBOÐ 139.990**
VERÐ ÁÐUR 159.990




Panasonic

**Panasonic TXP42ST60**
42" Full HD 3D 1080p NeoPlasma sjónvarp með Vreal 3D Pro. 2D-3D conversion. Infinite Black Pro skerpa. Pro 24p Smooth Film/Play Back. SMART VIERA nettenging og opinn vafri. Wi-Fi. Skype. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. iPhone/Android fjarstýringar App. 2x USB, 3x HDMI, kortalesari o.fl. 3D gleraugu og snertipenni fylgja.

**TILBOÐ 229.990**
VERÐ ÁÐUR 249.990




Panasonic

**Panasonic TXL50B6**
50" Full HD IPS LED sjónvarp með 1920x 1080 upplausn. Vreal Pro. High Contrast filter. DVB-T/C stafrænn móttakari (MPEG4). USB Mediaplayer. Scart, 2x HDMI, Component CI rauf, composite, RCA tengi heyrnatólstengi og Optical út.

**TILBOÐ 189.990**
VERÐ ÁÐUR 209.990

JBL by HARMAN

**SOUNDBAR**
HEIMABÍÓKERFI



**JBL SB100**
Glæsilegt 60w SoundBar heimabíókerfi með Dolby Digital. HARMAN Display Surround. Bass Boost. RCA og Optical tengi. Lærir á fjarstýringu sjónvarpsins. Má festa á vegg.

**VERÐ 29.990**
VERÐ ÁÐUR 39.990



Panasonic

**Panasonic SCBTT182**
3D Blu-ray Disc 2.1 heimabíókerfi með 520w RMS Digital magnara. 2 hátalarar og bassabox. 5.1 Virtual Cinema Surround Sound. 2D-3D conversion. High Def1080p @ 24fps. DTS-HD og Dolby TrueHD. DVD uppskölun í 1080p. ARC. VIERA Link/Deep Color/x.v.Colour. FM útvarp með 30 minnum. HDMI, 2x USB tengi o.fl.

**TILBOÐ 64.990**
VERÐ ÁÐUR 79.990

Blu-ray Disc



Panasonic

**Panasonic SCBTT290**
1000w5.1 3D Blu-ray Disc heimabíókerfi með iPod/iPhone vöggu. 2D-3D breytir. 7.1 Virtual Sound Effect. 1080p@ 24fps. P4HD. DTS-HD, Dolby TrueHD & Dolby Digital Plus. USB og SD/SDHC/SDXC kortalesari.

**TILBOÐ 69.990**
VERÐ ÁÐUR 99.990

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## TROÐFULL BÚÐ AF SJÓNVÖRPUM OG HEIMABÍÓUM




HD TV 1080p

3D intense

200Hz CMI ClearMotionIndex

Smart TV

Share & See Home Network Devices

LEDedge

DVB-T DVB-C DVB-S DVB-S2 CI+

**Thomson 46FU7765**

**169.990**

**Ótrúlega vel búið 46“ SmartTV LED sjónvarp með ótal tengimöguleikum, háskerpu upplausn og þrívídd. Eitt með öllu.**

**Myndgæði**
Tækið er með háskerpu upplausn 1920x1080, 200Hz clear motion index, Mega Contrast og öflugum Pure Image Ultra Intelligent örgjörva sem gefur framúrskarandi myndgæði og liti.

**Þrívídd**
Tækið er með innbyggðri þrívídd og notar active tækni sem er öflugasta tæknin sem í boði er í dag. Tækið getur breytt venjulegri mynd í þrívídd (2D to 3D conversion). 2 Active þrívíddargleraugu fylgja.

**SmartTV og Margmiðlun**
Tækið er með hefðbundinn DVB-T móttakara og DVB-S móttakara fyrir þá sem nota gervihnattadisk. Ennfremur er tækið með innbyggðum margmiðlunarspilara, hægt að taka upp á flakkara af tækinu og innbyggður þráðlaus móttakari (dongle). Tækið er með Smart TV viðmóti og hægt að tengjast fjölda forrita, fara á netið og fleira.

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 4 HDMi, CI kortarauf, 2 USB, nettengi, VGA, Scart, Optical og heyrnartólstengi.

ULTRA Pure image · COLOR extender · MEGA contrast · DIGITAL pure sound · x4 HDMI · PVR READY · USB multimedia browser · 2 USB UNIVERSAL SERIAL BUS · eco mode

# Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE WAY WAY BACK | 6, 8, 10.10 | 12 |
| ONLY GOD FORGIVES | 10.10 | 16 |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50 3D | L |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50, 6 2D | L |
| GROWN UPS 2 | 6, 8 | L |
| BEFORE MIDNIGHT | 8 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 2D | L |
| THE HEAT | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HUMMINGBIRD VIP | KL. 10:30 | VIP |
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 | VIP |
| GAMBIT | KL. 6 - 8:30 | 7 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL 2D | KL. 3:40 - 8 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10:20 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL2D | KL. 4 TILBOÐ 400 KR. | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| RED 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SMURFS 2 ÍSLTAL3D | KL. 3 | L |
| SMURFS 2 ÍSLTAL2D | KL. 3:20 - 5:40 | 12 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL | KL. 2D: 3:20 - 5:40 3D: 3 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SMURFS 2 ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| SMURFS 2 ÍSLTAL2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| RED 2 | KL. 10:10 | 12 |
| GROWN UPS 2 | KL. 8 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40- 8 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| WOLVERINE 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 -10.20 | L |
| RIPD 3D | KL. 10.20 | 10 |
| THE HEAT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WAY WAY BACK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 5.40 – 8 | L |
| THIS IS THE END | KL. 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

STRUMPARNIR 3D KL. 6 L
ONLY GOD FORGIVES KL. 8 - 10 16 / WOLVERINE 3D KL. 10 14
GROWN UPS 2 KL. 6 - 8 L

Miðasala á: midi.is og eMiði

# Öryggi og hræðsla

BAKÞANKAR
Bergs Ebba Benediktssonar



Heimurinn er öruggari staður nú en fyrir tveimur áratugum. Þetta er stór fullyrðing. Mig langar næstum til að vera ósammála henni án þess að heyra rökin. Er þetta satt?

**FYRIR** nokkrum vikum birti breska tímaritið The Economist forsíðuúttekt um þá athyglisverðu staðreynd að glæpum hefur snarlega fækkað á Vesturlöndum síðustu tvo áratugi. Þetta á við um nánast allar tegundir glæpa, nema náttúrulega netglæpi sem voru varla til þá. Það sem mér fannst ánægjulegast við þessa úttekt er að þarna var fjallað um ákveðið fjölmiðlatabú. Fjölmiðlar fjalla oftar um heiminn eins og hann fari versnandi og að heimurinn sé ekki öruggur staður. En rökin benda fremur í aðra átt.

**ÞAÐ** geysa fá stríð í heiminum. Samkvæmt flokkun Sameinuðu þjóðanna eru níu stríð í gangi í heiminum í dag þar sem tala látinna er yfir þúsund manns árlega, og þar af aðeins eitt þar sem fleiri en tíu þúsund hafa látist það sem af er árinu. Það er mikill harmur að fólk þurfi að deyja vegna styrjalda en þetta telst lítið mannfall á sögulegum skala. Fjölmiðlar benda sjaldan á þetta. Kannski er það rétt mat enda er hvert mannslíf sem endar vegna stríðs harmleikur í sjálfu sér.

**ÞÁ** hefur slysum einnig fækkað undanfarna áratugi. Færri látast í bílslysum eða slysum vegna slæms aðbúnaðar, til dæmis við vinnu. Þessu veldur fræðsla, aukinn öryggisbúnaður og skýrari krafa um að einhver taki ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysum. Við erum einnig líklegri til að sigrast á sjúkdómum sem hefðu dregið fólk til dauða fyrir nokkrum áratugum.

**HEIMURINN** er öruggur staður fyrir homo sapiens, allavega sé miðað við önnur tímaskeið og alveg örugglega ef við miðum við aðrar plánetur. Þetta setur mig í sérstaka klemmu. Ég var alinn upp við að heimurinn væri alls ekki öruggur. Ég hafði hugsað mér að kenna börnunum mínum það einnig. En það er bara rugl. Heimurinn er öruggur. Samt hefur hræðslan líklega aldrei verið meiri, en kannski er hræðslan nauðsynleg til að halda heiminum öruggum. Það er stórt spursmál og efni í annan pistil.

# Í herratískunni

## Rihanna og Angel Haze klæðast flíkum frá Raf Simons.

Söngkonurnar Rihanna og Angel Haze eru miklir aðdáendur hönnuðarins Raf Simons. Stúlkurnar hafa báðar klæðst hönnun Simons og þá bæði úr kven- og herralínum hans.

Rihanna klæddist til að mynda bláum jakka úr herralínu Simons í nóvember og svo bol úr sömu línu nokkru síðar. Rapparinn Angel Haze klæddist hlýrabol úr vorlínu Simons fyrir árið 2014 er hún kom fram á Lollapaloozatónlistarhátíðinni í síðustu viku.

Athygli vakti þegar Kanye West kom fram á Coachella-hátíðinni árið 2011 í skyrtu úr kvenlínu Celine. Svo virðist sem línurnar milli kven- og herratísku verði sífellt óskýrari.



**Í TÍSKU** Rihanna og Angel Haze í fatnaði frá Raf Simons.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Aftur í form eftir sumarfríið!

Gefðu sjálfri þér góða kvöldstund með Þorbjörgu og hún kemur þér aftur í form.



Nú er gott að fara aftur í hollustuna, rútínuna og jafnvægið!

Losaðu þig við aukakíló(in) og komdu og efldu líkama og sál fyrir haustið.

Aðeins þetta eina kvöld.
Mánudagur 12. ágúst kl. 17:30 - 20:30.
Verð: 4800 kr.
Bókun á thorbjorg@thorbjorg.dk

Borgartún ✤ Fákafen ✤ Hæðasmári
www.lifandimarkadur.is
LIFANDI MARKAÐUR

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

NÝ BÚÐ NETTÓ GRANDA!

# ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!




Opnunarhátíð 2.ágúst 2013




Opnunarhátíð 2.ágúst



Opnunarhátíð 2.ágúst 2013

# OPNUNARTILBOÐIN HALDA ÁFRAM!

rið velkomin! Opið dag & nótt Ve

ótt Verið velkomin! Opið d

nettó

LÁGT VERÐ DAG & NÓTT

# Ég þurfti bara að standa mig í þessum leik

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið sýndi sitt rétta andlit í átta stiga sigri á Rúmenum, 72-64, í undankeppni EM 2015 í gær. Íslenska liðið á því enn möguleika á að komast upp úr riðlunum en tveir síðustu leikir íslenska liðsins fara fram í Laugardalshöllinni. Enginn lék betur í íslenska liðinu í gær en einmitt Haukur Helgi Pálsson sem skoraði 24 stig þar af 11 stig í fyrsta leikhlutanum sem íslenska liðið vann 25-10.

„Það er flott að koma svona til baka eftir 30 stiga tap í Búlgaríu,“ sagði Haukur Helgi og bætti við: „Ég held að byrjunin hafi lagt grunninn að sigrinum. Við komum brattir út, spiluðum vel saman og náðum auðveldum körfum.“ Íslenska liðið komst í 16-2.

Íslenska liðið komst mest 18 stig yfir en Rúmenarnir náðu að minnka muninn niður í þrjú stig. „Ég fékk aldrei þá tilfinningu að við værum að fara að tapa þessu,“ sagði Haukur sem hitti úr 9 af 16 skotum sínum.

„Þetta er besti leikurinn minn. Ég var svolítið „peppaður“ fyrir þennan leik því ég spilað svo lítið í síðasta leik vegna villuvandræða. Ég þurfti að gefa af mér núna og standa mig. Það voru líka miklu fleiri að hjálpa til heldur en í síðasta leik og það voru allir að finna alla. Við vorum að finna glufur í þeirra vörn sem við nýttum okkur,“ sagði Haukur.

Síðustu tveir leikir íslenska liðsins eru í Höllinni og liðið á enn möguleika á því að komast áfram. „Við þurfum bara að fá áhorfendurna í stúkuna til þess að hvetja okkur áfram og þá er allt hægt. Þetta var eins og við erum búnir að vera að spila í sumar. Við spiluðum ekki vel á móti Búlgaríu og það voru okkar mistök. Það gerist ekki aftur,“ sagði Haukum að lokum. - óój



**HAUKUR HELGI PÁLSSON** Skoraði 24 stig í sigrinum á Rúmenum í gær.
MYND/KKÍ/KRISTINN GEIR PÁLSSON




## EM Í KÖRFU 2015

### RÚMENÍA-ÍSLAND 64-72

**Stig Íslands:** Haukur Helgi Pálsson 24, Jakob Sigurðarson 15, Pavel Ermolinskij 12, Jón Arnór Stefánsson 10, Hlynur Bæringsson 7 (10 fráköst, 8 stoðsendingar), Ragnar Nathanaelsson 4.

### STAÐAN Í RIÐLINUM

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Búlgaría | 2 | 2 | 0 | 172-127 | 4 |
| Ísland | 2 | 1 | 1 | 131-152 | 3 |
| Rúmenía | 2 | 0 | 2 | 132-156 | 2 |

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 14 | 10 | 2 | 2 | 28-12 | 32 |
| KR | 13 | 10 | 1 | 2 | 31-15 | 31 |
| Stjarnan | 13 | 8 | 3 | 2 | 20-12 | 27 |
| Breiðablik | 12 | 8 | 2 | 2 | 22-12 | 26 |
| Valur | 13 | 6 | 5 | 2 | 29-17 | 23 |
| ÍBV | 13 | 5 | 3 | 5 | 17-15 | 18 |
| Fram | 14 | 4 | 3 | 7 | 17-24 | -15 |
| Fylkir | 14 | 3 | 4 | 7 | 18-22 | 13 |
| Þór | 14 | 4 | 1 | 9 | 19-32 | 13 |
| Víkingur Ó. | 14 | 2 | 4 | 8 | 11-23 | 10 |
| Keflavík | 13 | 3 | 1 | 9 | 14-28 | 10 |
| ÍA | 13 | 2 | 1 | 10 | 17-31 | 7 |

### MARKAHÆSTIR

| | |
|---|---|
| **Hólmbert Aron Friðjónsson, Fram** | 8 |
| **Viðar Örn Kjartansson, Fylki** | 7 |
| **Baldur Sigurðsson, KR** | 6 |
| **Chukwudi Chijindu, Þór** | 6 |
| **Gary John Martin, KR** | 6 |
| **Kristinn Freyr Sigurðsson, Val** | 5 |
| **Atli Viðar Björnsson, FH** | 5 |
| **Atli Guðnason, FH** | 5 |
| **Óskar Örn Hauksson, KR** | 5 |

### NÆSTU LEIKIR

**Sunnudagur 11. ágúst**: 17.00: Víkingur Ó. - Þór, KR - ÍBV, 19.15: FH - Breiðablik, Fylkir -Keflavík, Valur - Stjarnan, Fram - ÍA.

**Sunnudagur 18. ágúst**: 17.00: ÍBV - Víkingur Ó., 19.15: Keflavík - Valur.
**Mánudagur 19. ágúst**: 18.00: Þór - Fylkir, 19.15: ÍA - FH, Breiðablik - KR, Stjarnan - Fram.



**FANNDÍS FRIÐRIKSDÓTTIR** Er búin að skora fimm mörk á tímabilinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Fanndís hetjan

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðskonan Fanndís Friðriksdóttir var hetja Kolbotn í norsku úrvalsdeildinni í gær þegar hún skoraði eina markið í 1-0 sigri á Amazon Grimstad.

Fanndís skoraði sigurmarkið sitt eftir einstaklingsframtak á 62. mínútu leiksins. Þetta var fimmta mark Fanndísar á tímabilinu í tólf leikjum en hún stendur sig vel á sinni fyrstu leiktíð í atvinnumennskunni.

„Hún átti skilið að skora þetta mark því hún vann vel fyrir liðið og átti góðan dag. Hún var hungruð í mark í þessum leik og ég var ánægður með að sjá það,“ sagði David Brocken, þjálfari Kolbotn við Östlandets Blad. - óój

**0-4** Laugardalsvöll. 674 áhorfendur Vilhjálmur Alvar (5)

**Mörkin:** 0-1 Magnús Már Lúðvíksson, víti (21.), 0-2 Lucas Ohlander (29.), 0-3 Indriði Áki Þorláksson (75.), 0-4 Patrick Pedersen (90.+3).

**Fram (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 4 - Orri Gunnarsson 4 (77., Benedikt Októ Bjarnason -), Alan Lowing 5, Steffen Haugland 3, Jordan Halsman 4 - Samuel Hewson 6, Halldór Hermann Jónsson 4 (66., Viktor Bjarki Arnarsson 5), Almarr Ormarsson 4 - Kristinn Ingi Halldórsson 5 (25., Jon Andre Royrane 4), Haukur Baldvinsson 3, Hólmbert Aron Friðjónsson 4.

**Valur (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 7 - Jónas Tór Næs 7, Magnús Már Lúðvíksson 7, Matarr Jobe 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 6 (46., Andri Fannar Stefánsson 6), Daniel Craig Racchi 7, ***Lucas Ohlander 8** (83., Sigurður Egill Lárusson -) - Arnar Sveinn Geirsson 6, Kristinn Freyr Sigurðsson 7 (61., Patrick Pedersen 6), Indriði Áki Þorláksson 7.

**Skot (á mark):** 11-8 (5-5) **Horn:** 6-3

**Varin skot:** Ögmundur 1 - Fjalar 5

**1-3** Þórssvöllur 1127 áhorfendur Garðar Örn Hinriksson (5)

**Mörkin:** 0-1 Bjarni Guðjónsson, víti (45.), 1-1 Sveinn Elías Jónsson (59.), 1-2 Óskar Örn Hauksson (66.), 1-3 Óskar Örn Hauksson, víti (78.).

**Þór (4-5-1):** Joshua Wicks 5 - Andri Hjörvar Albertsson 5, Atli Jens Albertsson 6 (46., Janez Vrenko 5), Hlynur Atli Magnússon 5, Ingi Freyr Hilmarsson 5 (86., Jónas Björgvin Sigurbergsson -) - Ármann Pétur Ævarsson 7, Sveinn Elías Jónsson 7 , Orri Freyr Hjaltalín 6, Orri Sigurjónsson 6, Mark Tubæk 6 - Jóhann Þórhallsson 5 (60., Sigurður Marinó Kristjánsson 5).

**KR (4-5-1):** Hannes Þór Halldórsson 6 - Haukur Heiðar Hauksson 7, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 6, Jonas Grönner 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 7 - Bjarni Guðjónsson 6, Baldur Sigurðsson 7, ***Óskar Örn Hauksson 8**, Atli Sigurjónsson 6, Jónas Guðni Sævarsson 6 (40., Emil Atlason 7) - Gary Martin 7 (80., Þorsteinn Már Ragnarsson -).

**Skot (á mark):** 10-13 (6-6) **Horn:** 3-7

**Varin skot:** Wicks 3 - Hannes 4.



**ÓSKAR ÖRN HAUKSSON** Afgreiddi leikinn á Akureyri. MYNDIR/ANTON

**1-2** Samsung völlur 901 áhorfendi Örvar Sær Gíslason (7)

**Mörkin:** 0-1 Andrés Már Jóhannesson (8.), 1-1 Daníel Laxdal (45.), 1-2 Finnur Ólafsson, víti (68.).

**Stjarnan (4-4-2):** Arnar Darri Pétursson 5 - Jóhann Laxdal 5 - Martin Rauschenberg 5 - Daníel Laxdal 5 - Robert Sandnes 5 - Baldvin Sturluson 5 (77., Tryggvi Sveinn Bjarnason -) - Atli Jóhannsson 7 - Kennie Knak Chopart 5 (88., Darri Steinn Konráðsson -) - Halldór Orri Björnsson 6 - Veigar Páll Gunnarsson 4 (71., Ólafur Karl Finsen -) - Garðar Jóhannsson 5.

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Ásgeir Örn Arnþórsson 6 - Kristján Hauksson 6 - Agnar Bragi Magnússon 7 - Tómas Þorsteinsson 5 - ***Ásgeir Börkur Ásgeirsson 8** - Oddur Ingi Guðmundsson 6 - Finnur Ólafsson 7 (77., Kjartan Ágúst Breiðdal -) - Andrés Már Jóhannesson 7 (69., Emil Berger 6) - Davíð Einarsson 6 (90., Elís Rafn Björnsson -) - Viðar Örn Kjartansson 8.

**Skot (á mark):** 14-14 (5-7) **Horn:** 6-4

**Varin skot:** Arnar Darri 3 - Bjarni Þórður 4

**2-0** Nettóvöllurinn 900 áhorfendur Þorvaldur Árnason (7)

**Mörkin:** 1-0 Frans Elvarsson (60.), 2-0 Magnús Sverrir Þorsteinsson (84.)

**Keflavík (4-4-2):** Ómar Jóhannsson 6 - Endre Ove Brenne 5, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Magnús Þórir Matthíasson 5 - Grétar Atli Grétarsson 4 (46. Bojan Stefán Ljubicic 5), Einar Orri Einarsson 5 (56. Frans Elvarsson 7), ***Arnór Ingvi Traustason 8**, Magnús Sverrir Þorsteinsson 6- Jóhann Birnir Guðmundsson 5, Hörður Sveinsson 7 (91. Elías Már Ómarsson -)..

**Víkingur Ó. (4-3-3):** Einar Hjörleifsson 7 - Emir Dokara 5, Insa Bohigues Fransisco 5, Damir Muminovic 5, Samuel Jimenz Hernandez 5 - Eyþór Helgi Birgisson 6 (88. Fannar Hilmarsson -), Björn Pálsson 5, Abdel-Farid Zato-Arouna 6 - Eldar Masic 5 (69. Juan Manuel Torres Tena 5), Antonio Jose Espinosa Mossi 5, Guðmundur Magnússon 5(63. Guðmundur Steinn Magnússon 5).

**Skot (á mark):** 13-14 (6-5) **Horn:** 6-5

**Varin skot:** Ómar 4 - Einar 4

# FH-ingar misstu af mörg hundruð milljónum í Krikanum í gær





**ÆSINGUR** Liðsmenn Austria Vín eyddu meiri kröftum í almenn leiðindi og í það að tefja leikinn í Kaplakrika í gær. Hér til vinstri hefur Guðmann Þórisson lent upp á kant við leikmenn austurríska liðsins en fyrir ofan er Kristján Gauti Emilsson, sem lék vel með FH. MYNDIR/ARNÞÓR

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru úr leik í forkeppni Meistaradeildarinnar í fótbolta eftir markalaust jafntefli við austurríska liðið Austria Vín í Kaplakrika í gær. FH-ingum tókst ekki að ná inn markinu sem hefði tryggt þeim framlengingu en Austria-liðið er þar með komið áfram í umspil um sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. FH-ingar hefðu tryggt sér 540 milljónir íslenskra króna hefði þeim tekist að slá Austurríkismennina út og þeir fengu sko tækifærið til þess í þessum leik. **- óój**

**visir.is** Frekari umfjöllun um FH-leikinn.




# Mæta brosandi í musteri gleðinnar

Breiðablik tekur á móti Aktobe í Evrópudeildinni í kvöld. Leikurinn er sá tólfti á 38 dögum enda hafa Blikar verið í eldlínunni í öllum keppnum. Ólafur Kristjánsson, sem telur Kasakana mun sigurstranglegri, segir leikmenn sína misfljóta að jafna sig á milli leikja.

**FÓTBOLTI** „Sumir eru lengur að jafna sig eftir leiki en aðrir. Það snýr að lífeðlisfræðinni og fer eftir líkamsbyggingu, aldri og fleiru,“ segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. Hinir grænu og hvítu hafa verið undir miklu álagi undanfarnar fimm vikur. Liðið hefur spilað ellefu leiki á 35 dögum og aldrei fengið meiri hvíld en þrjá daga á milli leikja. Þar að auki fór liðið í langt ferðalag fram og til baka til Kasakstans í síðustu viku og þar áður til Andorra og Austurríkis.

„Stemningin í hópnum er fín og það er mikil tilhlökkun,“ segir Ólafur um stöðuna á strákunum. Blikar töpuðu í undanúrslitum bikarsins gegn Fram á sunnudaginn og endurnýja kynnin við Laugardalsvöllinn í dag.

„Auðvitað hefði verið betra að spila á Kópavogsvelli enda er það okkar heimavöllur,“ segir Ólafur. Ástæða þess að leikurinn fer fram í Laugardalnum er sú að forsvarsmenn Aktobe neituðu beiðni Blika um að spila í Kópavogi.

„Maður getur valið að velta sér upp úr vellinum en við höfum ekki einu sinni rætt þetta,“ segir Ólafur, greinilega harðákveðinn í að halda einbeitingu sinna manna.

„Við munum spila í musteri gleðinnar á morgun með bros á vör og reyna að ná góðum úrslitum. Það er ekki leiðinlegt að fara í háborg gleðinnar í íslenskri knattspyrnu, sjálfan Laugardalsvöllinn,“ segir Ólafur á léttu nótunum.

Blikar þurfa að vinna upp 1-0 forskot Aktobe frá því í fyrri leiknum. Ólafur segir alla pressuna á gestunum frá Kasakstan, sem séu með firnasterkt lið.

„Aktobe er miklu betra lið en Sturm Graz og með hrikalega flotta leikmenn. Þeir eru líkamlega sterkir, góðir á boltann og liðið í öðrum klassa en andstæðingar okkar í deildinni hérna heima,“ segir Ólafur með fullri virðingu fyrir íslensku liðunum. Hann minnir á stórsigur Aktobe á FH fyrir fjórum tímabilum og segir sjö til átta leikmenn úr því liði enn leikmenn Aktobe.

„Þeir eru fyrirfram mun líklegri til að fara áfram og pressan því öll á þeim.“

Leikur Breiðabliks og Aktobe á Laugardalsvelli hefst klukkan 20 og verður í beinni textalýsingu á Vísi.

kolbeinntumi@365.is, ooj@frettabladid.is



## ÁLAGIÐ Á BLIKUNUM UNDANFARNA DAGA

| SUN | MÁN | ÞRI | MIÐ | FIM | FÖS | LAU |
|---|---|---|---|---|---|---|
| JÚNÍ \| JÚLÍ 30 Fram deild 1-1 jafntefli | 1 | 2 | 3 | 4 Santa Coloma Ekep 4-0 sigur | 5 | 6 |
| JÚLÍ 7 Víkingur bikar 5-1 sigur | 8 Ferðalag til Andorra ➡ | 9 | 10 | 11 Santa Coloma Ekep 0-0 jafntefli | 12 Ferðalag til Íslands ➡ | 13 |
| 14 Keflavík deild 2-1 sigur | 15 | 16 | 17 | 18 Sturm Graz Ekep 0-0 jafntefli | 19 | 20 |
| 21 Þór deild 2-1 sigur | 22 Ferðalag til Austurríkis ➡ | 23 | 24 | 25 Santa Coloma Ekep 1-0 sigur | 26 Ferðalag til Íslands ➡ | 27 |
| JÚLÍ \| ÁGÚST 28 ÍBV deild 3-1 sigur | 29 Ferðalag til Kasakstan ➡ | 30 | 31 | 1 Aktobe Ekep 0-1 tap | 2 Ferðalag til Íslands ➡ | 3 |
| ÁGÚST 4 Fram bikar 1-2 tap | 5 | 6 | 7 | 8 Aktobe Ekep Í kvöld | | |

### ➜ Flestar mínútur spilaðar á þessum tíma

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson | 990 |
| Sverrir Ingi Ingason | 990 |
| Finnur Orri Margeirsson | 900 |
| Renee Troost | 855 |
| Kristinn Jónsson | 810 |
| Andri Rafn Yeoman | 802 |
| Þórður Steinar Hreiðarsson | 770 |
| Ellert Hreinsson | 690 |
| Nichlas Rohde | 664 |
| Elfar Árni Aðalsteinsson | 631 |
| Guðjón Pétur Lýðsson | 601 |
| Tómas Óli Garðarsson | 583 |
| Árni Vilhjálmsson | 541 |



**ENGIN HVÍLD** Gunnleifur Gunnleifsson og Sverrir Ingi Ingason hafa spilað mest.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# *EUROPA LEAGUE*

# LAUGARDALSVÖLLUR

## Í KVÖLD KL.20.00

**STYÐJUM VIÐ ÍSLENSKA KNATTSPYRNU**
**OG FRÁBÆRAN ÁRANGUR Í EVRÓPUKEPPNINNI**

# BREIÐABLIK

***GEGN***

# FC.AKTOBE



**Upphitun fyrir leik í Þróttaraheimilinu**
**Frá kl 17.00**
**Hoppukastali fyrir börnin**
***BORGARI + KÓK KR 700***
***BORGARI + KALDUR KR 1.000***
## ALLIR VELKOMNIR

**LÆKKAÐ MIÐAVERÐ!**
**FULLORÐNIR**
**kr 1.200**
**BÖRN UNDIR 16 ÁRA**
**kr 500**

vörður AÐALSAMSTARFSAÐILI BREIÐABLIKS

midi.is

## Stöð 2 kl 20.00

### Masterchef USA



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.

## Í KVÖLD



### The Office

**SKJÁR EINN KL 20.45** Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari sinn. Það eru mannabreytingar yfirvofandi á skrifstofunni, enda þola yfirmennirnir suma starfsmenn afar illa.

TV.COM 9,0 IMDb 8,7



### Moone Boy

**SJÓNVARPIÐ KL 20.45** Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaðs vinar síns, Seans, þegar á móti blæs. Þættirnir gerast í smábæ á Írlandi á níunda áratugnum. Meðal leikenda er Chris O'Dowd.

TV.COM 8,7 IMDb 7,8



### Grimm

**STÖÐ 2 KL 23.00** Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimmbræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning. Nick Burkhardt er rannsóknarlögreglumaður sem sér hluti sem aðrir sjá ekki og hefur það hlutverk að elta uppi uppi alls kyns kynjaverur sem lifa meðal mannfólksins.

TV.COM 8,5 IMDb 7,5

## Rás 2 kl 18.00

### Spegillinn

Spegillinn er kvöldfréttatími útvarpsins sem er á dagskrá alla virka daga klukkan 18 á báðum rásum. Í þættinum eru allar helstu fréttir dagsins, fréttaskýringar og viðtöl. Spegillinn leitast við að vera gagnrýninn fréttaskýringaþáttur sem finnur aðra fleti á málum. Ritstjóri Spegilsins er Arnar Páll Hauksson.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(19:22)*
**08.30 Ellen** *(17:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(38:175)*
**10.20 Human Target** *(8:13)*
**11.05 Masterchef** *(10:13)*
**11.50 Man vs. Wild** *(15:15)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Agent Cody Banks**
**14.50 The Glee Project** *(2:11)*
**15.35 Lína langsokkur**
**16.00 Ofurmennið**
**16.25 Ellen** *(18:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(11:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(7:24)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 Masterchef USA** *(5:20)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.45 Revolution** *(20:20)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og fólkið þarf að læra að komast af án þess.
**21.30 Person of Interest** *(2:22)*
**22.15 Breaking Bad** *(8:8)* Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
**23.00 Grimm** *(18:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.45 Harry's Law** *(11:22)*
**00.30 Rizzoli & Isles** *(9:15)*
**01.15 The Killing** *(9:12)*
**02.00 Crossing Lines** *(4:10)*
**02.45 The Transporter**
**04.15 Agent Cody Banks**
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(17:24)*
**19.20 Two and a Half Men** *(10:24)*
**19.40 The Simpsons** *(1:21)*
**20.05 Pretty Little Liars** *(17:25)*
**20.45 Pretty Little Liars** *(18:25)*
**21.30 Glory Daze** *(2:10)* Gamanþættir sem gerast árið 1986 og fjalla um hóp háskólanema sem eru nýgengnir í bræðrareglu.
**22.15 The Carrie Diaries**
**22.55 The Carrie Diaries** Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.
**23.35 Friends** *(17:24)*
**23.55 Two and a Half Men** *(10:24)*
**00.15 The Simpsons** *(1:21)*
**00.40 Glory Daze** *(2:10)*
**01.25 The Carrie Diaries**
**02.10 The Carrie Diaries**
**02.50 Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Flugsafnið á Akureyri

## SPORT *besta sætið*

**06.30 Slaktaumatölt** *(T2)* **forkeppni**
**09.45 Slaktaumatölt** *(T2)* **forkeppni**
**12.00 Kynbótahross - yfirlitssýning hryssur**
**14.00 Fjórgangur** *(V1)* **A-Úrslit ungmenna**
**15.00 Samantekt**
**15.30 Gæðingaskeið** *(PP1)*
**17.30 Gæðaskeið** *(PP!)* **Verðlaunaafhending**
**18.30 Sumarmótin 2013**
**19.10 FH - Austria Vienna**
**21.00 Samantekt**
**21.30 Pepsi mörkin 2013**
**22.45 Valur - Breiðablik**
**00.25 Samantekt**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Club Friendly Football Matches**
**17.00 Manstu**
**17.55 Club Friendly Football Matches**
**19.35 2002/2003**
**20.30 Premier League World**
**21.00 Southampton - Aston Villa**
**22.55 Club Friendly Football Matches**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Kai Lan **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Ofuröndin **11.35** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Kai Lan **12.35** Svampur Sveinsson **13.00** Dóra könnuður **13.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Strumparnir **14.10** Waybuloo **14.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Lalli Vinirnir **15.50** Lalli Vinirnir **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Litlu Tommi og Jenni **16.25** Kai Lan **16.45** Svampur Sveinsson **17.10** Dóra könnuður **17.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.00** Strumparnir **18.25** Waybuloo **18.45** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.10** Áfram Diego, áfram! **19.35** Histeria!

## GULL

**20.00 Strákarnir**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður** *(2:8)*
**21.25 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar**
**23.20 Fóstbræður** *(2:8)*
**23.50 Curb Your Enthusiasm** *(6:10)*
**00.50 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.30 Spy Next Door**
**13.05 Real Steel**
**15.10 Gray Matters**
**16.45 Spy Next Door**
**18.20 Real Steel**
**20.25 Gray Matters**
**22.00 Stand By Me**
**23.30 Stig Larsson-þríleikurinn**
**02.00 Another Earth**
**03.35 Stand By Me**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Úmísúmí**
**17.45 Dýraspítalinn** *(1:9)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Marteinn** *(5:8) (Af mönnum og kílóum)* Íslensk gamanþáttaröð um Martein sem er ósköp venjulegur meðaljón og er nýbyrjaður að búa með kærustunni.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Elliárin** *(1:2) (When I Get Older)* Bresk heimildamynd í tveimur hlutum. Fjórir þekktir Bretar, John Simpson, Gloria Hunniford, Lesley Joseph og Tony Robinson, flytja inn til ellilífeyrisþega til að kynna sér þau kjör sem eldri borgarar í landinu búa við.
**20.45 Vinur í raun** *(3:6) (Moone Boy)* Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaða vinarins síns, Seans, þegar á móti blæs.
**21.10 Sönnunargögn** *(4:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 HM íslenska hestsins**
**22.30 Glæpahneigð** *(19:24)*
**23.15 Paradís** *(5:8) (The Paradise)*
**00.10 Kynlífsráðuneytið** *(2:15)(Sex ministeriet)*
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(23:25)*
**08.00 Cheers** *(9:25)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Once Upon A Time** *(7:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Psych** *(13:16)*
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(24:25)*
**19.55 Cheers** *(10:25)*
**20.20 Men at Work** *(4:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg.
**20.45 The Office** *(18:24)* Skrifstofustjórinn Michael Scott er hættur störfum hjá Dunder Mifflin en sá sem við tekur er enn undarlegri en fyrirrennari hans.
**21.10 Royal Pains** *(14:16)* Bandarísk þáttaröð sem fjallar um Hank sem er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**22.00 Flashpoint** *(8:18)*
**22.50 Dexter** *(4:12)*
**23.40 Common Law** *(13:13)*
**00:30 Excused**
**00.55 The Firm** *(22:22)*
**01.45 Royal Pains** *(14:16)*
**02.30 Flashpoint**
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** World Golf Championship 2013 **11.50** Inside the PGA Tour **12.15** Golfing World **13.05** World Golf Championship 2013 **17.00** PGA Championship 2013 **23.00** The Open Championship Official Film 2002 **00.00** PGA Championship 2013

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

**FRÁBÆR VERÐ**
**Á FLOTTUM MERKJUM**

# ÚTSALA

## 30-50% aukaafsláttur af öllum vörum

speedo PUMA

**Puma götuskór -dömu**
**40% auka-afsláttur**



### Puma herrabolir
(Margar gerðir)
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.
Útsöluverð:
**2.095 kr.**

### Puma hlaupajakkar
(Dömustærðir: XS-L)
**(TAKMARKAÐ MAGN)**
Verð: 17.990 kr.
Outlet-verð: 4.990 kr.
Útsöluverð:
**3.495 kr.**

### Speedo sundbuxur
(Herrastærðir: S-XL)
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Útsöluverð:
**2.795 kr.**

**Allir Puma fótboltaskór**
**50% aukaafsláttur**



### Puma vindjakkar
(Krakkastærðir: 128-164)
Verð: 11.490 kr.
Outlet-verð: 6.990 kr.
Útsöluverð:
**4.895 kr.**

### Speedo sundbolir
(Stelpustærðir: 116-176)
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.
Útsöluverð:
**2.795 kr.**

### Puma hlaupaskór
(Krakkastærðir: 28-35)
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: 5.990 kr.
Útsöluverð:
**4.195 kr.**

### Puma fótboltar
Verð: 3.990 kr.
Outlet-verð: 1.990 kr.
Útsöluverð:
**1.395 kr.**

### Puma Osuran hlaupaskór
(Dömu- og herrastærðir)
Verð: 15.990 kr.
Outlet-verð: 9.990 kr.
Útsöluverð:
**6.995 kr.**



**Öll Speedo bikiní**
**40% auka-afsláttur**

# Aðeins í nokkra daga

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






## BÓKIN



**„Ég er að lesa Emma meiðir sig fyrir Grím, tveggja og hálfs árs son minn. Svo var ég að ljúka við Undantekninguna eftir Auði Övu Ólafsdóttir.“**

Kolfinna Mjöll Ásgeirsdóttir, ljósmyndari og bloggari.

# Heiðurstónleikar Hljóma í Hörpunni

Hinn 5. október fara fram tónleikar til heiðurs hinni ástælu hljómsveit Hljómum í Eldborgarsal Hörpu. Þann dag verður liðin hálf öld frá því að Hljómar spiluðu á sínu fyrsta balli í Krossinum í Keflavík.

„Þetta verður mjög gaman. Hljómarnir eru spenntir,“ segir tónlistarmaðurinn Gunnar Þórðarson en hinn 5. október verða stórtónleikar í Eldborgarsal Hörpu í tilefni þess að hálf öld er liðin frá því að hin ástæla hljómsveit Hljómar kom fram á sínu fyrsta balli í Krossinum í Keflavík. Á tónleikunum verða bestu lög Hljóma flutt en fram koma meðal annarra Stefán Hilmarsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson, Valdimar Guðmundsson og Ágústa Eva Erlendsdóttir. Gunnar útilokar þó ekki að gömlu hljómsveitarmeðlimirnir skelli sér upp á svið og rifji upp gamla takta. „Það verður allt að koma í ljós en við tökum kannski eins og eitt lag.“

Sveitin var stofnuð í Keflavík árið 1963 og varð fljótt gríðarlega vinsæl. „Við vorum bara vitlausir strákar í Keflavík sem fengu að taka upp plötu. Hefði það ekki gengið upp værum við bara gleymdir og grafnir í dag,“ segir Gunnar og kveðst spenntur fyrir tónleikunum en á þó erfitt með að trúa því að hálf öld sé liðin frá fyrsta ballinu. „Fimmtíu ár? Þetta er alveg rosalegt.“ Miða má nálgast á Miði.is. -ka



**HLJÓMUR** Gunnar Þórðarson er spenntur.



**FIMMTÍU ÁR FRÁ FYRSTU TÓNLEIKUNUM** Hinn 5. október árið 1963 spiluðu Hljómar á sínu fyrsta balli í Krossinum í Keflavík. Nú, fimmtíu árum síðar, fara fram heiðurstónleikar hljómsveitarinnar í Hörpu.






**SAMRÝMDAR FRÆNKURNAR** Elma Dögg og Inga Dóra reka netverslun ásamt frænku sinni.

# Frænkur sameinast og opna vefverslun

Þrjár frænkur opnuðu vefverslunina Dusted sem selur hönnun í bland við notuð föt. Flíkurnar eru ætlaðar báðum kynjum og hafa fallið í kramið hjá strákum.

Systurnar Elma Dögg og Ástrós Steingrímsdætur og frænka þeirra, Inga Dóra Guðmundsdóttir, ákváðu að opna netverslun þar sem Ástrós, sem hannar skartgripi, vantaði fastan stað til þess að selja hönnun sína.

„Ástrós, sem var þá í Menntaskólanum við Hamrahlíð, var að hanna skartgripi sem hún seldi á mörkuðum hér og þar. Það gekk svo vel hjá henni að við ákváðum að það væri kannski sniðugt að opna netverslun,“ segir Inga Dóra, einn þriggja eigenda netverslunarinnar Dusted.is „Við vorum búnar að velta þessu fyrir okkur í smá tíma en þegar ég fór svo í fæðingarorlof fóru hlutirnir að rúlla. Þá hafði ég mikinn frítíma og tók að mér að setja upp netverslunina.“

Elma Dögg bjó á sínum tíma í Barcelona og var komin með góð sambönd við flotta hönnuði. Frænkurnar ákváðu því að sameina krafta sína og Dusted.is varð að veruleika.

„Okkur finnst svo mikið til af ungum og efnilegum hönnuðum og það var því kjörið tækifæri að bjóða öðrum að kaupa það sem við elskum,“ segir Inga Dóra. Stöllurnar selja hönnunarflíkur frá íslenskum og erlendum hönnuðum í bland við notuð föt. Fötin eru mörg hver „unisex“, eða ætluð báðum kynjum, og hafa strákar verið spenntir fyrir vörunum. Aðspurð segir Inga Dóra að fötin sé mörg hver dálítið öðruvísi, sem er spennandi viðbót í fataflóruna á Íslandi.

> **Okkur hefur verið tekið mjög vel og það er gaman að sjá hvað Íslendingar eru að verða opnir fyrir verslun á netinu.**

„Við erum alltaf á höttunum eftir ungum og upprennandi hönnuðum til þess að selja vörur hjá okkur en þær verða að sjálfsögðu að passa við ímynd Dusted.is,“ segir Inga Dóra að lokum. asa@365.is




# Sigur Rós á lista hjá Rolling Stone

Á listanum eru nöfn margra heimsþekktra, goðsagnakenndra tónlistarmanna.

Hljómsveitin Sigur Rós vermir fertugasta og sjöunda sæti á lista yfir bestu flytjendur á sviði að mati Rolling Stone Magazine. Á listanum er að finna fjölda heimsþekktra og goðsagnakenndra tónlistarmanna á borð við Patti Smith, Nick Cave and the Bad Seeds, Pearl Jam, Red Hot Chili Peppers og þar fram eftir götunum.

Orri Dýrason, trommari Sigur Rósar, hafði ekki heyrt af sæti hljómsveitarinnar á listanum þegar blaðamaður falaðist eftir viðbrögðum.

„Þetta er ábyggilega bara frábært,“ segir Orri, léttur í bragði. David Byrne, best þekktur sem forsprakki hljómsveitarinnar Talking Heads, og St. Vincent, öðru nafni Annie Clark, voru í þrítugasta og fyrsta sæti listans en þau koma til með að spila í Háskólabíói þann átjánda ágúst næstkomandi. Plata þeirra, Love this Giant, var af mörgum talin plata ársins 2012. - ósk



**GLÆSILEGIR Á SVIÐI** Sigur Rós á tónleikum á Berlin Festival í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEPHAN FLAD

# HIN EINA SANNA
# SKÓSPRENGJA
# Í FULLUM GANGI
# 50-90% afsláttur




**Toppskórinn Outlet**

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

**Toppskórinn Markaður**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýr viðburðarstjóri á Vestfjörðum

**Ágúst Bent,** tónlistarmaður og leikstjóri, spilaði á Þjóðhátíð í Eyjum með hljómsveit sinni XXX Rottweiler hundum síðastliðinn föstudag. Eftir það lagði hann leið sína á Ísafjörð þar sem hann tók þátt í Mýrarboltanum svokallaða.

Ágúst Bent lét ekki þar við sitja en hann hefur ákveðið að dvelja á Ísafirði í viku í viðbót við skrif á nýrri þáttaröð hans sem ber heitið Hreinn Skjöldur.

Bent, eins og hann er oftast kallaður, gerði sér lítið fyrir og skipulagði karókíkvöld í Húsinu á Ísafirði í kvöld, en Bent er að eigin sögn, karíókíkóngurinn. **- ósk**



### Ást við skriftir

Meira af Rottweilerhundinum Bent, en með honum á Ísafirði er hin stórglæsilega Steingerður Sonja Þórisdóttir ritlistarnemi.

Ástin sveif yfir vötnum hjá skötuhjúunum um helgina þegar þau dvöldu ásamt Unnsteini Manuel úr Retro Stefson, Maríu Rut Kristinsdóttur, formanni Stúdentaráðs og fleiri góðum vinum í húsi Eiríks Norðdal á Flateyri.

Sitja þau saman við skriftir á Ísafirði. **-aó**



## Mest lesið vísir

**1** Kunni varla á hamar en smíðaði sér samt hús
**2** „Svona síða á ekki að vera til“
**3** Í beinni: FH - Austria Vín | Milljónir undir í Kaplakrika
**4** Fórnarlamba flugslyssins minnst
**5** Bátur Lotnu sokkinn á Flateyri
**6** Dæmdir fyrir hrottleg morð á sígaunum
**7** Ég ráðlegg krökkum að standa með sjálfum sér og segja nei hátt og skýrt





